



Íslenskar blaðaúrklippur, vegna fráfalls
Bjarna, Sigríðar og Benedikts,
10. júlí 1970, 2. hluti

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmondarson – Fjölskyldan – Íslenskar
blaðaúrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-14


©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Morgunblaðið

157. tbl. 57. árg.

FIMMTUDAGUR 16. JÚLÍ 1970

Prentsmiðja Morgunblaðsins



Útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar gerð í dag

ÚTFÖR forsætisráðherrahjónanna, frú Sigríðar Björnsdóttur og dr. Bjarna Benediktssonar og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmundarsonar, verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag og hefst athöfnin kl. 14.00. Biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, flytur kveðjuorð, en minningarræðuna heldur séra Jón Auðuns, dómprófastur.

Fjöldi erlendra sendimanna verður við útförina. Auk þeirra, sem áður hefur verið getið, hefur nú verið tilkynnt hverjir verða sérstakir fulltrúar Bandaríkjustjórnar við útförina. Eru það Winton M. Blount, póstmálaráðherra, Gale W. McGee, öldungadeildarmaður, Gordon Allott, öldungadeildarmaður og Luther I. Replogle, ambassador. Voru þeir hinir fyrst nefndu í einni af einkapötum Bandaríkjaforseta í nótt.

Auk opinberra sendimanna eru komnir til landsins til þess að vera við útförina, Sir Andrew Gilchrist, fyrrum sendiherra Breta á Íslandi, James K. Penfield, fyrrum sendiherra Bandaríkjanna hér og Ralph Weymouth, admírall, fyrrum yfirmáður varnarliðsins og fleiri er-



lendir vinir forsætisráðherrahjónanna.

Við athöfnina í Dómkirkjunni mun Ragnar Björnsson, dómorgani, annast orgelleik. Pétur Þorvaldsson leikur á cello og karlakórinn Fóstbræður syngur. Lúðrasveit Reykjavíkur mun leika sorgarlög á Austurvelli stundarfjórðung áður en kirkjuathöfnin hefst og þjóðsönginn er

kisturnar hafa verið bornar úr kirkju.

Ráðherrar, forseti Sameinaðs Alþingis og borgarstjórnin í Reykjavík bera kistu forsætisráðherra úr kirkju og vinir kistur frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar.

Líkfyldgin mun fara suður Templarasund, austur Vonarstræti, suður Fríkirkjuveg, Sóleyjargötu, Hringbraut og Reykja nesbraut í Fossvogskirkjugarð. Lögreglumenn munu standa heiðursvörð við vegg Alþingishússins gegnt aðaldyrum Dómkirkjunnar. Ungir menn hyggjast standa heiðursvörð beggja vegna Fríkirkjuveggar frá gamla Miðbæarskólanum.

Kirkjubekkir uppi verða opnir almennings kl. 13.40, en niðri

verða frátekin sæti fyrir nánustu ættingja og venzlamenn hinna látnu, ríkisstjórn og alþingismenn, svo og sérstaka fulltrúa erlendra ríkja.

Athöfninni í Dómkirkjunni verður útvarpað. Gjallarhornum verður komið fyrir við Alþingishúsið við Austurvöll og í anddyri Alþingishússins, en þar verður komið fyrir sætum fyrir almennings eftir því sem rými leyfir.

70.000 fórust í Perú

Lima, Perú, 15. júlí, AP.

Neyðarhjálparnefnd Perú, — sem komið var á fót eftir jarðskjálftana miklu — tilkynnti í dag, að opinber tala látinna og týndra í jarðskjálftunum 31. maí sl. væri nú orðin 70.000. Allar fyrri tölur hafa sagt fjölda látinna um 50.000, en í þeim var tala týndra ekki talin með.

Talsmaður nefndarinnar skýrði svo frá, að þessi hækkaða tala ætli aðallega rót sína að rekja til týndra manna, sem saknæð væri í fjalladalnum Huaylas, sem varð hvað harðast úti í jarðskjálftunum.

Bretland:

Hafnarverkfall

London, 15. júlí, AP, NTB.

SKOLLID er á allsherjarverkfall brezkra hafnarverkamanna og nær það til 47 þúsund verkamanna, sem starfa við allar hafnir landsins. Nýju tilboði atvinnu rekenda var formlega hafnað í dag, en áður höfðu verkamenn frestað verkfallinu til að kanna það boð. Á fundi forystumanna hafnarverkamanna í dag greiddu 48 fulltrúar atkvæði gegn tilboðinu, en 32 vildu ganga að því. Er greint hafði verið frá ákvörðun forystumanna var samstundis lögð niður vinna við allar hafnir. Fulltrúar verkamanna segjast búast við löngu og ströngu verkfalli.

Ríkisstjórn Edwards Heaths kom saman til skyndifundar er

Framhald á bls. 11

Kosygin endurkjörinn

MOSKVU 15. júlí — NTB.

Alexei Kosygin var einróma kjörinn forsætisráðherra Sovétríkjanna til næstu fjögurra ára á fundi æðsta ráðsins í dag. Níkolai Podgorny var og endurkjörinn forseti og Brezhnev aðalritvari kommúnistaflokkans var kjörinn í forsætisráðið. Mjög þrálátur orðrómur hafði verið á tveikví undanfarið þess efnis, að Kosygin myndi ekki gefa kost á sér til endurkjörs, m. a. af heilsufarsástæðum.

NTB fréttastofan segir að viðstaddir fulltrúar hafi risið úr sætum og klappað hinna nýkjörnu forystu lengi og duglega lof í löfa.

Verzlunarstríð milli EBE og USA? Kvótatakmarkanir undirbúnar á innflutningi frá EBE

Brüssel, 15. júlí, NTB.

HÆTTAN á því, að hreint verzlunarstríð skelli á milli Efnahagsbandalags Evrópu og Bandaríkjanna, er nú meiri en áður. Var þetta haft eftir áreiðanlegum heimildum í Brüssel í dag og er þar skírskotað til þeirra undirbúningsáðgerða, sem fram hafa farið í fulltrúadeild bandaríska þingsins í því skyni, að lagt verði fram lagafrumvarp um kvótatakmarkanir varðandi innflutning frá EBE. Ef úr þessu verður af Bandaríkjanna hálfu, má búast við samsvarandi ráðstöfunum af hálfu EBE. Háttsettir embættismenn innan Framkvæmdaráðs EBE hafa nýlega átt viðræður við stjórnarvöld í Washington og eftir þar hafa verið látnar í ljós vonir um, að komast megi hjá alvarlegum ágreiningi.

Hvor aðillinn um sig ásakar hinn um að koma í veg fyrir frjálsa verzlun með ýmsum hindrunum. Bandaríkin eru mjög óánægð með landbúnaðarfyrirkomulagið innan EBE, sem vegna landbúnaðaruppbóta hefur í reynd haft í för með sér mikla samkeppni gagnvart útflutningi á landbúnaðarvörum frá Bandaríkjunum.

Efnahagsbandalagið hefur áður hótad því að leggja toll á innflutning á sojabönum frá Bandaríkjunum, en útflutningur þeirra þaðan nemur árlega um 500 millj. dollara. Framkvæmd þessa hefur verið frestað, en til laga þessa efnis verður sennilega tekið að nýju til meðferðar, ef fulltrúadeild bandaríska þingsins samþykkir kvótatakmarkanir á innflutningi frá EBE.

Morgunblaðið

ALLAR deildir Morgunblaðsins verða lokaðar frá klukkan 13 til 16 í dag.

Skaðbrenndist

— er mettað gasloft sprakk á heimili hans

KAUPMADUR í Hafnarfirði, **Elias Arnason** til heimilis að **Alfheimum 23**, skaðbrenndist í fyrri-nótt, er sprenging varð á heimili hans, þar sem hann var að at-huga gassuðutæki, sem hann ætl-aði að nota í útilegu. Sprengingin var svo mikil að hurð og dyra-umbúnaður herbergisins færðist um 5 sm út og gluggi 125x140 sm þeyttist um 18 metra frá húsinu út undir næsta hús fyrir sunnan. Maðurinn hlaut þriðja stigs bruna á fótum og fingrum, en annars staðar annars stigs bruna. Hann var í gær í algjörrri ein-angrun í Borgarsjúkrahúsinu.

Slökkviliðið fékk tilkynningu um slysið kl. 03.27 og var þá til-kynnt um slysið að Goðheimum 23 í stað Alfheima. Þetta kom þó ekki að sök. Elias hafði fyrir um kvöldið verið að mála húsið utan með öðrum eigendum og voru þeir að því fram undir miðnætti. Síðan fór hann að kanna gas-suðutæki sín, þar eð hann ætlaði á föstudag í útilegu. Taldi kona hans að hann hefði ætlað að flyta fyrir undirbúningi útilegu-unnar. Elias var á nærkleððum er slysið varð — ermalausum bol og stuttum nærbuxum.


Gassuðutækin, sem voru af Primus-gerð virtust nýleg. Litill gaskútur var tengdur eldunar-stæði fyrir tvo potta, þá var einn-ig annar kútur og loks hinn þriðji, fjögurra lítra, sem leikið hafði úr og loftið því metlast af própangasi. Ekki er ljóst, hvær-ig sprengingin hefur orðið. Um það er Elias einn til frásagnar, en svo þungt haldinn var hann í gær að eigi var unnt að tala af honum skýrslu. Hins vegar reyk-ir hann og á borði var vindlinga-palcki og kveikjari. Við spreng-inguna kvíðnaði í sofa, sem var í herberginu, svo og skrifborði.

Fimmtudagsmót

5. FIMMTUDAGSMÓT íþrótta-félaganna í Reykjavík fer fram á Melavellinum í dag og hefst kl. 18.30. Keppt verður í tveimur greinum: Spjótkaсти og kringlu-kaсти.

en íbúar hússins, sem á vettvang kemu höfðu slökkt eldinn er slökkviliðið bar að.

Samkvæmt upplýsingum nann-sóknarlögreglunnar höfðu sér-fræðingar ekki rannsakað kút-inn, sem leikinn var úr, en við frumathugun virtist hann í lagi — en fyrir hann hafði ekki verið skrúfað fyllilega. Elias Arnason var fluttur í slysaeyld Borgar-sþitalans skaðbrenndur, svo sem áður er getið.



Goðafoss — hið nýja vöruflutningaskip.

Goðafoss kominn til landsins

„**GOÐAFOSS**“ — hið nýja vöru-flutningaskip Eimskipafélags Ís-lands, — kom til Reykjavíkur í gærmorgun. Skipið er smíðað hjá **Ålborg Værft A/S**, og hleyp þar af stökkunum 27. febrúar sl. Var það afhent Eimskipafélaginu hinn 3. júlí sl. í **Ålborg**.

Yfirbygging skipins er öll aft-ast á því, en að framan við hana eru tvær vörulestir. Eru þær báðar einangraðar til flutninga á frystum vörum og er saman-lagt rúmmál þeirra um 150 þús-und teningsfet. Lestinnar eru stórar og rúmgóðar, og er notað-ur loftblástur við kælingu þeirra, og þannig má hafa mismunandi milkinna kulda í hvornni lest, og á hvonu millipiltar innan lest-anna. Allur búnaður til ferðing-

ar, og affermingar á vörum er mjög fullkominn.

Lengd skipins er 95,50 metrar og breidd þess 14,30 metrar. Að-alvél skipins er smíðuð hjá **Burmeister & Wain**, og er 5 strokka tvigengis dísilhreyfill, — 2860 hestöfl.

Athyglisverðasta nýjungin er, að aðalvél skipins er stjórnað úr brúnni og er þar stórt stjórn-borð útbúið fullkomnum tækjum til að stjórna vélinni. Goðafoss er fyrsta íslenska skipið, sem er flokkað **UMS** — unattended machine space — þ. e. hefur skírteini til að mega sígla um lengni eða skemmri tíma án þess að valkt sé í vélarrúmi. Þessu fylgir, að sjálfvirkni er í öllu, sem að stjórn vélarinnar lýtur,

Fleiri samúðarkveðjur

TIL viðbótar þeim samúðar-kveðjum sem þegar hefur verið skýrt frá, til forseta Íslands, rík-issjórnarinnar og barna Sigríðar Björnsdóttur og Bjarna Bened-iktssonar, hafa borizt kveðjur frá eftirgreindum aðilum:

Fra forsetisráðherrum:
Kóreu, Tékkóslóvakíu, Túnísiu og Mambotabafyllis í Kanada.
Frá formanni ráðherranefndar EFTA, viðskiptamálaráðherra

Portúgals.
Frá Efnahags- og markaðs-málaráðherra Danmerkur.
Frá forseta Alþjóðabankans.
Frá erkbiskupinum í Kattara-borg.
Frá ambassadurum Egypta-lands.
Frá ræðismönnum Íslands í Dublin og Madrid.
Reykjavík, 15. júlí 1970.

Samúðar-kveðja

RITSTJÓRUM Morgunblaðsins hefur borizt bréf frá F. Neschütz, aðalræðismanni Íslands í Tel Aviv og fer það hér á eftir í þýðingu:

„Vegna hryggilegs fráfalls Bjarna Benediktssonar, forsetis-ráðherra, eiginkonu hans og dótt unsonar, leyfi ég mér að láta í ljós djúpa sorg.“

Við syngjum ótírnábert and-láts þessa merkna manns og stór-brotina stjórnmálaskörungs, sem hafði náin tengsl við blað yðar áratugum saman.

Í minningangreinum ísraelslora blaða er rífuð upp ógleymanleg heimsókn forsetisráðherra til Ísraels árið 1964, og lýðhugur hans í garð Ísrael. Eg mun jafn-an varðveita minningu hans.“

Prófessors-embætti í isl. bókmenntum

Í LÖGBIRTINGABLAÐI nr. 15. er auglýst laust til umsóknar prófessorsembætti í íslenskum bókmenntum í heimsspekideild Háskóla Íslands. Umsóknarfrest-ur er til 30. júlí 1970.

Kosningar í Seyðisfirði:

Óbreytt kjörskrá — óbreyttir listar

EINS og Morgunblaðið skýrði frá í gær, hefur félagsmálaráðu-neytið úrskurðað bæjarstjórnar-kosningarnar í Seyðisfirði, 31. maí sl., ógildar og fallið kjör-stjórn að annast framkvæmd nýrra kosninga eigi síðar en inn-an mánaðar. Í úrskurðinum er þess og getið, að kjörskrá skuli vera óbreytt svo og frambods-listar. Á fyrsta fundi sínum, 15. júní sl., kaus bæjarstjórn Seyð-istjarðar nýja kjörstjórn og sam-kvæmt upplýsingum Halgrims Dalberg í félagsmálaráðuneytinu mun sú kjörstjórn annast fram-kvæmd kosninganna, nema ágreiningur verði þar um. Í gær hafði úrskurður félagsmálaráðu-neytisins í heild sinni ekki bor-izt til Seyðisjarðar, þannig að engir fundir höfðu verið haldnir þar eystra.

Á fyrsta fundi bæjarstjórnar Seyðisjarðar, 15. júní sl., þar sem fulltrúar B-listans lögðu fram kosningakærana, lögðu full-trúar H-listans og A-listans, sem hafa 5 af 9 bæjarstjórnarfulltrú-um, fram yfirlýsingu, þar sem sagði, að fulltrúar óháðra kjós-enda og Alþýðuflokksins í bæj-arstjórn ætluðu að vinna sam-eiginlega að framsangi mála í bæjarstjórn þetta kjörtímabil og

myndu því standa saman að kosningum í nefndir. Málefna-samningur yrði svo gerður, þegar fjárhagur bæjarins hefði verið kannaður.

Á fundi bæjarstjórnar 13. júlí tilkynntu svo fulltrúar H-listans og A-listans að af samstarfi þeirra yrði ekki og hófst þá við-ræður milli fulltrúa H-listans og D-listans um myndun meirihluta að kosningu bæjarstjóra og í bæjarstjórn.

Var samþykkt á fundinum með 5 samhljóða atkvæðum, að fresta kjöri bæjarstjóra, þar til starf-hæfur meirihluti hefði verið myndaður.

Við ógildingu kosninganna hafa allar víðræður milli flokka fallið niður.

Veðrið í dag

Í DAG eru horfur á suðlægri átt um allt land, kalda summan lands og vestan og víða súld og rign-ingu. Fyrir norðan og austan er gert ráð fyrir að verði úrkomu-lítið og hlýtt.

Uppdrættir af Bernhöftstorfunni og öðrum gömlum húsum á sýningu

Í GÆR var opnuð í salarkynnum Arkitektafélags Íslands á Lauga-vegi 28 sýning á teikningum og uppráttum af gömlum húsum á Íslandi, sem danskir nemar í húsagerðarlist hafa unnið hér á landi síðustu þrjár vikurnar.

Komu hingað 17 nemar frá Akademíunni í Kaupmannahöfn undir stjórn kennara síns, **Henriks Glahn**, og hafa þeir ferðast um landið, jafnframt því sem þeir hafa gert athuganir sínar. Skiptust þeir í þrjá hópa, sem allir unnu að sérverkefnum. Einn hópurinn tók fyrir gamlan norðlenzkan sveitabæ, Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu, annar hópurinn gerði athuganir á gömlu verzlunarhúsumum í Neðstakaupstað á Ísafirði, en þriðji hópurinn tók fyrir Bern-höftstorfuna svonefndu, hin um-deildu hús í Lækjargötunni á milli Bankastrætis og Amm-mannsstígs. Hafa hóparnir mælt húsin nákvæmlega upp og gert vandaðar teikningar og upp-drætti af þeim.

Henrik Glahn, kennari dönsku nemanna, sagði, að þessi könnun-arkerfð til Íslands væri liður í náminu í húsagerðarlist, og væri nemum gert að skyldu að gera einhvern tíma á námsferlinum athuganir á gömlum byggingar-stíl. Hafa nemar við Akademíuna

ferðast um alla Evrópu og víðar við þessar athuganir, en mest hafa þeir þó unnið í Danmörku og á hinum Norðurlöndum, að Íslandi undanskildu. Þetta er fyrsti hópurinn, sem komið hef-ur til Íslands frá Akademíunni í þessum erindagerðum, og er það fyrst og fremst að þakka framtaki Íslendinga, Stefáns Ann-ar Stefánssonar, sem stundar nám við Akademíuna. Henrik Glahn sagði, að síðar í sumar myndu nemarnir koma saman aftur og vinna úr þessum athug-urum sínum á ítarlegri hátt, m. a. með því að fæna teikningar og uppdrætti yfir á gagnsejan pappír, sem hægt væri að gera afrit af. Yrði Þjóðmínjasafni Ís-lands gefinn kostur á að fá afrit af uppdráttunum.

Í fyrrakvöld hélt Arkitekta-félag Íslands fund með dönsku nemunum, og var fundarefnið „Friðun húsa og mannvirkja“. Var málið reft frá möngum sjón-arhornum og kom það skýrt fram, að eitt það mikilvægasta í friðun húsa væri að finna þeim nýtt hlutverk í skipulaginu, reyna að nota þau áfram, en ekki að láta þau standa ónotuð, eins og allt of oft er gert. Komu meðal annars fram tillögur um það, að Arki-tektafélagið gengist fyrir hug-myndasamkeppni meðal félags-

manna um nýtt hlutverk þessara gömlu húsa á Bernhöftstorfunni og sem beita varðveizlu þeirra.

Sýningin á verkum dönsku nemanna verður opin frá klukk-um eitt til sex daglega á virkum dögum, nema á laugardag, þá er opið frá klukkum níu til tólf, og stendur hún fram á miðvikudag í næstu viku.



Nokkrir af dönsku nemunum, sem gerðu uppdrættina. Kennarinn, Henrik Glahn, lengst til vinstri.

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra, frú Sigríður Björnsdóttir og Benedikt Vilmundarson - Kveðjur og minningar

Liðin er nú nær vika, síðan helfregnin mikla barst frá þingvöllum. Tíminn hefur seiglast áfram eins og martröð, vöðalegur draumur, en þó verri en verstí draumur, því að frá hinum nákalda veruleika varð ekki vaknað.

Fallinn er mikill foringi íslensku þjóðarinnar, einstæður maður. Bjarna saga Benediktssonar er grópuð í vitund landsmanna og langt út fyrir þeirra raðir, í vitund fremstu manna annarra þjóða. Saga þessa öðlings verður ekki rakín hér, — en hún verður síðar skráð, — saga eins okkar mesta manns.

Þótt Bjarni Benediktsson bæði nú aldurtíla aðeins líðlega sextugur, þá kennir áhrifa hans hvarvetna í þjóðlífinu og víða utan þess. Hann haslaði sér í öndverðu völli á sviði fræðimennsku og menntunar, en 24 ára varð hann prófessor í lögum og ritaði h.m. merkustu vísindarit og greinar. Hann verður bæjarfulltrúi í Reykjavík og bæjarráðsmaður 25 ára og borgarstjóri 32 ára. Alþingismaður verður hann 34 ára gamall og ráðherra 38 ára, og hefur hann gegnt ýmsum ráðherraembættum um tveggja ára tuga skeið. Hann er kosinn í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 28 ára gamall, og árið 1961 er hann kosinn formaður flokksins, en hafði þá um áráðil verið varaformaður, formaður þingflokksins og gegnt hinum margháttuðustu forustuhlutverkum á stjórnmalasviðinu við hlið vinar síns og samherja, Ólafs Thors. Við endurreisn lýðveldis á Íslandi var hann bjargflástur í boðskap og framsækinn með forsjá. Í umbrotum nýrra tíma eftir heimsstyrjöldina síðari var hann jafnan á stjórnspalli, og hann lét stefna að sterkara þjóðfélagi með viðtækari hagnýtingu auðæfa landsins, stórvirkjun fallvatna og stóriðju. Hann var okkar sterkasti brautryðjandi á alþjóðasviði, við stofnun Atlants hafsbandalagsins og þátttöku Íslands í því varnar- og frelsissamstarfi vestrænna þjóða. Hann var í fremstu röð við mót um samstarfs okkar í Sameinuðu þjóðunum, Evrópuráði og hliðstæðu samstarfi, og hann var í fremstu víglínu í baráttu okkar á erlendum vettvangi fyrir stækkun landhelginnar og verndun landgrunnins. Í norrænni samvinnu og á vegum Norðurlandaráðs var hann einna fremstur Íslendinga til raunhæfra áhrifa. Í þjóðlífinu eru óbrotjarnir minnisvarðar Bjarna Benediktssonar.

Bjarni Benediktsson var mikill foringi og leiðtogi. Margir líta á forustuhlutverkið sem vegsemd. Stundum fylgja menn gleyma, að vandi fylgir vegsemd hverri. Bjarni leit sitt forustuhlutverk mjög alvarlegum augum. Hann vissi, að á honum hvíldi þung byrði skyldunnar við þjóðina og þann stjórnmalaflokk, sem hafði ætíð treyst honum og fylgt af einurð. Hann vék sér aldrei undan að axla þá byrði, sem á hann hlaut að leggjast.

Enginn var elskari að landi sínu Íslandi, náttúrufergur þess og sögu, en Bjarni. Hann naut þess að ferðast um landið, og fái muna á því sviði hafa gert eins víðreist. Slíkar ferðir voru ekki ætíð auðveld-

ar, þegar önnur skyldustörf voru næstum á hverju leiti. Bjarni fór ríðandi og gangandi, ef því var að skipta, og gönguferðir um íslenska náttúru voru yndi hans. Örlaganóttina miklu var hann að hvílast á helgasta sögustaðnum fyrir ákveðin ferðalög og stjórnmalastörf á Vesturlandi.

Þungt hefur þetta ár reynzt í skauti. Í vetur varð Bjarni Benediktsson alvarlega veikur. En hann var mikið hörkutól og barmaði sér ekki. Stóð þá sem

Við Bjarni ræddumst mikið við um fortíð og framtíð, utan- og innanríkismál, kosningar að baki og kosningar framundan.

Ég spurði hvort hann væri nokkuð að þreytast á stjórnmalalærum. Ekki aldeilis! „Þetta hefir maður nú orðið að búa við síðustu þrjátíu árin.“ Bjarni var ódeigur og aðraðist aldrei. Húsmóðirin, unglæg og viðmótsþýð, breiddi sinn blæ yfir heimilið og hópinn. Allt virtist leika í lyndi. Mér verða þessir síðustu samfundir minnistæðir.

unni óveðursnóttina miklu var geigvænlegur. Þó mun hann í vissum skilningi um langan öldur lýsa yfir minningu þessara ágætishjóna, Bjarna forsætisráðherra og frú Sigríðar. Íslensk þjóð verður stundum einhuga, t. d. á Alþingis- og Lýðveldisháttum í fögnuði sínum, og nú í söknuði og sorg yfir örlögum forsætisráðherrahjóna sinna. Ráðherrabústaður verður vísast endurreistur á þingvöllum, en vart á sama grunni. Þar mætti

áreiðanlega ekki alltaf verið henni auðvelt. Hún var þrekkona, og af henni stafaði sláum lífsþrótti að það er erfitt og sárt að horfast í augu við þá staðreynd, að nú sé æviferli hennar lokið. Í blíðu og stríðu stóð hún við hlið eiginmanns síns, og saman fóru þau hinzu ferðina.

Við fráfall þeirra hjóna verður mér hugsað til þeirra kvenna sem ríkastan þátt hafa átt í því að móta þau á uppvasstarárum, hinna mæðu mæðra þeirra beggja, sem voru þó ólíkar á ýmsan hátt. Bjarni Benediktsson líktist um margt móður sinni, frú Guðrúnu Pétursdóttur, þeirri þrekmiðlu drengskaparkonu, sem mér auðnaðist að binda vinstáttu við og ég mat umfram flestar konur aðrar, er ég hefi kynnt. Frú Anna Pálsdóttir, móðir Sigríðar, var hlédræg kona, sem samfara mannlíkostum hafði til að bera þann kynbotta virðuleik, sem sumum konum er gefinn. Slíkna mæðra er gott að minnast. Þau urðu örlög Sigríðar Björnsdóttur og Bjarna Benediktssonar að ljúka ævi sinni á þingvellum ásamt dóttursyni sínum barnungum. Á hinum fonna þingstað réðust öldum saman örlög þjóðar okkar til góðs og illis, og nú hefur enn þar gerzt sú válegi atburður, að alþjóð er harmi lostin.

Nú að leiðarlökum eru Bjarna Benediktssyni þökkuð hans miklu störf í þágu lands og þjóðar, og þeim hjónum báðum samfylgd, sem auðgæði líf svo mangra. Til ástvina þeirra og Benedikts litla leit- ar nú huguninn með innilegru samúð.

Auður Auðuns.



Lítið hús varð í heitu hyrbaði að einyrju. Atvik sem yfir tekur ægigos Heklu um daginn. Öld hefir afráð goldið öllum meira landsþjóllum. Hvað mun þyngra en hljóður harmur í þjóðarbarmi?

Árni Óla.




Örlögin spinna þræði sína í lífi einstaklinga og þjóðar á þann veg, sem við mannaða börn fáum ekki skilið.

Á snöggu augabragði eru kölluð burt úr þessum heimi, hinn ráðholli og trausti leiðtogi þjóðar sinnar, vitur maður og drenglundadur, kona hans, gáfuð og glæsileg, sem ávallt stóð við hlið manns síns í blíðu og stríðu, og sveininn ungi, yndi og eftirlæti fjölskyldu sinnar allrar.

Öllum Íslendingum var kunn hin mikla þekking Bjarna Benediktssonar á sögu og bókmenntum um Íslendinga og sú djúpa virðing sem hann bar í brjósti fyrir menningararfi þjóðarinnar og varðveizlu hans. En eins og hver veit, sem gerst þekktir sögu og þjóðmenningu Íslendinga var honum ljóst, að „sá einn veit er víða ratar.“

Hann gerði sér ljósa grein fyrir þeim erlendu áhrifum, sem sækja að þjóðinni úr öllum áttum, og vissi, að þau gætu orð-



Fjölskyldan heima í Háuhlið. Sigríður með Benedikt dótturson sinn, Bjarni með Bjarna nafna sinn og dótturson. Standandi, börn þeirra hjóna: Björn, Valgerður, Anna og Guðrún.

endranær við hlið hans hin ágæta eiginkona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, en þau deildu skapi, ást og vináttu í blíðu og stríðu. Nú var aftur komið sumar, og hið óviðjafnanlega starfsþrek forsætisráðherrans, stjórnmalalæringjans og heimilisföður's naut sín að fullu. Á heimilinu voru góð börn til þess að gleðja hann, og hana gat leikið e'ns og barn með tveimur litlum dóttursonum. Annan þessara „sólargeisla“ tóku þau Sigríður með í síðustu ferðina.

Betri og traustari v'n hefi ég ekki átt og verður ekki á kosið, en leiðir okkar hafa legið saman bæði í e'nkaliði og op inberu, og þar hefur aldrei skuggi á fallið. Ég bið börnum og aðstandendum Guðs blessunar. Íslensku þjóðinni bið ég trausta og halds mildrar forsjár duldra afla. Ég bið Sjálfstæðisfólkið í landinu að sýna ró og festu í anda síns mikla foringja, — Bjarna Benediktssonar.

Jóhann Hafstein.



Fyrir réttum þrem vikum var ég staddur á heimili forsætisráðherrahjónanna, Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar Björnsdóttur í fámennu vinnabóði. Þar var mér gott að vera

Það þyrmdi yfir þjóðina alla morgunina eftir óveðursnóttina miklu, 10. júlí við hin hörmulegu tíðindi: Ráðherrabústaður inn á þingvöllum brunna til kaldra kola, forsætisráðherrahjónin látin og dóttursonur, næst yngsti kvistur ættarinnar. Saga þingvalla jókst um einstakan sorgaraburð, sem saminaði hug allra landsmanna. Forsætisráðherra var í fullu fjötri, og líklegur til aukinna afreka sakir gáfna og mikillar, fjölbreyttar lífsreynsla. Hér var Íslands ógæfa að verki, og skorið á þá líftaug, er sízt skyldi.

Hér þarf ekki að rekja æviferil Bjarna Benediktssonar. Við sjáum á bak 28 ára þingmennsku, þar af 20 ára ráðherradómi, og öllum þeim þroska og lærdómi, sem slíkt veitir gáfuðum dugnaðarmanni. Við áttum margt saman að selda, og fannst mér því meir til hans koma sem ég þekkti hann lengur og betur. Það væri margt að minnast, sem þó verður ekki rakið að sinni. Þó læt ég ekki undir höfuð leggjast, að þakka þá hlýju og góðvild, sem ég naut af hans hálfu, þegar ég þurfti þess helzt með. Bjarni heitin dró sig ekki í hlé í stjórnmalalæringu, en illmælti og ókvæðisörð fundust ekki í hans munni, og þá sízt á bak.

Bjarninn af þingvallabrenn-

reisa bautastein til minningar um mikilhæf hjón og einstæð örlög.

Ásg. Ásgeirsson.



BJARNI Benediktsson verður vissulega ógleymanlegur hverjum þeim, er honum kynntist. Frábærar gáfur og forystuhæfileika hlaut hann í vöggugjöf. Þegar nú er kvaddur leiðtogi inn og stjórnmalalæringurinn trega ég þó öðnu firemur manna inn Bjarna Benediktsson saldir mannkosta hans, drengskapar og hreinslyndis. Allt frá því hann ungur að árum hóf kennslu við lagadeild Háskólans á stúdentsárum mínum til síðustu samvenustunda miðlaði hann manni stöðugt af ríkum sjóði mannvits og þekkingar þeim verðmætum, sem ekki fyrmast og aldrei verða fullþökkuð. Með slíkum manni er lán að mega stanna. Engum, sem til þekkir, gat dulizt hvern stuðning Bjarni Benediktsson hafði af sinni traustu og góðu konu, frú Sigríði Björnsdóttur, þrátt fyrir erilsöm húsmóðurstörf á stóru og gestrisnu heimili, sem hún rækti af skörungs- skap og mákilli þrýði, gaf hún sér ávallt tíma til að koma fram við hlið eiginmanns síns við þau mörgu tækifæri sem stáða hans krafði. Það hefur

þó henni hættuleg, ef hún gætti sín ekki. „En ef þjóðin kann að meta sjálfa sig og heldur tryggð við allt hið bezta úr sinni fornu menningu, jafnframt því, sem kynni af umheiminum veita okkur viðsýni og margháttaðan lærdóm, þá kann svo að reynast, að við séum nú stödd við upphaf nýs blómaskeiðs íslenskrar menningar“ sagði Bjarni Benediktsson í ræðu 1954.

Vel má vera að þá þegar hafi hann haft í huga nauðsyn þess að koma á fót bókaútgáfu, sem unnið gæti að þessu mikilsverða verkefni. Vist er það, að fyrir foröngu hans og atbeina var Almenna bókafélagið stofn að ári síðar. Hann varð fyrsti formaður þess og veitti því frá upphafi til hinna daga þá forystu, sem því hefur bezt dugað.

Þrátt fyrir hin umfangsmiklu og erfiðu störf, sem á herðum hans hvíldu, átti hann ætíð tíma til þess að ræða mál efni Almenna bókafélagsins. Þegar ég hringdi á skrifstofu hans og bað um viðtal einhvern næstu daga til að ræða við hann um starfsemi AB, furðaði mig oft á, að nær undantekningarlaust var svarið: „Get urðu komið í dag?“

Þannig var Bjarni Benediktsson. Hann virtist ætíð hafa nægan tíma. Og því var ekki frestað til morguns, sem unnt var að afgreða í dag. Honum voru ekki að skapi langir formálar eða málalengingar um þau erindi, sem viðtals var ósk að um, og lítill þökk var honum á, að borin væru undir hann málefni, sem engin vanda mál voru. Hins vegar kunni hann öðrum betur að hlusta á það, sem máli skipti.

Úrslitavald.ð í málefnum AB er eins og gerist í félögum í höndum formanns félagsins og stjórnar, en Bjarni Benediktsson var ekki ihlutunarsamur um, hvaða bækur félagið gaf út. Hann vildi umfram allt, að bókmenntaráð þess og framkvæmdastjóri bæru ábyrgð á bókavalinu.

Auðvitað hafði hann sínar ákveðnu skoðanir á hinum ýmsu bókum félagsins. Og þær fékk ég hiklaust að heyra, ekki sízt ef honum féllu þær vel í

geð. Um hinar hafði hann fá orð. Enda hafði hann um margt sömu skoðun á bókum og hann hafði á mönnum, þá, að það sem réði úrslitum um líf og orðstír bókar eða manns væri umfram allt að duga. Bók þurfti að bera í sér þann lífsneista og kraft, sem dugði henni til að standast öldurót samtíðar og framtíðar.

Maðurinn varð að duga í sínu starfi, stóru eða smáu, og sá einn mundi duga, sem þorði og vildi vinna verk sitt af drengskap og heilindum.

Almenna bókafélagið á nú á bak að sjá formann sinn, þeim manni sem flutti félagsmönnum AB í upphafi þessi ávarpsorð:

„Kenning Ara fróða, sú, að skylt sé að hafa það, er sannara reynist, hefur frá öndverðu mótað bókmenntir Íslandinga, en þær hafa ætíð verið uppistaðan í menningu þjóðarinnar. Einkunnarorðin: „Sannleikurinn mun gera yður frjálsa,“ sem greytt voru í hornstein Alþingishússins, eru og náskyld kenningu Ara.

Enginn maður þekkir nú fremur en þá nema örlítið brot af sannleikanum. Þess vegna riður á engu meira en að allir hafi frelsi til að leita sannleikans. Frelsið er vissulega það frjómagnt, sem þjóðlífið má sízt án vera.“

Um leið og við syrgjum látinn formann félags okkar, konu hans og dótturson, minnumst við með virðingu og þökk starfa hans og konu hans í þágu félagsins, en umfram allt orða hans og hugsjóna.

Von okkar er sú, að forsjónin veiti okkur vit og dug til þess að halda á loft því merki, sem hann reisti.

Við vottum dýpstu samúð börnum þeirra hjóna og allri fjölskyldu þeirra, svo og þeim öllum öðrum, sem syrgja dóttursoninn unga.

Við biðjum þann, sem öllu ræður, að veita þeim þrek og styrk í sorg þeirra.

Baldvin Tryggvason.



Andlát dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, eigin-



Fjölskylda Guðrúnar og Benedikts, 1928. Fremri röð frá vinstri: Sveinn, Ólöf, Benedikt, Guðrún Benediktsdóttir, Guðrún Pétursdóttir og Pétur. — Aftari röð: Raguhildur, Bjarni og Kristjana.

komu hans, frá Sigríðar Björns dóttur, og kornungs dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmundarsonar, er staðreynd, sem ekki verður breytt, hversu heitt og innilega, sem við óskum þess. Íslenska þjóðin syrgir við líkburur þeirra í dag, um leið og hún kveður þau hinna kveðju.

Hinn látni forsætisráðherra var miklum gáfum og mannkost um gæddur, og alinn upp í andrúmslofti, er snemma vakti áhuga hans á stjórnmálum. Sá áhugi beindist fyrst í stað inn á brautir fræðimennsku og rannsóknar, er reyndust hið ágætasta veganesti síðar á stjórnmálaferli hans.

Menntun hans, forystuhæfileikar, elja og óserþlegni gerðu það að verkum, að hann varð ungur að árum einn af helstu foringjum Sjálfstæðisflokksins, og átti drjúgan þátt í því að efla hann svo mjög, að hann hefir um langt árabil verið stærsti stjórnmálaflokkur

landsins. Ótal trúnaðarstörf, þar á meðal þingmennska um 28 ára skeið, og ráðherradómur í nær 20 ár, tala sínu máli um það mikla traust, sem dr. Bjarni Benediktsson naut.

Þegar Ólafur Thors sagði af sér árið 1963, töldu margir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins, að ekki væri á neis annars manns færi að viðhalda þeirri samheldni í flokknum, sem honum hafði tekizt að skapa. Einnig vonuðu ýmsir andstæðingar ríkisstjórnarinnar þá, að þess yrði ekki langt að biða, að samstarf Sjálfstæðisflokksins og Alþýðu flokksins rofnaði. Þetta fór hvort tveggja á annan veg, eins og alþjóð veit. Dr. Bjarni Benediktsson stýrði flokki sínum af myndugleik og festu og eflði hann og styrkti. Undir forsæti hans héldu flokkarnir tveir ótrauðir áfram stjórnarsamvinnu, þrátt fyrir mikla efnahagsörðugleika á tímabili og

harðar og tíðar árásir stjórnar andstæðinga.

Að þessu leyti vann hinn látni flokksforingi og forsætisráðherra hið mesta þrekvirki við erfiðar aðstæður. Það tókst honum af því, að hann var, auk annarra mannkosta, gæddur góðvild og sáttfýsi í óvenjulega ríku mæli, og á löngum og viðburðaríku stjórnsmálaferli í lýðræðisríki hafði hann tamið sér þá reglu, að setja sig í spor andstæðingsins, og sættast við hann að lokum, þótt deilur risu oft hátt.

Ég efast ekki um, að hann hafi öðru fremur óskað þess, að flokkur hans fengi hreinan meirihluta. En meðan svo var ekki, einbeitti forsætisráðherra kröftum sínum og hæfileikum til þess, að láta það sannast í verki, að stjórnarsamvinna ólíkra flokka getur gengið ágætlega á grundvelli þeirrar stjórn skipunar, sem við búum við, ef að henni er staðið af fullum heilindum af beggja hálfu. Að þessu leyti var ekki um neina hálfvelgu að ræða hjá dr. Bjarna Benediktssyni fremur en endranær. Árangurinn talar sínu máli.

Þeir eiginleikar dr. Bjarna Benediktssonar, er að framan getur, komu oft fram í umræðum á Alþingi, hvort sem um var að ræða smá mál eða stór. Hann var ræðuskörungur með afbrigðum, mælskur og minnisgóður, rökvis og rammislenzkur í tali. Á hann var jafnan hlýtt með athygli, þegar hann kvaddi sér hljóðs. Hann átti oftast auðvelt með að kveða andstæðinga sína í kúttinn, en bauð þeim samt sættir í lok um ræðna, þótt skaphiti hefði áður hlaupið í þær. Alþingi, sögu þess og starfsvenjur þekkti hann betur en nokkur annar, og átti það sinn þátt í því, að oftast tókst greiðlega að ljúka störfum þingsins í stjórnartíð hans, þrátt fyrir harða stjórnar andstöðu.

Einhver allra vandasömustu mál sérhverrar ríkisstjórnar hér á landi eru viðtækar vinnudeilur og langvarandi verkföll. Þegar slík vandamál bar að höndum í forsætisráðherratíð dr. Bjarna Benediktssonar sýndi hann meiri þolinmæði, nærfærni og sanningslipurð en nokkur annar, og unni sér ekki hvíldar fyrr en tekizt hafði að finna lausn á vandanum, er báðir deiluaðilar gætu sætt sig við.

Nú er dr. Bjarni Benediktsson látinn. Hið ástkæra land hans og þjóð eru að mörgu leyti vel á vegi stödd við frá-



Fjölskylda Önnu og Björns í Ananaustum. Myndin er tekin 1940. — Fremri röð frá vinstri: Sigríður, Anton, Anna Pálsdóttir, Hildur Valdimar, Björn Jónsson og Sigurbjörg. — Aftari röð: Guðjón, Björgvin, Ásta, Auðbjörg, Jón, Páll og Haraldur.

fall hans, ef þeir sem eftir koma bera gæfu til þess að feta í fótspor hans á vegi góðvildar, sáttfýsi og samheldni allra Íslendinga, hvar í flokki sem þeir standa.

Eigi þurfti mikil kynni af hin um látna forsætisráðherra til þess að komast að raun um, hversu annat hann lét sér um fjölskyldu sína og heimili. Eigin kona hans, frú Sigríður Björnsdóttir, var tíguleg og gáf uð kona, og manni sínum hin styrkasta stoð í vandasömu starfi. Dóttursonur þeirra, Benedikt Vilmondarson, var efnilegt barn og elskulegt. Ástvinum þeirra allra votta ég innilegustu samúð.

Birgir Finnsson.



Það er ekki ætlan mín í þessum fáu og fátæklegu kveðjuorðum að rekja sögu þjóðmálaskörungins, flokksleiðtogans eða vísindamannsins Bjarna Benediktssonar, heldur vakir aðeins fyrir mér að fella fáein persónuleg orð að mikilli sögu um manninn sjálfan, vin minn, og kynni mín og konu minnar af þeim elskulegu hjónum, Sigríði Björnsdóttur og Bjarna Benediktssyni.

Náin og viðkvæm bönd traustrar vináttu tengjast oft á ungun aldri, á bernsku- og æskuárum. Þannig var því ekki farið um vináttu okkar, þótt nú hafi varað röskra þrjá tugi ára.

Ég var við nám í Bretlandi skömmu áður en heimsstyrjöldin síðari skall á. Bjarni átti erindi þangað og gerði sér ómak að leita mig ókunnugan námsmann uppi. Með okkur tókst þá þegar vináttu, sem jafnan hélst. — Síðar áttum við sameið í stjórnmálalabaráttu, — hann sem leiðtogi, ég sem fylgismaður. — Þó skal því ekki neitað, að stundum bar okkur í milli um skoðanir, — bæði á málefnum og mönnum, en það skyggði aldrei á vináttuna. Þegar við báðir eignuðumst góð heimili, urðu samfundir tíðari og margar glaðar stundir þeim samfara þótt alvarlegri bollaleggingar um landsins gagn og nauðsynjar væru Bjarna jafnan ofarlega í huga.

Eins og gengur og gerist liggja lífsleiðir manna til mismunandi átta, hugðarefnin verða ekki öll hin sömu, viðfangsefni og starfssvið margvísleg. Gönguslóðir okkar voru tíðum fjarlægjar, en þó vissi hann gjörla, að ég fylgdi honum fast eftir, ef á reyndi.

Það er ekki mitt að leggja dóm á stórmenni, — til þess tel ég mig ekki umkominn, — en hverjum er þó heimilt að

skygnast um af sínum sjónarhóli. — Bjarna Benediktsson hygg ég einn vammlausastan mann þeirra, sem ég hef kynnt. Aldrei vissi ég hann skara eld að eigin köku fjárhagslega, en hins vegar var hann öðrum mönnum hjálpsári, ef í þröng voru. Kynni ég þar margar sögur að segja. Það var því engin tilviljun, að það var hans verk að tengja Sjálfstæðisflokkinn betur íslenskri verkalyðsstétt.

Margur hélt Bjarna Benediktsson hörkutól, harðan í horn að taka. — Að nokkru leyti var það rétt: hann var harður við sjálfan sig og harður baráttumaður, því að hann trúði og treysti á málstað sinn, en sem maður var hann að eðlis fari mildur og góðgjarn.

Miklir hæfileikar, skarpar gáfur og góð menntun áttu sinn þátt í gæfu og gengi Bjarna Benediktssonar, en þó hygg ég að gott kvonfang og farsælt heimili hafi orðið honum drýgstur aflagjafi til mikilla afreka.

Sigríður Björnsdóttir var sér stæð kona. Ég hygg, að fáum konum sé gefin sú skapgerð og það lundarfar, að standa árum saman við hlið eiginmanns síns í ábyrgðarmestu stöðu landsins, stjórna stóru og gestkvæmu heimili og mæta margháttuðu mótlæti, en vera þó alltaf boðberi gleðinnar og hrókur alls fagnaðar. — Þannig var Sigríði farið.

Nú eru þau ágætu hjón horfin með sviplegum hætti og litlir drengur, dóttursonurinn, Benedikt Vilmondarson, efnisbarn, sem ég leit fyrst sem fallegan hvítvoðung í vöggu á heimili Sigríðar og Bjarna. Hann var augasteinn ömmu sinnar og afa þann skemma tíma, sem þau fengu að njóta hans. Hann var aðeins röskra fjögurra ára, er hann lézt.

Hér hefur borið að höndum eitt hörmulegasta slys margra alda í landi okkar. Það minnir á mestu sorgaraburði í sögu þjóðarinnar: Atburðinn að Bergþórshvoli á sínum tíma og þegar Eggert Ólafsson fremstur frelsisbaráttumaður sinnar tíðar á Íslandi, lauk öldum síðar lífi sínu í brúðarörmum á Breiðafirði.

Mikill leiðtogi er fallinn, mæt eigin kona hans og fallegur dóttursonur horfin af sjónarsviðinu. — Það er skarð fyrir skildi. — Tíðindin hafa vakið þjóðarsorg. Þó eiga ættingjarnir, fyrst og fremst börnin, um sárast að binda. Við hjónin sendum þeim og öðrum ættingjum innilegar samúðarkveðjur. — Hjá Völu, vinkonu minni, dvelst hugurinn öðrum fremur. — Minning foreldra varðveitist bezt með því að sýna, að þið



Bjarni Benediktsson um það leyti, sem hann varð borgarstjóri 1940.

eruð af traustu bergi brotin. Ef góðar hugsanir mega sin einhvers, þá veit ég að öll þjóðin sendir ykkur þær. Þær styrki ykkur í mikilli raun.

Birgir Kjaran.



Eftir að hin skelfilega frétt frá Þingvöllum dundi yfir þjóðina á föstudagsmorgni 10. þ.m. var sem öll hugsun lamaðist í fyrstu, svo harmþrungin var fréttin. En þegar frá leið komu í hug minn ýmsar ljúfar minningar um forsætisráðherrafrúna Sigríði Björnsdóttur, — minningar sem ná yfir áratugi.

Sigríður var af traustu kjarnafólki komin, sem orðlagt var fyrir dugnað, heiðarleik og vinnusemi. Ég minnst hennar sem unglings, er ég leitaði til við sumarkomu, þegar ég þurfti á hjálp að halda til þess að leiða litla drenginn minn úti. Hún liðsinni mér, og varð drengnum mínum sem bezta móðir, þótt ung væri að árum, traust og hjartahlý. Og þannig reyndist hún jafnan á lífsleið

sinni, og mun litli dóttursonurinn sem með henni dó, eigi sízt hafa notið ástúðar hennar og umhyggju.

Síðan skildust leiðir. En svo fór fyrir um það bil 15 árum, að vegir okkar lágu saman að nýju. Þá var um að ræða „tómstundagaman“, einu sinni í viku hverri á vetrum. En skemmtunin var í því fölginn að gripa í spil og voru 8 konur í hópnum. Þessum indælu stundum lauk fyrir nokkru síðan, skömmu eftir að ein úr hópnum lézt.

Á þessum árum kynntist ég Sigríði sem þroskaðri konu. Hún var hvers manns hugljúfi, glæsileg kona, háttprúð og orðvör. Margt var hjalað í hópnum, en aldrei heyrði ég Sigríði hallmæla neinum, — færði hún frekar til betri vegar ef því var að skipta.

Sigríður stóð við hlið mannsins, dr. Bjarna Benediktssonar, traust og virðuleg. Hún var glæsilegur fulltrúi kvenna í hinum ædstu virðingarstöðum þjóðarinnar, alúðleg í framkomu og smekkvís. Bar heimili hennar þess skýran vott, en þar nutu jafnt innlendir sem erlendir gestir hinnar sönnu gestrisni.

Nú að leiðarlokom vil ég fyrir mína hönd og kvennanna sem eftir lifa af hópnum, er áttu svo margar glaðar stundir með frú Sigríði Björnsdóttur, senda öllum aðstandendum hennar okkar dýpstu samúðarkveðjur og biðjum við hinum látnu blessunar á nýrri vegferð.

Bjarnveig Bjarnadóttir.



Þegar atburðir gerast sem hið hörmulega slys á Þingvöllum aðfaranótt 10. þ.m., verða menn agndofa, og sú löngun ríkast að neita að trú. Mér er enn þannig farið.

Ég kynntist Bjarna Benediktssyni fyrst að marki fyrir tæpum 30 árum. Hann var þá orðinn borgarstjóri í Reykjavík, en ég var að byrja í forsvari fyrir verkamenn í Stjórn Dagsbrúnar. Þessi fyrstu kynni voru engir vinafundir, við höfð

um báðir tekið þátt í hinum hörðu stétta- og stjórnmálaátökum kreppuáramna, en sinn hvorum megin víglínunnar, ef svo mætti segja. Vissir forðómur og tortryggni mótuðu því viðskiptin. Þótt mér virtist hann þá harður viðskiptis og stundum fráhrindandi í viðmóti, leyndust ekki kostir mannsins: hann kynnti sér málin, var raunsær í ályktunum, afgreiddi mál vafningalaust, og treysta mátti orðum hans.

Síðasta áratuginn urðu kynni mín af Bjarna Benediktssyni meiri og persónulegri. Þennan áratug hafa viðskipti ríkisstjórnar og verkalyðshreyfingar verið meiri en áður í sögu okkar, og allan tímann var Bjarni í fyrirsvari fyrir ríkisstjórnina, fyrst sem nánasti samstarfsmaður Ólafs Thors og síðar sem eftirmaður hans í stöðu forsætisráðherra. Frá þessum árum er margt að minnast. Mér koma í hug atburðirnir í október 1963, þegar á síðustu stundu var forðað mikill um stéttaátökum. Þá stóð Bjarni við hlið Ólafs að viturlegri og farsælli laun þeirra mála. Nokkru síðar tók hann við stöðu forsætisráðherra. Það var mikið vandaverk að taka við af hinum glæsilega og mikilhæfa forystumanni, Ólafi Thors. Ólafur átti ávallt greiðan gang að mönnum til að beita persónulegum áhrifum sínum. Myndi Bjarna takast með persónulegum afskiptum að hafa farsæl áhrif á laun viðkvæmra deilumála stríðandi aðila vinnumarkaðarinnar? Þetta var spurning, sem margir veltu fyrir sér við mannskiptin. Það fékkst fljótt úr því skorið. Í desember 1963 var hér mjög viðtækt verkfall. Bjarni Benediktsson átti persónulega sterkan hlut að laun þess. Hálfu ári síðar gerðu verkalyðshreyfingin, samtök atvinnurekenda og ríkisstjórnin með sér hið margnefnda júnísamkomulag, sem var eins konar vopnahléssamningur eftir átök undanfarna ára.

Á þessum árum og síðar átti ég oft persónulegar viðræður við Bjarna um verkalyðsmál; hann vildi ávallt fylgjast með, þegar eitthvað var að gerast í þeim efnum, og óskaði þá eftir, að menn hefðu samband við sig, ef þeir teldu það gagna málinu. Mér fannst Bjarni breytast á þessum árum, vaxa með hinum ábyrgðarmiklu störfum. Hann var þægilegur í einkaviðræðum, kom þó ávallt beint að efninu með skýrum rökum, en hlustaði þolinmóður á gagnrök. Í vinnudeilum gat hann sagt báðum aðilum til syndanna, en gerði það reiðfalaust, þótt skapíð væri oft heitt. Hann vildi raunverulega samstarf við verkalyðshreyfinguna, þótt ekki væri ávallt hægt um viki, og hann gerði sér far um að þekkja sjónarmið hennar.

Bjarni Benediktsson var áhrifamesti og einn mikilhæfasti stjórnmálamaður þjóðarinnar. Við fráfall hans er mikil ófyllt skarð. Slysið mikla á Þingvöllum varðar því alla þjóðina. Flokki hans, Sjálfstæðisflokknum, er mikill vandi á höndum. Allir vita, að það væri ekki af heilindum mælt, ef ég óskaði þeim flokkj mikils gengis, en staðreynd er, að hann er stærsti stjórnmálaflokkur landsins, og meðan forystumenn þjóðarinnar veljast þaðan, kysi ég, að þeir hefðu til að bera gáfur, þekkingu og stjórnvizku hins látna forsætisráðherra, Bjarna Benediktssonar.

Eðvarð Sigurðsson.



FÁ sorgartíðindi hafa haft djúpstæðari áhrif á Íslendinga en fregnin, er barst að morgni hins 10. júlí um að dr. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra,



Veizla í tilefni af heimsókn Bortens, forsætisráðherra Noregs. Bjarni heilsar góðum vini dr. Páli Isólfssyni.

eiginkona hans, Sigríður Björns dóttir, og ungur dóttursonur þeirra, hefðu öll látizt í eldsvoða þá um nóttina er sumar-bústaður forsætisráðherra á Þingvöllum brann til kaldra kola.

Með Bjarna Benediktssyni er þjóðinni horfinn stórbrotinn atgervismaður, forystumaður íslenskra stjórnmála um langt árabil, mikill lærdómsmaður og sannur drengskaparmaður. Honum voru falin hin æðstu trúnaðarstörf, sem hann gegndi með þeim glæsibrag, að af bar. Hann var sannur Íslendingur.

Bjarni Benediktsson var kosinn í stjórn Eimskipafélags Íslands á aðalfundi félagsins árið 1954. Átti hann sæti í félagsstjórninni sem varaformaður um 10 ára skeið eða til ársins 1964, en þá hafði hann nokkru áður verið skipaður forsætisráðherra Íslands. Var hann féluginu hollur og traustur ráðgjafi.

Nú er leiðir skilja, flytur Eimskipafélagið honum aðúðarþökk fyrir heillarík störf í þágu félagsins.

Hinn 23. október 1965 kom til Reykjavíkur næst yngsta skip Eimskipafélagsins, m/s. Reykjavoss. Hin látna forsætisráðherrafrú skírði skipið er því var hleypt af stökunum í framandi landi. Kom hún þar fram með hinum sama glæsibrag og hún jafnan sýndi er hún stóð við hlið manns síns í erilsömu virðingastarfi.

Eimskipafélag Íslands sendir börnum Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar Björnsdóttur, foreldrum litla drengsins og ættingjum hinna látnu innilegar samúðarkveðjur.

Einar B. Guðmundsson,
Óttarr Möller.



Á björtum sumardegum um síðustu mánaðamót, þágu ungrir Sjálfstæðismenn boð frá Sigríðar og dr. Bjarna Benediktssonar í Konungshúsið á Þingvöllum. Þar voru einnig samankomnir flestir miðstjórnarmenn Sjálfstæðisflokksins, svo og fyrrverandi forystumenn.

Menn voru glaðir í skapi. Erfiðum en ánægjulegum kosningum var nýlökkið, efnahags-erfðeikar þjóðarinnar voru að mestu yfirstignir og heiðríkja í lofti fyllti hug okkar bjartsýni og gleði. Mitt í hópn um stóð fornginn, dr. Bjarni Benediktsson, stoð okkar og stytta, hress og endurnærður, fullur af lífskrafti og starfs-löngun.

Einhver hafði á orði, að á slíkum dögum væru allir ungrir, hvað sem öllum aldri lið.

Dr. Bjarni var yngstur okkar allra.

Það var öllum ljóst, sem fylgdust með stjórnmálum seinni ára, að Sjálfstæðisflokkurinn átti sér óumdeilanlegan foringja, og okkur, sem ungrir starfa innan Sjálfstæðisflokksins, var það ómetanleg hvatning að eiga svo mikilhæfan leið toga sem dr. Bjarni var. Svo styrkur var hann í forystu sinni, svo snjall í baráttu sinni og svo hreinskíptinn í samstarfi öllu, að í okkar augum var enginn hans jafningi. Það finnum við allir — ekki sízt nú.

Óvenjuleg áhrif dr. Bjarna Benediktssonar sem formanns Sjálfstæðisflokksins stöfuðu ekki af ráðriki eða stöðugri afskiptasemi. Þau áttu sér þá einu skýringu, að sakir yfirsýnar, greindar og augljósra yf irburða vegna margslunginna mannkosta, þótti það sjálfsgöð regla að leita ráða hans og álits. Það vorum við, sem leit-uðum til hans.

Dr. Bjarni Benediktsson var okkar foringj.

Vegna trúnaðarstarfa minna hjá Sjálfstæðisflokknum hafði

ég í seinni tíð náin og vaxandi samskipti við dr. Bjarna Benediktsson. Ég mun ávallt telja það minn mesta heiður að hafa notið trausts og vináttu þessa mikilhæfa manns.

Forlöginn höguðu því svo, að aðeins nokkrum dögum fyrir hið voveiflega slys, var ég í samfylgd með þeim hjónunum, frú Sigríði og dr. Bjarna. Í því ferðalagi hvíldust þau vel, nutu nokkurra daga sjóferðar, voru glöð og kát og hrifust eins og börn af fegurð Íslandsstranda — samstíllt hjón, geislandi persónuleikar, sem héldu reisu og virðingu eins og höfðingjum sæmir.

Þar sem endranær fann ég þá óblandi trú, sem dr. Bjarni

þannig er merkisstönginni skilað í hendur nýjum kynslóðum, þótt leiðtoga falli og merkisberar.

En skarð getur að líta, opið og vandfyllt.

Hús, er bar hátt við hamra-vegg Almannagjár, er horfið. Ljós glitra þaðan ekki frammar á silfurskálum árinna.

Ármannsfell varð alhvítt þessa nótt og umhverfið. Veðurhæðin var mikil og regnið, er hríðinni slotaði.

Bálför var gerð. Eldsúlu bar við himinn og byltist fram. Enn drápu blóm höfði við moldu á Þingvöllum, einn þróttmesti gróður þessa lands og með einna dýpstar rætur. En enn mun gróður þróast hér og stað-

Hann var baráttumaður. Hingað sótti hann sér þrek og örvun skilningnum á sögu lands og þjóðar.

Friðun Almannagjár og staðarins í heild var áhugamáll hans til hinztu stundar. Hingað sótti hann einnig frið í sál sína og sáttfýsi og sameiningarþól til úrlausnar í ágreiningsmálum.

Þingvellir voru Bjarna Benediktssyni heilög jörð. Hamra-veggurinn yfir Lögbengi hafði bergmálað hina snjólgu rödd föður hans á Þingvöllum 1930, og hér hafði hann sjálfur flutt margar ræður, er mótuðu stefnu flokks hans og gang þjóðmála um áratugi.

Ein síðustu orðin úr penna

† málafni fyrir Þingvelli var til umræðu. „Það hefur verið lagt fyrir forsætisráðherra.“ „Þá er því borgið.“ mælti ég. Þetta var örfáum dögum fyrir dauða hans.

Kristján konungur IX. gisti kirkjuna á Þingvöllum. Í þeim skilningi varð hún þá konungshús einnig, eins og sumarhús forsætisráðherra var það við komu Friðriks VIII. 1907.

Þingvellir sjálfir eru hús hins mikla konungs, Guðs musteri. Þeir hafa gengið í gegnum blöskrun eldsins, en eldurinn jafnvel getur gerzt Guðs þjónn, orðið eins og meitill í hendi listamanns, og vígi hleðst upp og varnir, helgidómur þjóðar og eilíft eildhlé.

Forsætisráðherra og fjöl-skylda sóttu oft Þingvallakirkju.

Á síðasta Alþingi sínu greiddi forsætisráðherra fyrir endurbýggingu Þingvallakirkju. Sætin óskipuðu á kirkjubekknun þar eru sorglega auð. En konungshús standa enn á Þingvöllum sem tákn eilífrar umönnunar Guðs, er blessar þjóð okkar minningarnar um mikinn leiðtoga og gefur von og trú og styrk að bera áfram merki hans til æ stærri sigra þjóð og landi til heilla.

Eiríkur J. Eiríksson.



Fráfall þeirra Bjarna og Sigríðar og Benedikts litla dóttur sonar þeirra í eldsvoðanum á Þingvöllum er ótrúlegt reiðarslag, og einhver mesta harmsaga, sem gerzt hefur með þjóðinni.

Slíkir atburðir valda þjóðarsorg, og við þessi tíðindi verður margt smátt, sem vex í augum endranær. Á því líkum stundum sameinast allir í hryggðinni og láta sér m.a. skiljast, hve margt bindur saman fá menna þjóð, þótt æði margt beri á milli venjulega.

Í þrjá áratugi var Bjarni Benediktsson einn þeirra manna, sem ég átti óvenju mikil samskipti við bæði í stríði og friði, ef segja mætti svo.

Við sátum níu ár saman í ríkisstjórn og glímdum því oft sameiginlega við málefni landsins, raunar bæði þá og endranær oft, þótt ekki værum við saman í stjórn. Miklu oftar áttumst við þó við sem pólitískir andstæðingar svo sem óþarft er að lýsa fyrir landsmönnum, og stundum sem oddvitar, hvor fyrir sínu liði.

Við tókum nógu oft á sameiginlega til þess að sannfæra mig um, að gott var að eiga Bjarna að samherja. Að sama skapi var hann aðsópsmikill andstæðingur og fylginn sér í bezta lagi, og ég tel honum það hiklaust til sóma, enda er það, sem betur fer, lögmál stjórnmálanna að meta andstæðingum vasklega framgöngu til aukinnar virðingar, eigi síður en samherjum.

Líf stjórnmálanna á Íslandi, landi samsteyptstjórnanna, er undarlegt sambland af samstarfi og stríði, og líklega m.a. vegna þess tengjast menn við þessi samskipti, svo ólík og fjölbreytileg sem þau eru oft á tíðum, sérkennilegum böndum, sem erfitt er að skilgreina og lýsa.

Mem læra að þekkja og meta hver annan og það mannlega verður sterkur þáttur í baráttunni. Eithvað á slíka lund mót aðist viðhorf mitt til Bjarna Benediktssonar, og ég tel mig mega segja svipað um hann. Ég minnst margra góðra stunda, því við áttum mörg sameiginleg áhugaefni önnur en þjóðmál in, og tíminn notaðist vel í samræðum við Bjarna Benedikts-



Olafur Thors og Bjarni Benediktsson.

hafði á æsku þessa lands og þann stuðning, sem ungrir Sjálfstæðismenn áttu í huga hans.

Það verður mér ævarandi hvatning.

Ungrir Sjálfstæðismenn votta vini sínum og samherja, Birni, og systrum hans þrem, innilegustu samúð í djúpri sorg okkar allra.

Ellert B. Schram
form. SUS



KONUNGSHÚS var hið upphaflega nafn sumar-bústaðar forsætisráðherra hér á Þingvöllum.

Einhvern vordaginn var það víst, að fáni væri dreginn að hún við Konungshús, og hann blakti þar margan fagran sumardag fram á haust.

Fánastöngin stóðst örlagaveðrið aðfaranótt hins 10. júlí.

urinn blómgast, þar sem glóðir runnu.

Ungur komst ég í kynni við æskuheimili Bjarna Benediktssonar. Systir hans ein og fyrri kona hans voru bekkjarsystur mínar í menntaskóla og samstúdentar. Á háskólaárum kenndi hann þar. Hann varð húsbóndi minn, sem menntamálaráðherra. Við vorum, ásamt fleirum, gestir Norðmanna á eftirminnilegri ferð um Noreg. Þingvellir litu og yfirstjórn hans.

Sambýli við forsætisráðherra hér verður mér ávallt ríkt í huga.

Stundum ók ég honum um svæðið, en oftar hitti ég hann á gangi hér, hröðum skrefum. Sem allra snöggvast staldraði hann við: „Þetta þarf að lagfæra. — Almennungur á að geta komizt hér um. Þessa leið þarf að slétta. Fólk verður að geta notið fegurðarinnar hér.“

hans voru, að gjáin hér, og stað urinn þá í heild, væri eins konar kirkja, og þannig konungshús Krists og Guðs, má bæta við.

Bjarni Benediktsson var í mínum huga fulltrúi hollvætta Þingvalla. Hér þróast með flestum hugarfarar að duga þjóð sinni, en sú tilfinning, skynja ég nú, að var orðin lifandi með mér, að gerði maður eitthvað fyrir staðinn, hversu smátt, sem það var, væri það forsætisráðherra til ánægju og honum að skapi. Hann viðhafði hér aldrei last. Gláður gelekk hann um staðinn, ávarpaði ljúfmannlega torn og fólk, þar sem það var að störfum, jafnt á kyrrlátum morgnum sem á þysmiklum dögum um hvítasunnu og á sumarhelgum. Ég hyggt, að víðar en hér hafi nærvera Bjarna Benediktssonar, vakið þjónslund við það, sem íslenskt er, göfugt, fagurt og drengilegt, — mikil-

son, því auðvelt var að ganga beint að enninu.

Bjarni Benediktsson var mikil hælur leiðtogi og öruggur til stórræðanna. Er mikill skaði að slíkum manni og vandfyllt það skarð, sem verður við fráfall hans.

Frú Sigríður var glæsileg myndarkona. Duldist það engum, sem henni kynntust, að hún var bæði dugmikil og kjarkgöð og fyllti með skörungsskap rúm sitt við hlið baráttumannsins.

Ég tel mig mega segja, að við Sigríður vorum góðir kunningjar, þótt sumum kunnir að þykja slíkt með ólíkindum, þar sem við Bjarni háðum áratuga langa baráttu, hvor í sínu liði og sparaði sig hvorugur, að ég tel. En einmitt þetta taldi ég öruggastan vitnisburð um frábæra skapgerð og myndarskap frú Sigríðar, og framkoma hennar styrkti mig jafnan í þeirri trú, að manndómsfólki á að vera kleift að fylgja fast fram málstað sínum, án þess að glata því mannlega í skiptum sínum og umgengni við þá, sem eru á annarri skoðun, þótt í þýðingar mestu málum sé.

Öll þjóðin á um sárt að binda þegar því líkir atburðir gerast, sem nú hafa orðið. Sárastur harmur er þó kveðinn að börnum þeirra hjóna og aðstandend um þeirra og litla drengsins, sem með þeim fórst. Innilegar samúðarkveðjur mínar og minna sendi ég þeim, sem svo sárt eru leikin. Mér er ljóst, að ég get ekkert sagt, sem léttir sorgina, nema ef vera skyldi það, að öll þjóðin syrgir með þeim.

Eysteinn Jónsson.



EL í júlí. Snjóór niður í Esjurætur. Eldur á Þingvöllum.

Þrátt fyrir það afneitum við hvorki landi né máttarvöldum, því að slíkar hamfarir og hörmulegir atburðir tengja okkur guði og landi sterkum börðum.

Sú hefur verið reynsla kynslóðanna, sem þetta land hafa byggt frá öndverðu, og það reynum við einnig nú.

Vinur, sem fyrir viku var meðal okkar, forystumaður, hvar sem hann fór, félagi er fallinn. Kona höfðingjans og engu síður höfðingi af sjálfri sér, með afbragð ungra drengja sín á milli eru samferða um veraldarvegi og ókanna stigu.

Bjarni Benediktsson var í engu meðalmaður, en þó með okkur í einu og öllu, lét sig skipta og tók þátt í daglegri ræðu um líf og háttu, um leið og hann átti í rökræðum og tók ákvarðanir um mál, sem sköpum gat skipt fyrir land og þjóð og jafnvel stærri samfélag. Bjarni Benediktsson gerði sér öðrum fremur grein fyrir, að hið smáa skiptir máli, því að það gengur upp í stærri einingu og getur orðið örlogavaldur. Og samhliða kunnir enginn betur skil en hann á himni og kjarna máls og manna.

Mikill persónuleiki að gáfum og greind, gat verið hrjúfur og mildur, bráður og þolinmóður, er þurfti stundum sjálfan sig að leiða, engu síður en aðna, þegar mikili lá við, en tókst það með slíkum ágætum, að hann varð mannasættir hinn mesti, flokksforingi og þjóðarleiðtogi í senn.

Sigríður Björnsdóttir giftist Bjarna Benediktssyni, þegar hann var borgarstjóri, og varð honum þá þegar í því starfi stöð og stytta sem og síðar í starfi hans sem ráðherra, ritstjóra og síðast sem forsætisráðherra. En umfram allt samræmda hún líf og starf þeirra beggja uppeldi barna og samgangi vina, svo að við vitum, að fá hjón hafa saman átt fyllra líf af eigin ágæti og því, sem



Með Kiesinger kanslara Vestur-Þýskalands.

þau veittu öðrum. Vinum duldist ekki, að þau hjón höfðu mikil áhrif hvort á annað, og var þar skemmtilegt jafnræði og gagnkvæm virðing gerði þeim kleift að eiga áfram hvort um sig sjálfstæðan, aðlaðandi og sífellt meiri persónuleika, sem geymast mun áfram með niðjum og í minningu með vinum.

Við segjum sjaldan, að kona sé barngóð. Það tókum við sem sjálfsgöðan hlut, en lengi dvöldust menn ekki á heimili þeirra Sigríðar og Bjarna án þess eftir yrði tekið, að hann naut barna sinna engu síður en hún, lék og kættist við þau og með þeim. Sú saga áttu áfram að halda, þegar dóttursynninnir, Benedikt og Bjarni, tóku að vaxa úr grasi. Benedikt Vilmundarson, sem fór hinztu förina með ömmu og afa, Sigríði og Bjarna, varð mér lítið eitt kunnugur, m.a. vegna þess að ég sat gjarnan næst honum á íþróttalandsleikjum, þegar hann sat á hnám ömmu eða afa, Guðrúnar og Gylfa. Þá hljómaði hvell, skýr og ákóf bannróddin: Áfram Ísland. Ég hygg, að eigi finnist betri einkunnarorð þeirra þriggja, sem við nú kveðjum, eða meiri hvatningarorð til okkar hinna, sem í bili er léð líf til starfa hér á landi.

Góður vinur minn sagði mér í óspurðum fréttum fyrir nokkrum mánuðum, að aldrei mundi hann kjósa Bjarna Benediktsson. Ég lét mér það í léttu rúmi liggja, því að ég taldi hvort eð var litla von í fylgi hans. Eftir að sami maður spurði lát Bjarna Benediktssonar, sagði hann: Hvað verður

um okkur? Hvað verður um Ísland?

Ég held ekki, að þessi maður hafi skipt um skoðun. Andstæðingum sem samherjum þóttu öryggi að því að eiga Bjarna Benediktsson á sjómars- og stjórnmálasviði. Þeir gátu fundið honum ýmislegt til foráttu, en þeir vildu engu að síður eiga hann að, því að þeir vissu, að þar sem hann stóð í stafni, var öryggi að vera á skipi.

Eldar slokka, snjó tekur upp, öll él birtir upp um síðir. Guð gefi, að svo verði.

Geir Hallgrímsson.



Ég var að heiman er konan mín hringdi til mín og bar mér þá hörmulegu fregn að Bjarni, Didda og Benedikt líti hefðu látizt í eldsvoða að Þingvöllum þá um nóttina.

Kæra frænka, það er marga að minnst frá liðnum dögum.

Það skiptast á skin og skúr-ir í stórri fjölskyldu sem okkar. Ég man er bræður þínir þrjú fórust á sjó sama veturinn. Þá voru þungar byrðar lagðar á aldráða foreldra og stóran systkinahóp.

Ég var að vísu ungur er það gerðist, en man það þó vel. Þær voru þó fleiri gleðistundirnar sem betur fer.

Ég minnst þess þó sérstaklega hve systrabönd þín og móður minnar voru sterk. Ég held að þið hafið sótt mikinn styrk hvor til annarrar og báðar haft mikil gagn af.

Margar voru þær ánægjustundirnar, sem þið mamma átt

uð á Þingvöllum, bæði með mökum ykkar, börnum, barnabörnum, og ekki sízt þegar þið voruð þar einar.

Fyrir nokkrum árum var mamma mjög veik. Þá bauðst þú henni að vera fyrir austan hjá ykkur Bjarna. Veit ég, að sú aðhlyning og ástúd sem þið sýnduð henni þá sem fyrr, var sú mesta og bezta lækning til þess að hún náði heilsu sinni á ný. Því að hjálplýsi og fórnarlund var ein af ykkar hjónanna mörgu kostum.

Með þessum fátæklegu orðum mínum vil ég, kona mín og synir kveðja ykkur hjónin og elsku litla Benedikt, sem var ykkur svo kær.

Við sendum börnum ykkar, barnabarni, tengdadóttur, Vilmundi Guðrúnu og Gylfa okkar innilegustu samúðarkveðjur og biðjum Guð að varðveita þau um ókoma tíð.

Hvil í friði.

Grétar Hjartarson.



S.Í. föstudagsmorgun var venjulegur fundardagur hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Nokkrum mínútum áður hafði útvarpið flutt hina einstæðu harmafregn, að forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson og frú Sigríður Björnsdóttir hefðu ásamt ungum dóttursyni sínum, Benedikt Vilmundarsyni, farizt í eldi, er ráðherrabústaðurinn á Þingvöllum brann til kaldra kola.

Allir stjórnarmenn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hafa um langan tíma haft sam-

band og samvinnu við dr. Bjarna Benediktsson, unnið með honum eða undir hans stjórn en dr. Bjarni Benediktsson var ábyrgðarmaður Sparisjóðsins, mörg ár í stjórn hans og um skeið stjórnarformaður. Menn voru því hljóðir og áttu erfitt um mál er þeir stóðu frammi fyrir slíkum ógnvekjandi atburði. Í Íslendingasögum er höfðingjanum Njáli á Bergþórs hvoli lýst þannig:

„Hann var lögmaðr svá mikill, at engi var hans jafningi, vitr ok forspár, heilráðr ok góðgjarn — varð alt at ráði þat er hann réð mönnum, — hógværr ok drenglyndr, langsynn og langmínngr. Hann leysti hvers manns vandræði, er á hans fund kom.“

Einnig segir að Njáli hafi ei æðrazt þótt móti blési og tekið hverjum vanda með stillingu og rósemi. Engum getur dulizt, að lýsingin á Njáli á einkar vel við í dag er við minnumst höfðingjans dr. Bjarna Benediktssonar. Stormasamari hefir sennilega verið ævi dr. Bjarna Benediktssonar, enda tímarir ólíkir. Mannlýsingin um báða þessa menn verður þó hin sama, þegar að er gáð.

Um Bergþóru er sagt, að hún hafi verið „kvenskórungur mikill ok drengr góðr“ og fram kemur, að hún hefir staðið við hlið manns síns með ráðum og dáð til hinztu stundar. En hvað þetta er góð og rétt lýsing á frú Sigríði Björnsdóttur, sem ávallt fylgdi manni sínum, bæði utanlands og innan, með mestri sæmd og prýði. Má þó ráða, að frú Sigríður hefir verið ólíkt ljúfari, en skörungsskap og stillingu hafa báðar sýnt er á reyndi.

Dótturson höfðu Njáli og Bergþóra, sem eigi vildi við þau skilja. Sama endurtekur sig er dr. Bjarni og frú Sigríður fara sína hinztu fór til Þingvalla, dóttursonur þeirra, yndi og eftirlæti afa og ömmu fylgir þeim.

Furðulegt er hvað atburðirnir eru hliðstæðir. Í vordaga Íslands farast í eldi mestu höfðingshjón þeirra tíma og dóttursonur þeirra. Mörgum öldum síðar, árið 1970 gerist hinn sami harmleikur, að forsætisráðherra hjón Íslands og dóttursonur þeirra farast í eldi á Þingvöllum, helgasta stað þjóðarinnar.

Við skiljum eigi, en drúpum höfði í sárrí sorg og söknuði. Við minnumst ánægjulegra samverustunda og leiðsagnar og þökkum stórbrotin störf í þágu lands og þjóðar, sem unni voru með festu og einbeintni. Ekki skal þó æðrazt, en haldið á loft minningu hins djafra foringja og skylt skal að standa vörð um þjóðarhag til frelsis og farsældar.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis vottar börnum dr. Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar, svo og foreldrum litla drengsins og öðrum nánum ástvinum, innilegustu samúð og bið ur Guð að blessa þau öll og styrkja.

Guðlaugur Þorláksson
Hörður Þórðarson.



ÞEGAR mér barst sú harmafregn, að forsætisráðherra, kona hans og dóttursonur hefðu farizt í eldsvoða á Þingvöllum, verkaði hún á mig eins og reiðarslag, og svo ætla ég að mörgum hafi farið.

En áður en ég vissi af, var ég farinn að hafa yfir þetta visubrot Jónasar Hallgrímssonar:

„Hví vill drottinn þola það, landið svipta svo og reyna, svipta það einmitt þessum eina, er svo margra stóð í stað?“

Ég hef kynnt mörgum mikilhæfum mönnum um dagana og þeirra á meðal Bjarna Benediktssyni. Ég þekkti hann einna best og mat hann líka einna mest.

Bjarni var óvenjulegur maður; gáfurnar voru miklar, en viðsýnin, samgirnin, hugkvæmmin og skylduræknin voru engu síðri. Hann var og manna drenglyndastur og gerði alltaf betur en hann lofaði. Hann var og trölltryggur og vinfastur.

En samfara skapfestu var hann viðkvæmur og mátti ekkert við vita. Þess vegna var hann alltaf reiðubúinn til að styðja þá, sem minnst máttu sín.

Bjarni hefur unnið mörg afrek í þágu lands og lýðs. Stofnun lýðveldis á Íslandi finnst mér þó bera hæst. Það var meira honum að þakka en nokkrum öðrum að lýðveldið var stofnað og að byrjunarörugleikarnir á fyrstu árum þess voru yfirunnir.

Bjarni var mjög þjóðhollur maður, en hann var laus við allan þjóðrembing. Þjóðrembingur getur og ekki þróast þar sem viðsýni og vitsmunir eru fyrir.

Ég hef margt að þakka Bjarna Benediktssyni. Ég þakka honum vináttu og tryggð við mig. Og ég þakka honum sérstaklega fyrir störf hans í þágu lands og lýðs.

Guðmundur Benediktsson, fyrrum borgargjaldkeri.



Í dag kveður íslenska þjóð in mikilhæfan stjórnmálamaðmann, dr. Bjarna Benediktsson, ástæða eiginkonu hans, frú Sigríði Björnsdóttur og ungan efnisdreng, dótturson þeirra, Benedikt Vilmundarson.

Ólýsanlegur harmur er kveðinn að fjölskyldum þeirra, vinum og þjóðinni allri.

Um ókomnar aldir mun sagðan varðveita minninguna um þjóðmálaforystu Bjarna Benediktssonar og skörungsskap og dugnað frú Sigríðar við hlið hans í blíðu og stríðu. En fyrir okkur, sem tóku þátt í lífi þeirra og störfum minningin vera sérstaklega kær og ógleymanleg.

Lífs- og stjórnmálaferill Bjarna Benediktssonar var stór brottinn og viðburðaríkur. Hann kom víða við og eiga margir margs að minnast af nánú samstarfi.

Fyrir unga og óreynda menn var það mikil lífsreynsla og jafnframt gefa að kynnst Bjarna Benediktssyni og fá að starfa með honum. Holl ráð og einlægur hugur til þess sem betur mátti verða, einkenndu störf hans og lífskoðun.

Í nútímaþjóðfélagi, hraða og tækni þáttum skipulagð fjölda samtök með margvíslegum tilgangi reyna að koma á sinni fyrir borð, er mikill vandi á höndum fyrir stjórnmálaleiðtoga að tryggja vernd lýðræðisins og frelsi einstaklinganna. Því að er sótt úr öllum áttum.

Sem stjórnmálaleiðtogi tryggði Bjarni Benediktsson með áhrifum sínum og þekkingu að leikreglur lýðræðisins væru jafnan virtar. Sem mikill mannaáttir laðaði hann til samstarfs ólíka menn og hagsmunahópa og leitaði þess jafn vægis að stríðandi öfl sættust.

Mun þess lengi minnzt, hversu mikla rækt Bjarni Benediktsson lagði við að skapa skilning milli stétta, hvernig hann leiddi þær til sameiginlegs átaks þjóðinni til farsældar. Naut hann mikils trausts meðal launafólks, og þá sérstaklega hjá forystumönnum íslensku verkalyðshreyfingarinnar hvar í flokki, sem þeir stóðu.

Árið 1968 mun marka djúp spor í samskipti stétta á Íslandi. Á því ári sameinaði Bjarni Benediktsson samtök verkalyðshreyfingarinnar og vinnuveitenda til þátttöku um lausn mestu atvinnu- og efnahagsvandamála, sem þjóðin hefði átt við að stríða um áratuga skeið. Undir forustu hans voru vandamálin leyst og þjóðin býr enn á ný við góð kjör og blasa við miklir framtíðarmöguleikar, ef rétt verður á haldið.

Viturlæg ráð um skyldur vorar við ættjörðina, samskipti við menn og málefni, munu fylgja okkur sem leiðarljós um ókomna framtíð.

Blessuð sé minning Bjarna Benediktssonar, Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar.

Ég og kona mín sendum fjölskyldu, ættingjum og vinum samúðarkveðjur.

Guðmundur H. Garðarsson.



Bjarni Benediktsson og Sigríður Björnsdóttir í heimsókn í skóla í Ísrael 1964. Einn nemendanna bendir á Ísland.



„Dáinn, horfinn“.
— Harmafregn.
Hvilíkt orð mig dynur yfir.“

Þessi orð úr kvæði Jónasar Hallgrímssonar um vin hans, séra Tómas Sæmundsson látinn, voru fyrstu orðin, sem komu í huga minn, þegar hefningin stóra barst til eyrna föstudagsmorguninn 10. Júlí. Þá fyrir örfáum dögum, eða um næstliðna helgi, hafði ég verið með farsættisráðherraþjónunum á tveimur héradsmótum Sjálfstæðisflokksins í kjördæmi mínu. Þar heyrði ég í síðasta sinn Bjarna Benediktsson tala um landsmálin á þann skýra og skilmerkilega hátt, sem honum var svo laginn. Þar hvatti hann okkur flokkssystkin sín til þess að vinna vel fyrir flokk okkar og stefnu og standa þétt saman þegar til baráttu kæmi, en gleyma þó aldrei í baráttunni höfum og háttum annarra. Slikur var Bjarni Benediktsson. Baráttumaður var hann öðrum meiri, og sjálfsagt hefur mörgum fundizt hann harður í horn að taka og óvæginn á stundum. En drenglundin brást honum ekki. Og það er ég viss um, að þegar saga þessa mikla forystumanns verður rituð, þá verður þess ekki sízt minnzt, hversu mjög hann lagði sig í framkröku í stjórnskipti sinni til þess að bera orð friðar og sátta milli manna og stétta. Og í þess um þætti stjórnmálaþáttu sinnar komst Bjarni Benediktsson langt, lengra en margan

grunar, og að mínum dómi fyrst og fremst vegna þess, að hann niddist aldrei á því, sem honum var fyrir trúað. Hann stóð við orð sín, lofaði aldrei meiru en hann gat staðið við. Um brigðmæli varð honum ekki brugðið. Þessi þáttur eðlis og gerðar Bjarna Benediktssonar gerði hann í mínum augum stóran, ekki hvað sízt.

Lífshamingja Bjarna Benediktssonar var spunnin úr mörgum og sterkum þáttum. Sterkastur þeirra allra var þó hin góða og glæsilega eiginkona hans, sem stóð við hlið hans í blíðu og stríðu og fyllti svo vel hinn vandsetna sess. Heiðrikjan í svip frú Sigríðar Björnsdóttur bar vitni um mannkosti hennar, og hýran í augum hennar tjáði góðleik hennar og glæðlyndi. En nú er hinn bjarti og glæði hlátur hljóðnaður. Eftir standa harmi slegin ástvinir og harmi slegin þjóð. En gott er okkur að

skáldið öllum æðra — sá um það.

Hver veit nema öllum oss hafi verið og sé fullrar alvöru og umþenkingar þörf? Heill á velli en ekki heillum horfinn hvarf Bjarni Benediktsson sjónum lifenda, og að visu er það ofurnáð, sem fáum einum hlötnast, að fá að fylgjast að í dauða sem lífi.

Gleymd gróf er og verður guðgjöf, en munuð meiri háttar. — Brunarústirnir á Bergþórshvoli blasa við sjónum í austri, í vestri Sturlungareitir stórlætis og örslagiftu, sem þegar var að vikið. Lengra og víðar mætti leita samlíkinga, sem er ekki endilega ætlað að hafa mark, miklu fremur að hvetja til aðkallandi ihugunar.

Enginn veit hver annan grefur. Að fauskur fylgi iturmenni síðasta spölinn er ekki neitt óal gengt fyrirbæri. Allt að einu dunar það yfir hverju sinni sem lítt bærlégt reiðarslag. Sá, sem fyrir verður, á ekki ann-



„Sníld er heilsteyptur hæfileiki til að helga sig verkefni sínu“.

Þessi orð ritaði Thomas Carlyle, hinn brezki sagnfræðingur um Friðrik mikla, eitt af mikilmennum evrópskrar stjórnmálasögu. Þau eiga einnig við um Bjarna Benediktsson, sem eflust verður talinn í fremstu röð stjórnmálamaða í allri sögu Íslendinga. Svo ungar hóf hann afskipti af stjórnmálum, að reynsla hans varð einstök. Og hann menntaðist af reynslu sinni, því að gáfur hans voru eins miklar og skapið var heitt. Snemma á stjórnmálaferli sínum komst hann sjálfur svo að orði: „Ég hef ætíð haldið, að sá gerði lítið gagn í stjórnmálum, sem eigi fengist við þau af einhverri innri þörf. Vegna þess, að honum fyndist að þau væri hans verkefni í lífinu. Vegna þess, að hann þættist hafa komið auga á einhver slík sannindi, að hann væri minni maður, ef hann legði sig ekki allan fram til að berjast fyrir þeim.“ Hæfileiki Bjarna Benediktssonar til að helga sig verkefni sínu í lífinu var sníld.

Mikill stjórnmálamaður þarf að vera mörgum hæfileikum gæddur. Hann verður að vera viljafastur. Hann þarf að vita, hvað hann vill. Hann verður að vilja það, af því að hann trúi, að það sé rétt. Hann þarf að vera sannfærður um, að það leiði til góðs. En hann verður einnig að skilja, að enginn er alvitur. Öllum getur skjátlazt. Þess vegna þarf hann að kunna að hlusta á andstæðing sinn, vera albuinn að láta sannfærast af rökum hans, taka tillit til hans, virða hann.

Löng kynni mín af Bjarna Benediktssyni hafa sannfært mig um, að hann var mikill stjórnmálamaður. Gáfur hans voru einstakar. En gáfur eru ekki einhlítar í stjórnmálum. Gáfaða menn getur skort dómgreind. Hana skorti Bjarna Benediktsson ekki. En jafnvel gáfur og dómgreind hrökkva ekki til, ef forysta stjórnmálamanns á að verða farsæl. Næm samgirni þarf að koma til og sú góðvild, sem aðeins fylgir góftugu hjarta. Engum gat dulizt gáfnafar Bjarna Benediktssonar né heldur dómgreind hans. Þetta tvennt setti hagnisvísi á framgöngu hans á stjórnmálasviðinu. Þeir, sem þekktu hann vel, vissu einnig um góðvild hans og samgirni. Þess vegna voru samningar við hann markaðir af heiðarleik. Ég reyndi hann aldrei að öðru en drengskap, svo heilum drengskap, að virðing fyrir honum varð að vináttu.

Ég kynntist Bjarna Benediktssyni einnig í einlífi hans og konu hans, Sigríði Björnsdóttur. Þau voru hamingjusöm hjón og hvort öðru samboðin.

Lítil drengur fylgir þeim til hinztu hvílu.

Rómverska skáldið Hóras segir í einu kvæða sinna:

Felices ter et amplius
quos inrupta tenet copula
nec malis
divulsus queroniis
suprema citius solvet amor
die.

Þreföld er hamingja þeirra,
sem tengd eru tenustum
böndum

fríðsællar ástar, sem ekki
haggast til hinztu dags.

Gylfi Þ. Gíslason.



HARMSAGAN á Þingvöllum aðfaranótt hins 10unda júlí 1970 er líklega einstök í þús-

muna, eins og vel er sagt í tilvitnuðu ljóði Jónasar, að:

„Hver, sem vinnur landi og lýð,
treysta skal, að öll hans iðja
allt hið góða nái styðja
þess fyrir hönd, er hóf hann
stríð.“

Guðs náð og friður veri með ástvinum Bjarna Benediktssonar og Sigríðu Björnsdóttur og með landi okkar og lýð.

Guðmundur Gíslason.



Válegir atburðir hlíta ekki lögum hversdagsins, miklu fremur höfuðskepna, sem þar ósjaldan eru að verki.

Hnigið stórmenni skyldi engi ofar foldu ófyrirsynju harmi þyngja. Njál án neyðarglæps Flosa væri annar maður, Snorri bóndi í Reykholti slíkt hið sama án tiltekta farsæðs tengdasonar.

Sökkvabekksdísir hefur sitt lag á að vátryggja vegsemd kjörbarna í minni kynslóða framtíðarinnar, og sést þá stundum ekki fyrir að hrella lifendur, nema svo sé að hún ætli einnig þeim stóran hlut: einkaaðild í hördum sköpum, og hlífir þó sumum á þak anlega hátt, að hún kys þau til fylgdar á feigsbrautum.

Að samhyggjast syrgjendum er sjálfgefið, þjóðarsorg segir til um verðleikana. Bjarna-brenna með samboðnum fórunaut og ástfölgnum elskulegum dóttursyni mun eiga samleið sögu Íslendinga í aldri fram: skapasmiðurinn hugkvæmi —

ars úrkosti en biðja horfinn heiðursvin vel fara og votta eftirlifandi ástmennum og vandabundnum í sárrí nauð samúð aldræðs huga.

Gunnar Gunnarsson.



Það er lán og dýrmæt lífsreynsla að hafa haft nán kynni og samstarf við þá þrjá menn, sem verið hafa formenn Sjálfstæðisflokksins frá stofnun hans. Jón Þorláksson, Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson voru ólíkir menn um skapgerð og viðhorf. En ekki leikuru á tveim tungum, að allir voru þeir yfirburðamenn að andlegu atgervi.

Bjarni Benediktsson var skarpgáfaður maður, sterkur persónuleiki og stafaði frá honum áhrifavaldi. Hann var sér vel meðvitandi um hæfileika sína og jók það honum styrk. Hann trúði á köllun sína til þess að veita íslenskri þjóð leiðsögu og stjórna landi. Hvar sem hann tók til höndum, var tekið röklega á. Atorka hans birtist í fræðmennsku, þingmennsku, ráðherradómi, störfum borgarstjóra, flokksformanns, þjóðarleiðtoga. Víða sér verka hans stað.

Sigríður kona hans var honum ákjósanlegur fórunautur, traust og glæðlynd, óbifanleg stoð í stormasömu lífi.

Megi börn þeirra og aðrir aðstandendur hljóta huggan og styrk til að standast hinar þungu raunir.

Gunnar Thoroddsen.

und ára sögu þessa forna hjartastaðar landsins, enda einn þeirra atburða sem einginn líkindareikningur gæti gert ráð fyrir, af því líkurnar fyrir slíkri tilviljun eru óendanlega fáar. Forustumaður þjóðarinnar ætlar í miðjum önnum sínum að hvíla sig í bústað embættisins eina júlínótt og halda síðan áfram för sinni í býtið. Að morni er þar aðeins litill óskuhruga. Heimur vor manna ris á menskri rökvisi eins langt og hún nær, en þegar mensk rök eru þrotin í tilveru okkar, þá þarf ekki fleiri orðum að eyða. Önnur öfl hafa tekið til máls. Það er í þessum punkti sem trúmaðurinn hneigir höfuð sitt eða jafnvel kastar sér flötum niður og segir: Guð er mikill. Annað er í rauninni ekki hægt að gera né segja.

Í litlum hóp manna á ey þar sem allir eru í raun réttir ættingjar og vinir vakna kærar enduminningar hjá öðrum um annan á skilnaðarstund, án þess spurt sé hvar hver um sig stóð í mannfélaginu. Ég þekkti Bjarna Benediktsson og bræður hans frá æskuárum okkar og fylgdist með þroska þeirra og frama allt frá því er þeir voru úngir sveinar heima í fódurhúsum á Skólavörðustígnum, synir Benedikts Sveinssonar, sem bar af öðrum mönnum að höfðingsskap og ljúfmensku, og Guðrúnar konu hans úr Eingey, mikils kvenskörúngs. Ég bjó oft á þessum árum í suðurstofunni á Vegamótastíg 9, hinumegin við garðinn hjá Benedíkt, þar sem þessir dreingir, allir ögn yngri en ég, voru stundum á harðahlaupum fram eftir nótt á vorin að koma inn hænsnunum. Við Bjarna vorum stundum að bera saman bækurnar okkur til skemtnar um þessa liðnu daga, ef við hittumst í samkvæmum. Þetta er lífið, sagði hann einu sinni 40 árum síðar þegar við stóðum upp og kvóddumst, og dró saman það sem við höfðum verið að rifja upp: þú yrkjandi við gluggann hjá honum Davíð gamla, við í ani með að koma inn hænsnunum.

Frú Sigríður Björnsdóttir frá Ánanaustum var mér náskyld að frændsemi og sterkur svipur með henni og ýmsu því fólki sem mér stóð næst í bernsku. Ekki einusinni í fyrsta sinni sem ég hitti þessa svipheiðu konu fanst mér ég vera henni ókunnugur.

Dóttursonur þeirra hjóna Benedíkt Vilmundarson svarar í þessari harmsögu til sveinsins Þórðar Kárasonar sem fylgdi afa sínum og ömmu þá er þau geingu að sofa í Njálshöfn. Ég sé af mynd hans að hann hefur líkst því fólki sem að honum stóð, sumu meðal kærstu vina minna gegnum tíðina.

Slíkur harmur er kveðinn að ungrri konu, Valgerði Bjarnadóttur, er í senn sér á eftir foreldrum sínum og einkabarni, að einungis sá græðimáttur, sem afkomendur svo frábærs fólks eru líklegir að hafa þegið að kynfygju, mun láta sárin gróa rétt, svo að betri tíð með nýu lífsblómi verði í ævi þeirra þegar af er þessi sorgartíð.

Halldór Laxness.



Þar veit hvað átt hefur, fyrr en m'sst hefur. Þegar harmafregnin sára barst, var öllum Íslendingum ljóst, að þjóðin hef ur mikils misst, og þó mun enn betur skýrast, þegar frá líður, að á vettvangi íslenskra þjóðmála er nú stórt og ófyllt skarð fyrir skild.

Bótin eina er sú, að það er

reynsla allra lýðræðisþjóða, að jafnan kemur maður manns í stað. Þess verðum vér enn að vænta.

Um meira en aldarfjórðungs skeið þekkti ég hann, sem skapmikinn og sóknharðan stjórnmálaandstæðing. Þannig kynntist ég honum fyrst og best, er hann, fullur af lífsþrótti á bezta aldri geystist fram fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Ísafirði í kosningunum vorið 1937. Í það skipti varð hann þó að sætta sig við hlutskipti hins sigraða. Og enn urðu kynni mín af skapheita baráttugarpinum, Bjarna Benediktssyni, nánari á vinstri stjórnarárinum. Þá var hann í raun aðalforingi stjórnarandstöðunnar, harður, miskunnarlaus, sífellt fundvís á snögga bletti andstæðingsins og stundum ofsæfnginn eða svo fannst okkur þá að minnsta kosti.

Ég sé enga ástæðu til að draga fjöður yfir þetta, enda er síður en svo, að ég telji það rýra manngildi hans. Hann var vissulega maður mikilla geðbrigða, skapstór, skapbráður, einkum á fyrri árum, en mildaðist og kyrrðist með árum og aldri. Þó var ávallt stutt ofan í eldlega glóð skapmunanna rétt eins og í Hekluhrauni þessa dagana þar austur í sveit um.

Þessu kynntust engu síður vinir hans og samherjar en við pólitískir andstæðingar hans. Án þess að virðurkenna þetta, væri réttir mynd af Bjarna Benediktssyni bæði sem stjórnmálamanni og manni stórlega raskað. En hann var vissulega maður mikilla mannkosta, eða hver mundi nú ekki virðurkenna, að Bjarna Benediktsson var óvenjulega skörpum gáfum gæddur, og þeir, sem þekktu hann að stórfum, hvort heldur prófessorinn, þingmanninn, borgarstjórnann, ritstjórnann, flokksforingjann eða ráðherrann — mundu þeir ekki nú fúsir að virðurkenna, að þar sem hann fór, var á ferðinni viljastærkur, þróttmikill, starfsamur og stjórnsamur maður.

Og fullvíst er það, að um það verða pólitískir andstæðingar Bjarna Benediktssonar þó, hvað sem öðru líður, sammála. Hann var óeingingjarn og heiðarlegur stjórnmálamaður.

Og enn eitt: Hann var ekki yfirborðsins maður.

Á seinni árum urðu kynni okkar Bjarna Benediktssonar nánust á úrslitastundum hördustu stéttaráttaka, þegar í odda skarst, og örlögum gat skipt fyrir þjóðna, hvort fær og



Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra Íslands, undirritar Atlantshafssáttmálann 1949.

þjóðhóli úrlausn myndist.

Það var á þessum úrslitastundum, sem ég kynntist nýjum hliðum mannsins, Bjarna Benediktssonar, betur en áður. Þá var aldrei rúmt um hönd að gera svo öllum líkaði. En hann var leitandi og oft fundvís á úrræði, sem öðrum duldust, og það, sem meira var, einnig fús til að hugleiða og grandskoða hugmyndir annarra og fallast á þær, myndist honum þær geta leitt til lausnar. Þegar mest á reyndi varð hvorugt ofan á — þrjúkka eða smásmygli er þó verða að játast, sem allt of ríkar eigindir í eðli Íslendingansins.

Það er frá þessum úrslitastundum stórra átaka, sem ég mun jafnan minnst Bjarna Benediktssonar sem stórbrotne mannkostamanns með hjortað á réttum stað.

Umdeildasti stjórnmálamaður okkar á þessari öld, — ef til vill að Jónasi Jónssyni einum undanskildum — er horfinn af sviði.



Í Berlín 1939. Prófessor Bjarni Benediktsson í heimsókn, með Ragnheiði og Jóhanni Hafstein, sem þar lagði stund á þjóðarétt.

Nú er á hvorugt bætandi, lastið eða lofið. Svo mikið er víst, að glansmynd af Bjarna Benediktssyni bætir engan skaða.

Á þessari stundu stendur þjóðin harmi lostin yfir moldum hans, og er þess tæpast að vænta, að raunsoðn mynd hafi þegar mótazt í þjóðarvitund af manningum, sem við misstum fyrir örfáum dögum. En sú mynd mun smám saman skýrast í ljósi sögunnar. „Hið mikla geymir minningin, en mylsna og smælki fær.“

Með fráfalli þeirra, forsætisráðherra hjónanna og sveinsins unga, sem með þeim fórst, er þungur og sár harmur kveðinn að ástvinum þeirra öllum. og ásamt þeim er þjóðin öll sár um harmi lostin.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur misst sinn sterkasta stjórnanda og aðsópmesta leiðtoga.

Og íslenska þjóðin hefur með Bjarna Benediktssyni misst einn sinna mætustu og beztu sona.

Hannibal Valdimarsson.



Helsing til Ísland.

Det er med stor og dyptfølt sorg vi har mottatt meldingen om hr. statsminister Bjarne Benediktsson's tragiske bortgang — tillike med medlemmer av sin familie. En blir ordløs ovenfor en sådan skjebne, fattig ved et sådant tap.

Ísland fórst og fremst har lidd et smertelig tap ved denne personlighets død. Men også hele Norden.

Hr. Bjarne Benediktsson var en stor statsmann og politiker. Og han var dertil det som teller mer: Hann var en rettskaffen og hederlig personlighet, som med et varmt hjerte viet sine evner og krefter til sitt kjære fedrelandets velferd.

Íslands sorg er vår sorg. Og nu er den stor og smertelig.

Vi bøyer oss i takknemlighet og ærbødighet for denne persons livsverk for sitt folk, og videre ut.

Guð signe de bortfarnes minne.

Guð velsigne Ísland!

Harald Hope.



HARMAFREGN berst á öldum ljósvakans. Ötrúleg frétt um örlög forvígismanns þjóðarinnar, mikilhæfrar konu hans og ungs dóttursonar þeirra. Þögn einkennir þjóðlífið. Minningar um samstarf og vináttu koma fram í hugann. Minningar um skapfastan mann, sem sótti mál sitt af kappi, en var fyrst og fremst gæddur víðsýni og fram-sýni. Bjarni Benediktsson þurfti að hlusta á raddir manna úr öllum stéttum og með ólíka hagsmunum, en velgengni þjóðarinnar í heild var það höfuðmarkmið, sem keppt var að.

Vináttu og traust óx með lengra samstarfi og auðfundi var, að fyllsta skilning vildi hann sýna öllum sínum samstarfsmönnum.

Bjarni Benediktsson hóf mjög snemma að skrifa í Morgunblaðið og lagði þar til margar greinar, er mikla athygli vöktu, ekki síst fyrir á árum, er harðast var barizt.

Átti hann mikinn þátt í vexti og viðgangi blaðsins í nánú og góðu samstarfi við vin sinn, Valtý Stefánsson.

Bjarni Benediktsson átti sæti í stjórn Árvakurs hf. frá 1955 og síðan og var einn af ritstjórum Morgunblaðsins á árunum 1956 til 1959. Eftir það skrifaði hann oftast Reykjavíkurbref þess, en efni þeirra urðu þá gjarnan umhugsunar- og umræðuefni manna, bæði andstæðinga og samherja.

Starfsmenn Morgunblaðsins og samstarfsmenn hans í stjórn Árvakurs hf. finna, að nú er skarð fyrir skildi. Þeir minnst með virðingu þeirra hjónanna, Sigríðar og Bjarna. Árlöng viðkyrning og fjölmargar samverustundir minna á hlýleika þeirra og reisn. Sorg og söknuður fyllir hugann.

Börnum þeirra hjóna og öðrum ástvinum sendi ég innilegar samúðarkveðjur með þá von efsta í huga, að minningin um ungan svein og ógleymanlega foreldra megi lýsa það sorgarský, sem nú byrgir sólu.

Ég veit, að sterk trú og vissan um að mannlífið endar ekki hér á þessu jarðvistarsviði, styrkir þau og styður um ókomna daga.

Haraldur Sveinsson.

+

BJARNI Benediktsson beitti sínun óvenjumáttu og fjölþættu mannkostum til slíkra afreksverka, að hann hlýtur að verða talinn mikilmenni með þjóð sinni.

Áður en ég kynntist Bjarna Benediktssyni að nokkru ráði, dáðist ég, eins og svo margir aðrir, að honum sem þróttmiklum og rökvisum ræðu- og rit-smillingi, þrautseigum baráttumanni og glöggum og frumlegum fræðimanni.

Við nánari kynni af manningum sjálfum, skrifum hans og stjórnmálastarfi, varð ég áskynja þess þáttar í fari hans, sem mér eftir það fannst mest til um, ættjarðarastar hans, þ.e. ástar hans á Íslandi, landinu sjálfu og sögu þess, og þrotlaus starfs hans til þess að verða þjóð sinni að gagni.

Þegar Bjarni Benediktsson ræddi um sjálfstæðismál þjóðarinnar, vitnaði hann oft til orða Steingrims skálds Thorsteinssonar:

Aldrei, aldrei bindi þig bönd nema bláfjötur Ægis við klettótta strönd.

Ég hygg, að í þessum tilkomu miklu ljóðlinum hafi honum þótt svo vel túlkun föðurlandsást hans sjálfs, að það yrði ekki í orðum betur gert.

Í verki kom ættjarðarast Bjarna Benediktssonar e.t.v. bezt fram í þeim málum, sem snerta samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir, en í þeim kom það hvað eftir annað í hans hlut að halda á hinum örlagaríkustu málum Íslendinga. Þá var hans fyrsta og síðasta hugsun ætíð: hvers krefjast hagsmunir Íslands? Og þegar hann hafði svarað þessari spurningu, vann hann hiklaust að því með öllum tiltækum ráðum að ná því fram, sem hann taldi Íslandi í hag.

Sjálfstæði Íslands, varðveizla þess og menningararfs þjóðarinnar og efling efnalegrar hagsældar þjóðarinnar var þungamiðjan í stjórnmálastefnu Bjarna Benediktssonar.

Þó að Bjarni Benediktsson væri sjálfur sterkur maður, sótti hann einnig mikinn styrk til sinna áætla eigin konu, frú Sigríðar Björnsdóttur. Ekki síst þegar erfðleikar steðjuðu að, var hennar léttu lund og meðfædda bjartsýni þeim báðum mikils virði, og þessir kostir hennar nutu sín vel í vinahópi.

Við fráfall þeirra hjónanna og hins unga dóttursonar þeirra, hafa margir misst mikið, mest þó að sjálfsgöðu aðstandendunnir, sem ég og fjölskylda mín sendum alúðarkveðjur.

Mína góðu vini, Bjarna og Sigríði, kveð ég með söknuði. Fyrir kynnin við þau, traust þeirra og einlaga vináttu, verð ég ævinlega þakklátur.

Hörður Einarsson.

+

Kynni okkar Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar voru ekki löng. Þau kynni urðu mér samt til ómetanlegs gagns og gleði og munu aldrei gleymast. Það er mikið lán fyrir unga og óreyndan mann, sem er að byrja að takast á við lífið að fá tækifæri til að kynnast slíku fólki. Auðvitað hafði ég, eins og aðrir, þekkt hann af afspurn og bar mikla virðingu fyrir honum, sem okkar mikilhæfa forystumanni og þjóðmála skörungi. En þegar fundum okkar bar saman, sem segja má að hafi verið af tilviljun, og ég kynntist honum persónulega, sá ég þennan stórbrotna mann í nýju ljósi.

Á reynslutíma í lífi mínu

reyndist hann mér ráðhollur vinur og mælti til mín mörg hvatningarorð. Hlýhugurinn og góðvildin voru allsráðandi. Fyrir alla hans einlægu umhyggju, sem ég oft og á margan hátt varð aðnjótandi, verð ég honum þakklátur alla mína ævi. Frú Sigríður reyndist mér og fjölskyldu minni á sama hátt einlægur vinur, sem við eigum margar ljúfa endurminningar um. Við vottum börnum þeirra og foreldrum litla drengsins innilega samúð okkar.

Ingimundur Sigfússon.

+

Engin orð megna að milda þann þunga harm, er ástvinir dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, frú Sigríðar Björnsdóttur, konu hans, og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmundasonar, hafa orðið fyrir. Íslenska þjóðin sér á bak einum mikilhæfasta og vitrasta



Bjarni heilsar Ólafi Noregskonungi, þegar konungur kem í opinbera heimsókn til Íslands.

forystumanni sínum á þessari öld, manni sem ætíð mat hag og farsæld íslensku þjóðarinnar of ar öllu öðru og stóð öllum öðrum frammar traustan vörð um sjálfstæði Íslands.

Bjarna Benediktsson hef ég metið hvað mest allra þeirra manna, sem ég hefi kynnt á lífsleiðinni.

Kynni mín af honum hófust árið 1935, er ég kvæntist frændkonu hans, Áslaugu Jóns dóttur, en þær voru systradætur, hún og Guðrún Pétursdóttir, móðir Bjarna.

Síðan jukust þau kynni, einkum eftir að Bjarni var kjörinn í hið umsvifamikla embætti borgarstjóra og síðan í langri ráðherratíð hans. Bjarni Benediktsson lét sig jafnan atvinnu mál landsins miklu skipta, og naut sín þar glöggskyggni hans og framsýni og sívökull áhugi hans á hag og farsæld þjóðarinnar. Hann var frábærlega fljótur að átta sig á nýjum málum og aðstæðum, og tókst honum þannig að greiða úr mörgum vanda, sem aðrir sáu enga lausn á. Um þessa hæfileika hins látna forsætisráðherra er alþjóð kunnugt og verður ekki fjölyrt um þá hér. Hitt má segja, að þegar bráðan vanda bar að höndum í atvinnumálum landsins, þá var það viðtekin venja að leita til hans, og brást þá ekki, að hann myndi úrræði. Nú er hann horfinn af vettvangi daglegra anna, en framsýni hans og farsælla ákvarðana mun lengi gæta í lífi þjóðarinnar.

Gjörhygli Bjarna Benediktssonar gerði honum kleift að

nýta hin ólíklegustu tækifæri þjóð sinni í hag. Um það vil ég nefna eitt dæmi fyrir mörg. Árin 1967-68 horfði mjög illa fyrir íslenskum skreiðarútlutningi vegna styrjaldarinnar í Nígíeru. Þá var það Bjarni Benediktsson, sem vegna persónulegra kynna sinna við ráða menn vestra, átti mestan þátt í því, að fé, sem bandarískar hjálparstofnanir höfðu til umráða handa Nígíerumönnum var varið þannig, að mikið magn af skreið, sem þá lá óselt hér í landinu, var keypt fyrir fé þetta og sent hinni bágstöðu þjóð.

Þjóðin öll syrgir látinn forsætisráðherra sinn og eigin konu hans. Fjölmargir vinir þeirra drúpa nú höfði í söknuði. Þyngstur harmur er þó kveðinn að nánustu ástvinum þeirra. Andspænis honum verða orð fátækleg. Ég sendi börnum hinna látnu forsætisráðherra hjóna, systkinum þeirra, svo og öðrum sættingjum innilegar sam

þeim, sem aðeins sáu Bjarna úr fjarlægð, hlaut að virðast stjórnsémi hans og einbeittni bera vitni óvenjulegri viljafestu, jafnvel hörku. Vissulega var hann mikið karlmenni, sem heytist ekki frammi fyrir neinum vanda, en styrkur hans var þó ekki síður af öðrum þáttum spenninn: lærdómi hans og lífsreynslu, viðkvæmni hans og næmum skilningi á mannlegum örlögum.

Á mælikvarða nútímamanna, sem svo margir hafa látið heillast af skýjaborgum tækniþróunar og kenningum um sæluríki á jörðu, virtist mér Bjarni Benediktsson aldrei geta talizt bjartsýnismáður. Líffskoðun hans stóð djúpum rötum í karlmannlegri örlagatrú forfeðra vorra, og baráttu beztu sona þjóðarinnar fyrir reisu Íslands í ellefu aldir var honum ætíð í huga. Bjarni fann fyrir því sterkar en nokkur annar, sem ég hef kynnt, að hagsmunir ólíkra manna eru því miður

þessum hörmulega mannskaða, er ærð skarð fyrir skildi hjá lítilli þjóð, sem hefur á augnabliki verið svipt sinni glæsilegu forustu, forsætisráðherra hjónunum, sem hvort í sínu lagi gegndu stöðu sinni með miklum sóma.

Að sjálfsgöðu eiga börn þeirra hjóna, systkin og aðrir nánir ástvinir um sárast að binda, en þjóðin öll er harmi lostin og vottar þeim sína dýpstu samúð.

Með dr. Bjarna Benediktssyni er genginn sá maður, sem að flestra dómi, hefur að baki sér einstaklega glæsilegan starfsferil. — Þegar á unga aldri hlóðust á hann margvísleg ábyrgðarstörf, sem hann leysti af höndum af mikilli kostgæfni. — Á Alþingi var hann alla tíð í tölu atkvæðamestu þingmanna og málefni þau er hann lét til sín taka, voru fleiri en svo, að tölu yrði á komið. — Fyrir okkur sem áttum því láni að fagna að starfa með honum í Sjálfstæðisflokknum, undir hans öruggu forustu og njóta hans holráða, er vissulega margt að minnst og margt að þakka. — Hann var einstaklega þógnáttur og vildi hvers manns vanda leysa.

Nú þegar vegir skiljast, er mér efst í huga, að þakka þessum ágæta vini mínum og frú hans Sigríði Björnsdóttur, fyrst margar ánægjustundir, er við hjónin höfum átt á heimili þeirra, þau voru einstaklega gestrisin og nutu þess að veita gestum sínum af alhug.

Við sendum börnum þeirra, systkinum og öðru venzlafólki, okkar innilegustu samúðar kveðjur, megi björt minningin um þau, ásamt þeirra elskulega dóttursyni, verða þeim huggun í harmi.

Jón Arnason.

+

Mikilhæfni Bjarna Benediktssonar sem stjórnannda var ekki síst fólgin í því, hversu ljóst honum var, hversu lítills stjórnanndi í raun og veru er megnugur. Þessi skilningur ásamt glöggum skilningi á sjálfri rás atburðanna, á sögunni sjálfri, gerði honum eiginlegt að sæta lagi, að biða réttis tíma til athafna, en beita þá af fullri einurð þeim takmörkuðu áhrifum, sem stjórnanndi hefur yfir að ráða. Þetta fól það jafnframt í sér, að honum var eiginlegt að fara með völd af stillingu og hófsemi.

Að mörgu leyti virðist mér lýsing Tolstojs á hershöfðingjanum mikla, Kutuzov, í skáldsögunni Stríði og friði, eiga einkar vel við Bjarna Benediktsson: „Hann mun ekki vera með neitt ráðabrudd og ekki grípa til neinna aðgerða. En hann mun heyra allt, huga að öllu, finna öllum hlutum sinn stað ekki standa í vegi fyrir neinu, sem að gagni má koma og ekki leyfa neitt sem til óheilla horfir. Hann veit að eitt er það sem er öflugra og mikilvægara en vilji hans sjálfs — hin óhagganlega rás atburðanna. Hann virðir fyrir sér atburðina, getur áttað sig á merkingu þeirra og vegna þess að hann áttar sig á henni getur hann varazt að grípa í taumana að fylgja sínum eigin vilja og stefna að framandi markmiðum.“

Mér urðu eiginleikar Bjarna Benediktssonar sem stjórnannda fyrst vel ljósir í undirbúningi júní-samkomulagsins 1964 er hann var nýorðinn forsætisráðherra. Stjórn efnahagsmála var þá komin í hnút vegna þess djúps er staðfest var á milli sjónarmiða stjórnannda annars vegar og verkalyðshreyfingarinnar hins vegar. Þetta djúp tókst að brúa með gagnkvæmum skilningi á ólíkum sjónar-

úðarkveðjur. Einnig tjái ég djúpa samúð mína foreldrum sveinsins unga og öðrum ástvinum hans.

Ingvar Vilhjálmsson.

+

„Aðrir hafa lengur ráðið fyrir landi en hann, en eftir honum verður lengur munað en öðrum landsstjórnarmönnum, vegna þess, að fremur skal konung hafa til frægðar en langlífis.“

Með þessum orðum lauk Bjarni Benediktsson merkilegu erindi, er hann flutti fyrir nú árum í minningu Hannesar Hafsteins, eins hins mesta stjórnmálaskör uags Íslendinga á þessari öld. Í þeim lýsir sér sú manngildis-hugsjón, sem einkenndi allt líf Bjarna Benediktssonar: að hverjum manni sé skylt að ganga fram af manndómi og kjarki og mæta þannig þeim örlögum, sem honum eru búin. Og varla verður stjórnmála-baráttu Bjarna sjálfs betur lýst en með eigin orðum hans úr sama erindi: „Á meðan hann stóð uppi lét hann merkið aldrei falla, hvorki í sigri né ósigri, í hamingju né harmi, og þegar bezt lét skaut hann því svo langt fram, að engin eftirmanna hans hefur jafnlangt komizt.“

Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að vinna með Bjarna Benediktssyni um margra ára skeið, oft að lausn hinna erfiðustu viðfangsefna. Óhætt er að segja, að ég verð aldrei samur maður eftir, svo dýrmæt hefur mér orðið sú reynsla.

sjaldan sættanlegir. Flestar ákvarðanir þjóðarleiðtoga hljóta því að vera sársaukafullt val á milli margra kosta, þar sem enginn er að öllu leyti góður. Og það var einmitt þessi skilningur Bjarna á mótsetningum mannglegra örlaga, sem var meginundirstaða manndóms hans og þeirrar virðingar fyrir sjónarmíðum annarra, sem einkenndi feril hans sem stjórnmálamanns.

Í þessu voru einnig yfirburðir hans fölgirnir. Hann skildi vandamálin dýpri skilningi en aðrir menn, en vék sér þó aldrei undan þeirri ábyrgð að marka þá stefnu, er hann taldi réttasta. Hann fann, að hann var til þess kjörinn að veita þjóð sinni forystu, og hann hélt merki hennar lengra fram en nokkur maður honum samtíða.

Jóhannes Nordal.

+

Þegar mikil tíðindi ber að höndum, tekur það oftast nokkurn tíma að vér áttum oss á þeim staðreyndum sem fyrir hendi eru og sannfærumst um raunveruleikann. — Svo mun einnig flestum hafa farið, er þeir heyrðu hin hörmulegu tíðindi sem gerðust á Þingvöllum, aðfararmótt þess 10. júlí sl. er forsætisráðherra Íslands, dr. Bjarni Benediktsson og frú hans ásamt ungum dóttursyni, fórust í eldsvoða.

Slíkur harmleikur er ofar öllum mannglegum skilningi og verður vart skýrður né skilinn af þeim sem eftir lifa. — Með

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Arvakur, Reykjavík.
 Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
 Ritstjórnar Matthías Johannessen.
 Eyjólfur Konráð Jónsson.
 Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
 Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
 Auglýsingastjóri Arni Garðar Kristínsson.
 Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6. Sími 10-100.
 Auglýsingar Aðalstræti 6. Sími 22-4-80.
 Askriftargjald 165,00 kr. á mánuði innanlands.
 Í lausasölu 10,00 kr. eintakið.

†

ÞJÓÐARLEIÐTOGI KVADDUR

Útför Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, Sigríðar Björnsdóttur, eigin konu hans og Benedikts Vilmundarsonar, dóttursonar þeirra, verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag. Slysið á Þingvöllum hefur snortið þjóðina djúpt. Fyrir þá samúð, sem aðrar þjóðir hafa sýnt, eru Íslendingar þakklátir.

Persónuleg kynni af Bjarna Benediktssyni voru djúrmæt reynsla fyrir þá, sem þeirra urðu aðnjótandi. Í augum ungra manna, sem áttu því láni að fagna að kynast honum, starfa með honum og læra að meta hann, var Bjarni Benediktsson lærifaðir, sem markaði djúp spor í proskaferil þeirra og hafði afdrifarík áhrif á lífsviðhorf þeirra. Með fordæmi sínu kenndi hann þeim að hafna sýndarmennsku, en vinna að framgangi þess málstaðar, sem þeir töldu réttan, með rökum, þrotlausu starfi og heiðarleik. Í hópi nánustu samstarfsmanna sinna var hann óumdeilanlega leiðtogi. Þeir höfðu tröllatrú á framsýni hans og hæfni til þess að finna rétta leið úr miklum vanda. Andstæðingar hans vissu, að orðum hans gátu þeir treyst. Það traust og hreinskriptni í samskiptum við aðra átti ríkan þátt í því, að honum, sem áður hafði verið einn umdeildasti stjórnmálamaður landsins, tókst að skapa andrúmsloft umburðarlyndis og skilnings á vettvangi stjórnmálaþáttar og hagsmunabaráttu, sem áður hafði á skort.

Bjarni Benediktsson var lítillátur maður frammi fyrir sigurum á stjórnmálaferli sínum. Undir lok ævi sinnar hlaut hann meiri traustsýrilyngu og viðurkenningu þjóðar sinnar en nokkru sinni fyrr, en þeim sigri tók hann af lítilláti eins og þeir vita, sem bezt til þekkja. Í ósigri og erfiðleikum sýndi hann meiri þrautseigju og viljastyrk en öðrum var gefið.

Bjarni Benediktsson var mikill lýðræðissinni. Lýðræðislegar starfsaðferðir hans hafa orðið mörgum lærdómsríkar og mættu verða öðrum til eftirbreytni nú, þegar hann er fallinn frá. Metnaður hans fyrir hönd Alþingis Íslendinga var mikill, og fáir áttu jafn ríkan þátt í því og hann að auka reisn þeirrar sögufrægu stofnunar. Það gerði hann með sterkum persónuleika sínum og ræðumennsku í þingsölum, sem lengi mun í minnum höfð. Alþingi verður svipminna, þegar hans nýtur ekki lengur við.

Baráttan fyrir sjálfstæði þjóðarinnar og frelsi á öllum sviðum þjóðlífsins einkenndu líf og störf Bjarna Benediktssonar öðru fremur. Líf hans var stöðug barátta — barátta fyrir þeim málstað, sem hann taldi réttan. Ungur að árum gerðist hann einn áhrifamesti talsmaður lýðveldisstofnunar á Íslandi. Þegar það mál var til lykta leitt, einbeitti hann sér að því að tryggja hið nýfengna sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar í viðsjárverðum heimi. Þá baráttu leiddi hann fram til sigurs, og æ síðan hefur íslenska þjóðin búið að framsýni hans í þeim efnum. Þegar sjálfstæðið var fengið og öryggið tryggt, beindi hann starfskröftum sínum að því að tryggja frelsi í þjóðlífinu og það var leiðarljós ríkisstjórnar hans.

Bjarni Benediktsson var af sterkum stofnum kominn. Hann var fulltrúi íslenzkrar hefðar og íslenzkrar sögu. Það var einnig eiginkona hans, frú Sigríður Björnsdóttir. Hún var af sjómannsfólki komin og kynntist þeim hörmungum, sem yfir íslenzkar sjómannsfjölskyldur hafa dunið um aldir. Hún var manni sínum sterk stoð á stormasamri ævi og deildi með honum gleði og sorgum, sigurum og ósigurum.

Íslenska þjóðin öll vottar ástvinum forsætisráðherra-hjónanna og dóttursonar þeirra dýpstu samúð sína.

miðum og samræmingu stefnu innan þeirra marka er sá skilningur veitti án þess að annar hvor aðiliinn þyrfti að lúta í lægra haldi fyrir hinum. Hyggni, þolinmæði, lipurð og góðvild Bjarna réðu úrslitum um að svo gæfulega tókst til og björt og fögur júnínóttin þegar samkomulagið var undir ritað mun án efa hafa verið ein mesta ánægjustund í lífi hans. Mér fannst þá eins og oft síðar ég hafa orðið sérstakrar gæfu aðnjótandi að fá að starfa með slíkum manni.

Á þessa sömu eiginleika Bjarna Benediktssonar sem stjórnanda reyndi ekki síður í gliminni við efnahagsörðugleika árunna 1967—1969. Þessir örðugleikar voru stórfelldari en áður höfðu að höndum þoríð áratugum saman og lengi vel rak hvert ólagið annað. Ærið tilefni gat virzt til að gripa sem fyrst til margháttaðra og róttækra aðgerða, og þegar það var ekki gert, stóð ekki á ásökunum um stjórnsleysi og undanhald. En Bjarni Benediktsson var sannfærður um, að engar ráðstafanir kæmu að haldi fyrr en þjóðin sjálf hefði til hlítar áttað sig á öllum málavöxtum og væri þar með undir það búin að takast á við vandann. Þess tíma beið hann rólegur og æðrulaus. En þegar tíminn var kominn, var hann reiðubúinn að gera það sem gera þurfti án hiks eða fálms. Í huga mínum leikur enginn vafi að einmitt þessir stjórnarhættir gerðu gæfumuninn, skiptu sköpum um það, að á erfiðleikum var sigrazt á skemmri tíma en nokkurn hefði getað ór að fyrir. Það var hamingja Bjarna Benediktssonar, og um leið frú Sigríðar, að fá að sjá árangur þessarar viturlegru stjórnar á síðasta ári ævinnar.

Það er ekki sjaldan hlutverk eiginkonu að mynda mótvægi gegn sérstökum eiginleikum í fari mannsins og forða honum þannig frá einsýni og öfgum. Það er hugboð mitt, að þáttur frú Sigríðar í ævistarfi manns hennar hafi þó ekki fyrst og fremst verið þessi. Mér finnst, að skapferli hennar og lífsviðhorf muni hafa fallið einkar vel að megineiginleikum hans sem stjórnanda. Hún hafi því orðið til að styrkja þessa eiginleika og efla, enda voru þeir þess eðlis, að þeir þurftu lítt mótvægis við.

Traust Íslendinga á Bjarna Benediktssyni, og það traust var að sjálfsgöðu miklu meira og almennara en orð var á gert, byggðist annars vegar á skilningi á því, hverjir eiginleikar hans sem stjórnanda voru, einmitt þeir eiginleikar, sem hér hafa verið gerðir að umræðuefni. Hins vegar byggðist það vafalítið á þeirri tilfinningu að Bjarni Benediktsson væri umfram allt Íslendingur. Að hann hefði yfirsýn yfir sögu þjóðarinnar, skildi manna bezt stöðu hennar og ætlunarverk, og að bókstaflega ekkert skipti hann í rauninni máli annað en heill hennar og heiður.

Jónas H. Haralz.

†

Bjarni Benediktsson er látinn. Fréttin á föstudagsmorguninn féll „eins og þruma af hamranna storð.“ Áhrifamesti stjórnmálamaður Íslendinga, sem gekk heill til hvílu að kvöldi, var horfinn að morgni.

Það var ekkert hik í mínum huga, er velja skyldi eftirmann Ólafs Thors sem formann í Sjálfstæðisflokknum, né síðan er kjör formanns hefur farið fram. Ekki heldur um forsætisráðherra. Slíkir voru hæfileikar Bjarna Benediktssonar í augum okkar, sem nán kynni höfðu af honum. Bar þar til yfirburða vitmunni, reynslu og



Með Jóhannesi páfa 23. í Vatikaninu. Bjarni var þá dóms- og kirkjumálaráðherra.

hyggindi. Hann hélt ætíð þannig á máli að segja það eitt, er hann vissi réttast, fullyrti ekki nema öruggt væri. Var styggur við stundum, ef honum fannst misgert, þóldi illa veifiskata í pólitík en mat þá, sem voru fastir á skoðunum, ef sannfæring fylgdi, jafnvel þótt hann líti öðrum augum á mál.

Virðing mín fyrir Bjarna vegna stjórnviku hans, vegna yfirburða hæfileika í stjórnmálum hefur aldrei beðið hnekki. Vitsmunir þrautseigja og mann dómur voru einkenni hans, sem hann beitti á stjórnmálaferlinum til hagsældar Íslendingum. Þess vegna mun verka hans lengi gæta. Fyrir sigri stóriðju málsins barðist hann með óbilandi festu. Minnisstæðust er mér ef til vill ræða sú, er hann flutti á Alþingi, er stóriðjumálið kom fram.

Bjarni bognaði aldrei. Þess vegna hlaut svo að fara, að hann brotnaði í stóra bylnum. Nú er skarð hans autt, en það hljótum við að fylla. Sjálfstæðismenn, svo sem við höfum vit og samhug til. Slík er skylda okkar við land og þjóð og við minningu Bjarna Benediktssonar.

Vanmegnug eru fátækleg orð, en frá hjartarótum streymir samúð til barna þeirra hjóna, Bjarna og Sigríðar, aðstandenda þeirra og litla dóttursonarins.

Jónas Pétursson.

†

Seint verður við því spornað, að í lífi einstaklinga og þjóða gerist válegir atburðir.

Einn slíkur var svíplegt andlát Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra, konu hans, frú

Sigríðar, og dóttursonar, á Þingvöllum aðfaranótt 10. þessa mána. Þjóðin öll er harmi lostin. Hún sér á bak einum sinna hæfustu forystumanna, stjórnmálaskörungi og fræðimanni, sem um árabíl hefir öðrum fremur mótað stefnuna í landsmálunum, og verið sverð hennar og skjöldur í átökunum við ótal erfiðleika. Glæsileg og mikilhæf kona hlýtur sömu ör-lög og eiginmaðurinn. Efnilegur og elskulegur sveinn, augasteinn allra vandamanna, er með sama óþyrmliga hættingum hrifsaður í burt, fylgir afa sínum og ömmu yfir mörkin til nýrra og ókunna heimkynna. Þessa atburðarás eignum við erfitt með að sætta okkur við, mót mælum henni í huga og hjarta. En hvað stoðar það? Enginn á annars úrkosti en taka því, sem að höndum ber, mæta örlogunum. Undan þeim verður ekki flúið.

Fyrir rúnum tuttugu árum kynntist ég fyrst Bjarna Benediktssyni. Þá tók ég ungar og óreyndur sæti á Alþingi. Strax þótti mér mikið til hans koma, og eftir því sem árin liðu, óx hann í mínum augum. Eg átti því láni að fagna, að þekkja hann náði utan stjórnmála og þingstarfa — og þau kynni eru mér nú hugstæðust. Að spjalla við hann, hvort sem var í nota-legri stofu eða akandi í bifreið yfir norðlenskkan fjallgarð í svarta þöku, var í senn unun og fræðsla. Alhliða þekking Bjarna Benediktssonar og skilningur hans á mannlegum högum mun aldrei falla mér úr minni. Dómgreind hans var skörp og réttlætiskemdin einn snarasti þátturinn í skapgerð hans.

Eiginkonan, Sigríður Björnsdóttir, var Bjarna Benediktssyni í einu og öllu samboðin.

Guð blessi þau og litla barnið, Benedikt Vilmundarson.

Fyrir hönd efri deildar Alþingis votta ég börnum og vandamönnum Bjarna Benediktssonar innilegustu samúð, einnig vandamönnum litla drengsins.

Norðurlandskjördæmi eystra kveður Bjarna Benediktsson og konu hans með virðingu. Minning þeirra mun þar lengi geymast.

Fjölskylda mín kveður þau með þökk og trega.

Jónas G. Rafnar.



Ég hef þekkt Bjarna Benediktsson frá því hann var litill drengur. Ég var tíður gestur á heimili foreldra hans. Það sem ég veitti sérstaka athygli í fari þessa unga drengs var hvað hann stundaði mikinn lestur og hvað hann þá strax sökkta sér niður í okkar fornu bókmenntir. Ég fann hversu mjög hann leitaðist við að brjóta efnið til mergjar. Engan dreng hef ég þekkt, sem stóð eins að lestri. Þegar fyrir kom, að hann var eitthvað ávarpaður, lét hann í ljós óþökk sína fyrir að vera truflaður.

Þessi leit Bjarna Benediktssonar að kjarna hvers efnis einkenndi hann alla tíð. Hann var mjög bráðþroska, og Benedikt, dóttursonur hans, sem fórst með þeim hjónum, virtist líkjast afa sínum í mörgu. Að honum er því áreiðanlega einnig mikill mannskaði, en börn þeirra hjóna eru öll myndarleg og vel gefin og hin mannvænlegustu. Björn er líklegur til að halda merki foreldra sinna vel á loft. Votta ég þeim öllum innilega samúð. Óska ég og vona að sá, sem öllu ræður, veiti þeim og öðrum ástvinum sálarstyrk til þess að komast yfir þann mikla harm, er að þeim steðjar.

Vinátta við foreldra Bjarna Benediktssonar, sem t.d. höfðu sömu skoðanir og ég á sjálfstæðismálum þjóðarinnar, leiddi til kunningsskapar og síðar vinátta við Bjarna og ekki síður Sigríði, konu hans, eftir að þau giftust.

Leiðir okkar Bjarna Benediktssonar lágu saman í Alþingi um alllangt skeið og er mér óhætt að segja að þykkjur okkar voru hinar sömu í öllum megin atriðum, er máli skiptu. Og þótt við værum sinn í hvorum flokki, dró það ekki úr vináttunni eða samstarfi okkar. Á þingi hafði Bjarni Benediktsson í fyrirrúmi, sanngirn og drengskap. Samflokksmönnum sínum þótti hann ekki frekar en öðrum, ef þeim varð á að sýna ósanngirni eða fara ekki með rétt mál. Heyrði ég hann þá átelja slík vinnubrögð.

Benedikt Sveinsson, faðir Bjarna, var eindreginn baráttumaður um endurheimt sjálfstæði Íslands og tók Bjarni snemma upp merki föður síns og var alla tíð eindreginn hvatamaður að lýðveldisstofnun 1944. Síðan hefur hann staðið dyggan vörð um verndun sjálfstæðis þjóðarinnar. Íslenska þjóðin hefur ekki eignast betri eða meiri fulltrúa gagnvart erlendum þjóðum en Bjarna Benediktsson og Sigríði konu hans.

Glæsilegri, skemmtilegri og vínafastari hjóna hef ég ekki þekkt. Og íslenska þjóðin hefur ekki átt betri fulltrúa.

Jörundur Brynjólfsson.



Mikill og sár harmur er kveðinn að íslensku þjóðinni við hið skyndilega og sorglega fráfall Bjarna Benediktssonar. Mun dauða þeirra hjóna og hins unga dóttursonar lengi verða minnt sem eins hins sorg

legasta atburðar í okkar sögu.

Aðrir munu betur en ég kunna full skil á löngu starfi Bjarna Benediktssonar sem forvígsmanns í þjóðlífi okkar, og þætti hans í þeim ákvörðunum sem mestu hafa varðað til eflingar framfara og til öryggis íslensku sjálfstæði. Oft mun fátt hafa verið þyngra á metum en það, sem hann lagði til mála. Hann naut alla tíð óskoraðs trausts flocks síns, og flestum fremur virðingar sem náði langt út yfir flokksbönd. Engum gat dulizt að hjá honum fóru saman sterk ættjarðarást, hugrekki og stefnufesta mikils alvörumanns og mikils vitmanns.

Ég átti því láni að fagna að með okkur tókst vinátta, og við áttum marga og góða samfundni, heima og erlendis, en oft ast á hans fallega heimili, eða þegar ég var gestur hans á Þingvöllum, og tækifæri gafst til kvöldfagnaðar og nætur-gistingar, en að morgni langrar göngufarar suður með vatni. Ég kynntist þá hans marghátt-ada áhugalífi, miklu menntun, drengilegu hugsun og einlægu manulegu hlýju. Allar samveru stundir með honum verða mér ógleymanlegar.

Ég þykist vita að ég geri engum rangt til þótt ég telji vist að hann hafi haft mestan menntaáhuga og fjölbreytilegasta þekkingu af íslenskum stjórnmálamönnum sinnar samtíðar, enda varð hann frumhvatamaður að stofnun eins mesta bókmenntafyrirtækis landsins, Almenna bókafélagsins, og stjórnarformaður þess frá upphafi. Hann las mikið, öllum stundum þegar því varð við komið, einkum rit um sögu og stjórnmál, útlend jafnt sem innlend. Oft undraðist ég hvað hann hafði komist yfir í þeim efnun, jafnframt skyldustörfum sem á hann hlóðust frá unga aldri. Hann hefur vafalaust ungur skilið hvað hann vildi, og að hverju hlaut að stefna um feril hans og þá ábyrgð sem verða mundi hlutskipti hans, og snemma verið ráðinn í að reisa lífsverk sitt á traustum undirstöðum viðtækra þekkingar, og af viturri og stórsýnni hugsun.

Ég vil mega nefna, að viðsýni hans og hleypidómaleysi kynntist ég meðal annars af mati hans á Hannesi Hafstein, en á það virtist mér engin áhrif hafa sú staðreynd, að faðir hans Benedikt Sveinsson hafði staðið á öndverðum meiði við Heimastjórnarmenn. Hann gerði sér fulla grein fyrir því



Með Asgeiri Asgeirssyni, fyrrum forseta, og frú.

hve mikill þjóðforingi Hannes Hafstein hafði verið, en sagði við mig: „Mundu samt að hann var ekki meiri maður en Ólafur Thors.“ Eitt sinn þegar ég var hjá honum á Þingvöllum var hann að lesa ævisögu Marlboroughs eftir Winston Churchill, og sagði við mig: „Bók Churchills minnr mig að einu leyti á bók þína um Hannes Hafstein, þið standið báðir fast með ykkar manni.“ Hann var ekki í þeirra tölu, sem láðu mér það einkenni á sögu minni.

Hann varð við beiðni minni um að gera mér þann greiða, að lesa öll þrjú bindi verksins í prófórk, svo að ég gæti notið góðs af, ef honum þætti einhvers staðar hallað réttu máli. Hann hafði aldrei orð á að sér þætti ófælt í garð söguhetju minnar, og gerði aðeins tveir at hugasemdir við rit mitt, aðra um orð, sem hann taldi geta misskilizt, hina um skoðun, er laut að löngu liðinni sögu, og honum þótti full afdráttarlaus.

Viðsýni hans og sanngirni kom líka fram í dómi hans um eigin andstæðinga og pólitísk sjónarmið sem hann var frábirtinn. Eitt sinn þegar hart orð féll um andstæðinga sagði hann: „Við viljum allir vel, þótt okkur greini á um leiðir.“

— Ég minnst líka með söknuði og virðingu Sigríðar Björns

dóttur, hinnar björту og skörulegu konu. Hennar glöðværi lífskraftur hefur verið manni hennar ómetanlegur styrkur, ekki sít þegar verst víðraði í stjórnmálum, og harðast reyndi á þol og bjartsýni. Bæði voru þau jöfn um frábæra gestrisni og hlýju í garð vina sinna.

Blessuð veri þeirra mikla og fallega minning — og megi blessun fylgja börnum þeirra og niðjum.

Kristján Albertsson.



Þinghúsið er þungt og traust og þingsins háir salir, en horfin er því húsi raust og hnípa á því svalir.

Lárus H. Blöndal.



Hve sæl, ó hve sæl er hver leikandi lund, en lofaðu engan dag fyrir sólarlagsstund.

M. Joch.

EINN er horfinn úr hópi hundrað og þriggja barna. Skarðið virðist ekki stórt, en í hugum okkar mun það seint fyllast. Minningarnar lifa, um litla drenginn, sem átti sér svo stóra drauma um framtíðina, glaða brosið hans, skýrlegu tilsvörin, einarölegu framkomuna og svo ótal margt fleira.

Kæri litli Bensi, þú varst sannkallaður sólargeisli hvar sem þú fórst um. Þín mun lengi verða saknað. Það er svo erfitt að trúa því, að þú komir ekki aftur í hópinn. Litlu leiksysteminum skilja það ekki og hinir fullorönu standa orðvana eftir.

Við kveðjum þig öll með djúpri sorg, en þakklátum huga fyrir samverustundirnar, sem urðu svo alltof fáar.

Foreldrum þínum og öðrum aðstandendum vottum við dýpstu samúð.

Kveðja frá Laufásborg.



ÞÓ AÐ góð vinátta, skyldleiki og mægðir væru milli foreldra minna og foreldra dr. Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra og ég hefði sem þingskrifari kynnt hinum göfuglynda stjórnmálaskörungi föður hans, kynntist ég dr. Bjarna ekki að neinu ráði fyrr en ég var kosinn þingmaður haustið 1942, enda var ég nærri 10 árum eldri en hann.

Bjarni hafði verið kjörinn alþingismaður þá um vorið og endurkjörinn um haustið eins og ávallt síðar.

Hafði hann þá þegar að baki sér mjög merkilegan námsferil og ævistarf, hafði verið prófessor í lögum við Háskóla Íslands frá því árið 1932 þar til hann gerðist borgarstjóri í Reykjavík 1940 og hafði samið m.a. hið merkilega lögfræðirit Deildir Alþingis, sem kom út 1939, sem fylgirit með Árbók háskólans.

Við dr. Bjarni sátum saman í efri deild Alþingis öll þau 14 ár, sem ég var á þingi, við vorum í sama stjórnmálaflokki og tókst með okkur nán samvinna, sem smátt og smátt breyttist í órjúfandi vináttu, enda man ég ekki til að skoðanamismunur væri með okkur í neinu, sem nokkru máli skipti.

En sá Bjarni, sem ég kynntist árið 1942 og sá Bjarni, sem ég kveð nú um stund með sárum söknuði, voru tveir ótrúlega ólíkir menn.

Bjarni frá 1942 var stórgáf- aður og stórlærður maður í sínu fagi, en hann var þó ekki búinn að öðlast þá skapstillingu og sanngirni, sem hann með sínum mikla viljakrafti og sjálfafneitan tamdi sér eftir því sem árin liðu, né ná þeirri yfirsýn, sem gerði hann að afburðamanni. Hann var baráttumaður að eðlisfari og gat verið harðskeyttur ef svo bar undir, en hann óx með hverri nýrri ábyrgðarstöðu að viðsýni og þá um leið að sanngirni. Ekki hef ég heyrt aðra menn dæma mótstöðumenn sína af meiri sanngirni og síðustu árin lagði hann mildandi hönd yfir stjórnmálalífið og þjóðlífið í heild.

Ég hef á ævi minni átt því láni að fagna, að kynnst fjölmörgum af gáfuðustu og beztu mönnum þjóðarinnar, en ég hef ekki kynnt náð nema tveim mönnum — eins ólíkir og þeir þó voru — sem ég vil kalla vitra menn. Annar þeirra var Jón sál. Magnússon, hinn var Bjarni Benediktsson. Og það má segja íslensku þjóðinni til hróss, að hún bar gæfu til að gera báða þessa miklu menn að ædstu valdamönnum sínum.

Og forsjónin lagði blessun sína yfir þetta með því að leyfa þeim báðum að falla frá í fullu fjöri í valdamesta embætti þjóðarinnar, gagnstætt því, sem svo margir stjórnmálamenn hafa orðið að þola — „að lifa sjálfa sig“.

En verk þeirra lifa. Sam-



A Lögbergi með núverandi forseta, dr. Kristjáni Eldjárn og Filip prins, þegar sá síðastnefndi kom til Íslands í opinbera heimsókn.

bandslagasáttmálinn frá 1918 er tengdur órjúfandi böndum við Jón Magnússon og lýðveldisstofnunin 1944 sams konar böndum við Bjarna Benediktsson.

Ég hef minnst hér nokkurra kosta dr. Bjarna, sem blóstu við öllum, sem sjá vildu. En aðalkostur hans var að minni álitni sá, sem Winston Churchill nefndi í minningargreini um Bizenhead lávarð, „the gift of friendship“, þ. e. hæfileikinn til að vera sannur vinur vina sinna. Dr. Bjarni átti þennan kost í óvenjulega ríku mæli. Hann átti marga vini, en hann var líka eindæma tryggur vinur, og því traustari, sem meira reyndi á vináttuna.

Frú Sigríður, kona dr. Bjarna, var honum samboðin að öllu leyti. Hún var mikil húsfreyja auk þess að vera glæsileg samkvæmiskona, sem stóð sig svo í sinni vandasömu stöðu, að hvergi bar skugga á.

Hið sviplega fráfali þeirra hjóna og dóttursonarinn litla, er svo mikið reiðarslag fyrir börn þeirra og ættingja, að þögnin ein fær því lýst. Sama er að segja um vini þeirra og samstarfsmenn. Og öll þjóðin er slegin harmi. Erfitt er að sjá, hvernig fyllt verður það skarð, sem þau skilja eftir sig.

En fyrir Bjarna, Sigríði og litla drenginn, er þetta ef til vill sá fegursti dauðdagi, sem hugsanlegur er og minnir á dauðdaga Njáls á Bergþórs-hvoli. Þau fengu að flytjast burt úr þessu jarðlífi saman og í fullu fjöri, á þeim mikla og sögurika stað, sem Bjarni var fremstur í flokki að endur-reisa til fornrar frægðar.

Við hjónin óskum þessum beztu vinum okkar góðrar ferðar og efumst ekki um að heimkoman verði ljúf. Við sendum aðstandendum þeirra innilegar samúðarkveðjur. Ég veit að sagan mun geyma nöfn þeirra með virðingum og þakklæti og óska þess heitast, að þjóð vor megi eignast marga slíka syni og dætur á ókomnum árum.

Lárus Jóhannesson.



Þegar ég frétti hið sorgarfulla og hryggðnæma slys, að forsætisráðherra hjónin, frú Sigríður Björnsdóttir og dr. Bjarni Benediktsson, ásamt Benedikt dóttursyni þeirra, hefðu brunnið inni aðfaranótt föstudagsins 10. júlí í hinu forna Konungshúsi á Þingvelli, sem um langan tíma hefur verið sumarhúsið forsætisráðherra, sló hryggðin mig djúpt, því að aldrei hefði ég heyrt jafn síra og stóra sorgarfregni. Sérleikinn hefur knúð mig til að láta í ljós samúð mína út af þessum válega atburði.

Ég veit, að margir munu skrifa um forsætisráðherra hjónin, en mér finnst tilhlýðilegt, að maður úr alþýðustétt minnst dr. Bjarna Benediktssonar. Ég fer ekki fráðilega út í ætt hans né menntun, eða starfsframa, því það gera aðrir.

Við Bjarni kynntumst fyrst, þegar hann varð bæjarfulltrúi í Reykjavík, og hélt okkar kynning æ síðan. Og nú fyrir skemmstu hittumst við í sauna og ræddum þar saman okkur til gamans, m.a. um heilsu- og líkamsrækt, hreyfingu og karlmennsku. Hvorugan okkar grunaði, að þetta væri okkar hinnta samtali.

Dr. Bjarni var af merktum mannkostættum, gáfaður og viðlesinn og stórvel menntaður. Hann var marghæfur í bóklegum menntum og naut allra þessara hæfileika í ríku mæli við stjórnmálastörfin. Dr. Bjarni var viðurkenndur fyrir vitur-

leik og stjórnsemi, samfara miklum dugnaði í starfi, og hann var ekki sérhlífinn. Hann var dáður af öllum almenningi fyrir margt, m.a. það að fara fótgangandi að og frá vinnustað, svo að lítið en atvígslisvert dæmi sé nefnt.

Eins og títt er um mikilhæfa menn, var dr. Bjarni nokkuð umdeildur. En hann var hreinlyndur og djarfur til svara og kaus ekki ávallt orð á sig; og svo orðheldinn drengskapar-maður var hann, að til þess var oft vitnað.

Ég veit, að dr. Bjarni var maður tilfinninganæmari en hann lét bera á, og fann dýpra til en aðrir sáu með þeim, sem

að um hana skín ljómi fagurleikans.

Guð blessi m'ningu þeirra.
Lárus Salómonsson.



Ég kynntist þeim bræðrum Sveini og Bjarna Benediktsson um fyrst norður á Siglufirði sumarið 1927. Var ég þá að hefja útgerð og í miklum vanda staddur sökum þess, að þeir, sem keypt höfðu af mér síldina til söitunar, stóðu ekki í skilum með greiðslu og átti ég því á hættu að kollsigla mig með útgerð þessa, þegar í byrjun.



Trjáplanta gróð ursett í Ísrael.

þágt áttu. Og ég veit, að hann rétti oft hlut þess smáa, þó að þess væri ekki getað að jafnaði. Ég leitaði hjálpar til hans fyrir alþýðumann, sem misgert hafði verið við, og lofaði hann að athuga málið. Eftir fáa daga var hann búinn að rétta hlut mannsins. Og um fleiri slíkt hjálparverk dr. Bjarna hefði ég heyrt.

Hreinlyndi var dr. Bjarna sjálfrátt og eðlilegt, og var hann því oft djarfur og harður við andstæðinga sína í stjórnmálum, enda mæddi margt á honum, því hann varð snemma framarlega í fylkingar brjósti og að lokum leiðtogi stærsta flokks þjóðarinnar við síaunarkostnaðir, sem náðu inn í raðir andstæðinganna. Má segja, að dr. Bjarni var þjóðsæll maður. Með honum er horfinn einn mikilhæfasti gáfu- og mannkostamaður og stjórnmálaleiðtogi þjóðarinnar.

Með hinu sorglega og óvænta fráfali þeirra hjónanna, frú Sigríðar og dr. Bjarna og dóttursonar þeirra, er djúpur og mikill harmur kveðinn að börn um þeirra, ættingjum og ástvinum. Þjóðin er gripin hryggð vegna hins válega slyss og syrgir jafnframt forsætisráðherra sinn og mikilhæfa eigin-konu hans og dóttursoninn unga.

Ég tel mér það ómetanlegt andlegt verðmæti að hafa kynnt dr. Bjarna og þakka honum fyrir fallleg og góð viðurkenningarorð til mín og hjálpsmi. Einnig þakka ég frú Sigríði fyrir alúð og virðuleika. Ég votta börnum þeirra hjóna, ættingjum þeirra og ástvinum mína djúpstæðu samúð; einnig foreldrum Benedikts og ættingjum hans.

Ég bið Guð að vernda sál hinna dáu og gefa syrgjandi ástvinum þeirra sálarþrek til að afbera raun harmsins.

Minning þeirra forsætisráðherra hjóna mun lengi vara, því

Það varð mér til láns, að ég naut hollráða þeirra bræðra og bjargaðist andvirði sildaraflans.

Hitt tel ég mér þó meira lán, að þessi kynni leiddu til þess, að ég kynntist foreldrum þeirra, Benedikt Sveinssyni, alþingismanni og Guðrúnu Pétursdóttur, og öðrum börnum þeirra hjóna. Um áratuga skeið var ég tíður gestur á Skólavörðustíg 11. Af þeim virðendum, sem þar fóru fram, lærði ég margt um sjálfstæðismál þjóðarinnar og önnur mál, sem efst voru á baugi á hverjum tíma.

Saga þjóðmálaleiðtogans Bjarna Benediktssonar og hin margháttaðu störf hans munu verða rakin af öðrum. Ég vil þó minnst með örfáum orðum á starf Bjarna í þágu sjávarútvegsins.

Eins og minnst var á í leiðara Morgunblaðsins, var Bjarni Benediktsson manna kunnugastur atvinnuvegum þjóðarinnar fyrir og síðar. Það auðveldaði honum að afla sér þessarar þekkingar, að hann hafði sjálfur á æsku- og uppvaxtarárum sínum verið þar virkur þátttakandi og kynnt störfum og hugsunarhætti fólksins í landinu. Fyrst við garðyrkju foreldra sinna og búskap frændfólksins í Reykjavík.

Þeir bræður, Sveinn, Pétur og Bjarni unnu allir á unga aldri við landbúnað og sjávarútveg. Mörg sumur voru þeir við sveitastörf hjá frændfólki sínu á Lundum í Staðholtstungum og í Lndarbæ í Holtum. Þeir Pétur og Bjarni voru sumarið 1924 beitingastrákar hjá Brynjólfi Sigurðssyni og Jóni B. Sveinssyni á útgerðarstöð þeirra við Seyðisfjörð, sextán og sautján ára að aldri.

Bjarni og bræður hans unnu við fiskveiðislu hjá Bjarna Magnússyni, verkstjóra á Innra Kirkjusandi, stjúpöður móður þeirra, og síðar í sildarvinnu

hjá Óskari Halldórssyni í Siglufirði.

Bjarni Benediktsson var skirður í höfuð á Bjarna Magnússyni, en dóttir hans og Ragnhildar í Engey, var Kristín, móðir Ragnhildar Helgadóttur, fyrrv. alþingismanns, Tómasar yfirlæknis og Bjarna jarðvegsfræðings.

Bjarni var formaður nýbyggingsráðsnefndar frá 1941 til 1944, en í stríðinu hafði verið heilað að safna fé í nýbyggingsráði hjá útgerðar- og skipafélögum. Kom þetta fé í góðar þarfir í stríðslokinn, því að meginhluti fiskveiðiflotans var orðinn gamall og úreltur og ekki til frambúðar, enda

Benediktssyni tókst ásamt þeim Ólafi Thors, forsætisráðherra, Guðmundi Í. Guðmundssyni, Emíli Jónssyni, Davíði Ólafssyni og Hans G. Andersen að leiða þessa deilu til farsælla lykta vorið 1961. Enskir togarskipstjórar, í höfuðtögu Gerðarbænum Grimsby, töldu samningana svo óhagstæða fyrir Bretana, að þeir gerðu verkfall á annan mánuð í nóvember áskyni. Töldu þeir að brezka stjórnin hefði brugðist þeim, en það stóðst, sem um hafði verið samið.

Sjávarútvegurinn varð eins og allir vita fyrir miklum áföllum á árunum 1967 og 1968, vegna aflabrests og verðfalls. Minnkaði útflutningsandvirði um helming miðað við það sem áður hafði verið. Mjög var vandasamt að ráða fram úr þessum örðugleikum. Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar tókst þó að leysa þennan vanda samkvæmt úrræðum, sem Jónas Haralz og aðrir sérfræðingar hennar í efnahagsmálum lögðu til.

Til þess að leysa vandann varð að viðurkenna þá kjarskerðingu, sem hlaut að leiða af svo gífurlegu verðfalli og aflabresti sem orðinn var, og myndi hafa leitt til stöðvunar útflutningsframleiðslunnar, ef ekki hefði verið gripið til réttra ráðstafana í tíma til að afstýra vandanum.

Mikill ágreiningur var um það, hvernig snúast ætti við vandanum, því ekki varð komið hjá mikilli kjarskerðingu, sem margir höfðu ekki skilning á að væri óhjákvæmileg í bili. Eftir á skilja flestir, að vegna ráðstafana ríkisstjórnar og Alþingis í efnahagsmálunum urðu áföllin í útflutningsframleiðslunni léttbærari fyrir landmenn í heild, en eila mándi verði háfa.


Aðalfundur Landsambands íslenskra útvegsmanna, sem haldinn var í lok nóvembermánaðar 1969 samþykkti með samhljóða atkvæðum yfirlýsingu um efnahagsráðstafanirnar, þar sem segir svo meðal annars: „Telur fundurinn að nú sé sannað, að þessar ráðstafanir hafi á þessu ári, sem nú er að ljúka orðið til þess að bjarga útflutningsframleiðslunni og þar með afstýrt þjóðarvæða.“

Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar beitti sér fyrir auknu samstarfi við Norðurlönd og inngöngu Íslands í EFTA, sem þegar hefur orðið til mikils stuðnings sjávarútveginum og gagns fyrir landið í heild. Mun það þó eiga eftir að koma betur í ljós síðar.

„Allt orkar tvímælis þá gert er,“ var orðtak Bjarna. Jafnan kom það í ljós eftir á, að Bjarni hafði haft rétt að mæla, er menn greindi á um hvaða leið skyldi fara, þegar mikið var í húfi.

Bjarni Benediktsson er einn af vitrustu og dugmestu foringjum, sem íslenska þjóðin hefur eignast allt frá upphafi Íslandsbyggðar. Þekking hans, gjörhygli, framsýni og orðsníld var einstök. Hann var maður kjarkmikill og fylgdi fast fram því, sem hann taldi rétt vera, þótt það kynni að mælast misjafnlega fyrir um stund. Hann var hamhleypa til starfa og jafnframt manna vandvirkastur og traustastur. Hann var afbrigðs stjórnandi, jafnt í andrófi sem meðbyr.

Ég og kona mín áttum því láni að fagna að vera heimilisvinir Bjarna og frú Sigríðar. Þau hjón héldu uppi risnu af miklum myndarskap og komu fram af hlýleik og vinsemd við þá mörgu gesti, sem að garði bar. Var jafnræði með þeim hjónum.



Forsætisráðherrar Norðurlanda. Talið frá vinstri: Tage Erlander, Bjarni Benediktsson, Jens Otto Krag, Johannes Virolainen og Einar Gerhardsen.

Þeim varð fjögurra barna auðið, þriggja dætra og eins sonar, sem öll eru hin efnilegustu.

Mikil ástúð ríkti innan fjölskyldunnar.

Benedikt Vilmundarson, einkar efnilegt barn, dóttursonur hjónanna, var augasteinn þeirra og eftirlæti. Dvaldist hann á heimili afa síns og ömmu og fylgdi þeim til æðri heima.

Íslenska þjóðin hefur með voveiflegum hætti misst forsætisráðherrahjón sín og dótturson þeirra. Þjóðin drúpir höfði og á erfitt með að átta sig á því, sem orðið er. Sárastur er þó missirinn fyrir nánustu ættingja og vini.

Megi hinn mikli harmur, sem kveðinn var að íslensku þjóðinni óveðursnóttina miklu á Þingvöllum efla með henni samþug og samstarf til alhliða framfara og blessunar fyrir land og lýð. Það myndi ósk hinna látnu til þjóðar sinnar.

Loftr Bjarnason.



Ég kynntist Bjarna Benediktssyni allvel á þeim langa tíma, sem við áttum sæti saman á Alþingi.

Mest kynntist ég stjórnmalamaninum Bjarna Benediktssyni, en nokkuð kynntist ég honum einnig persónulega.

Sjónarmið okkar voru ólík um ýmis þjóðmál og þar sem flokkar okkar deildu hart, hlaut það að fara svo, að við áttum oft í hörðum kappreðum. Mér er Bjarni Benediktsson minnisstæður frá slíkum stjórnmalumræðum.

Hann var sterkur ræðumaður, byggði ræður sínar skipulega upp. Flutti mál sitt oft af miklum þunga og hita.

Hann talaði jafnan blaðalaust úr ræðustóli á Alþingi og rakti þá ræður manna eftir minni af furðulegri nákvæmni.

Bjarni Benediktsson var harður mótstöðumaður í pólitískum deilum og slyngur málflytjandi í ræðu og riti.

Hann hélt fast á sínu máli, en var hreinskjöttinn og vildi hafa réttar leikreglur. Hann vann því virðingu og viðurkenningu, ekki aðeins samherja, heldur einnig pólitískra mótstöðumanna sína.

Eftir að Bjarni Benediktsson varð forsætisráðherra og hafði tekið við formennsku í Sjálfstæðisflokknum, breytti hann í ýmsum efnunum um vinnu-

brögð í samskiptum við pólitíska andstæðinga. Hann varð samvinnuliprari en áður og leitaði oft eftir viðræðum við forystumenn félagsmála- og flokka um úrlausn á erfiðum vandamálum. Þá komu í ljós hyggindi hans og skörp dómgreind.

Í dag minnst samherjar Bjarna Benediktssonar síns mikla og glæsilega foringja og harmna fráfall hans.

Við hinir, sem stundum deildum við hann á málþingum, en kynntumst stjórnmalaforingjanum og mannum Bjarna Benediktssyni, kveðjum hann sem stórbrotinn samferðamann, mikinn stjórnmalaman og heilsteyptan og minnisverðan persónuleika.

Það er sannarlega sjónarsviptir að fráfalli slíks stjórnmalamanns og Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra úr röðum íslenskra alþingismanna.

Í hinu hryggilega slysi, sem varð í ráðherrabústaðnum á Þingvöllum lézt einnig einigkona Bjarna Benediktssonar, frú Sigríður Björnsdóttir ásamt ungum dóttursyni þeirra. Frú Sigríður var glæsileg kona. Hún hafði fastmótaðar skoðanir og hélt þeim hikaust fram, þegar því var að skipta, ekki síður en maður hennar. Hún var alúðleg kona og þægileg í viðkyningu.

Ég votta börnum forsætisráðherrahjónanna mína dýpstu samúð vegna hins hörmulega slyss, og einnig öllum öðrum ættingjum þeirra hjóna og aðstandendum litla drengsins.

Lúðvík Jósepsson.



Fyrsta fregnin, er mér barst nýkomnum frá útlöndum, var hin óumræðilega slysa- og dauðafregna frá þeim stað, er þjóðinni er hjartfólgnastur vegna sögutengsla og náttúru- fegurðar. Mig setti hljóðan, því atburður eins og þessi snertir ekki einvörðungu ættingja og vini, heldur getur gæfa heilrar þjóðar verið undirorpin honum.

Hér skal fyrst lögð á það áherzla, að horfinn er úr hópi okkar háskólakennari, prófessor í lögum, er settur var til þess merkilega og vandasama starfs 1932 frá 1. september þess árs að telja. Þetta eitt gæti mörgum virzt athyglisvert ihugunarefni, því aldurinn var

ekki nema 24 ár, en embættisprófi hafði hann lokið tveim árum áður með ágætum og verið svo við framhaldsnám erlendis. Að eigin ósk var honum veitt lausn frá embætti frá 1. október 1941 að telja, en lausn frá kennsluskyldu hafði honum verið veitt kennsluárið 1940-41 vegna borgarstjórastarfsins, er hann hafði tekið að sér — sem leiddi til æðstu starfa.

Glæsilegur ferill hófst á mjög ungum aldri; svo ungum, að markvert mundi þykja með öðrum um þjóðum. Sem menntamálaráðherra var hann itrekuðum sinnum yfirboðari Háskóla Íslands, sem að lögum lýtur beint undir ráðherra. Og naut Háskóli Íslands góðs af því, að Bjarni Benediktsson var mál- efnunum hans kunnugur og hafði verið þar í starfi á uppbyggingar- og umrótatíma, sem í raun var engu minni en nú í dag; — á tíma, þegar fjármunir voru eigi nándar nærri eins miklir og þeir, þrátt fyrir allt, eru nú. Kennarahópurinn var töluvert miklu fámennari þá en nú, en eigi minna stórhuga.

Í Bjarna Benediktssyni tog-

uðust á mörg öfl. Fræðimaður var hann með ágætum, og liggja eftir hann nýt og góð rit á þeim sviðum, en framkvæmdamaður var hann líka með ágætum og gekk þar fram eins og björninn. Ég tel, að meðal margvislegra gæða, sem fallið hafa mér í skaut, er að hafa kynnt Bjarna Benediktssyni; fengið að ræða við hann sameiginleg áhugamál í fræðunum, þar sem ég dáðist að víðsýni hans og bráðskörpum skilningi, sem oft varð til þess að opna mér nýja heima. En lán var það mér einnig að fara með umboðsvald ráðherrans; að sjá til vinnubragða manns, er kunnur að taka skjóta ákvörðun og standa við hana. Pakklátur er ég fyrir það traust, er mér var sýnt þá og endranær, velvild alla og alúð.


Ég kynntist ekki frú Sigríði Björnsdóttur með sama hætti, en stoð og stytta var hún eigin manni sínum í miklum og vanda sömum störfum. Sár harmur er það börnum þeirra hjóna að missa foreldra sína með þeim hætti, er varð, auk yndislegs sonar og frænda, sem var sólar geisli í lífi þeirra allra. Sár harmur er og kveðinn að föður og föðurföreltrum sveinsins, sem unnu honum um heitt. Nafnið Benedikt var ættarnafn — nú má minnst að frummarking þess er „blessaður“, og sé hann fjársjóður, varðveittur á himnum.

Á augabragði endaði líffskeið afa og ömmu og dóttursonar. Þá breyttist tafastaða lífsins og mætti minnst orða Markúsar Árelíusar: „Allt, sem þú sérð, mun brátt undir lok líða, og þeir, sem hafa verið áhorfendur að endalokum þess, munu einnig brátt líða undir lok. Og sá, sem andast á efri árum, mun verða settur til jafns við þann, sem læzt fyrir aldur fram.“

Það var ekki að ófyrirsýnju, að Háskóli Íslands kaus Bjarna Benediktsson doctor juris honoris causa á hálfri aldar afmæli Háskólans 1961 í þakkar- skyni og viðurkenningar fyrir margháttuð vel unnin störf. Og nú er skylt að hafa yfir í huganum hið forna ávarp: „Vale præclarissime juris doctor.“

Háskóli Íslands vottar öllum þeim, sem nú hafa orðið fyrir sárum og óvæntum harmi, hina innilegustu samúð.

Magnús Már Lárusson.



Útivist.



Í RÚMLEGA þrjá áratugi hefur Bjarni Benediktsson verið einn mesti áhrifamaður í stjórn málum okkar Íslendinga og tæpan síðasta áratugi hefur hann vafalaust verið mikilhæfasti stjórnmalaforingi okkar.

Það er harmsögulegt áfall, sem íslenska þjóðin hefur orðið fyrir að sjá á bak þessum merka og vitra þjóðarleiðtoga á svo óvæntan og hörmulegan hátt.

Störf hans og líf, fram eftir ævi, voru mjög tengd Reykjavík og málefnum Reykjavíkinga. Þó er það athyglisvert, að fyrsta framboð hans til Alþingis var ekki í Reykjavík. Það var árið 1937. Þá bauð hann sig fram á Ísafirði og jók verulega fylgi Sjálfstæðisflokksins á þeim stað. Ég hygg, að þetta hafi verið fyrstu umtalsverðu afskipti Bjarna Benediktssonar af stjórnmalum úti á landsbyggðinni, en þau afskipti hans fóru mjög vaxandi er leið á ævina. Hann ferðaðist um allt land, kynntist fjölda fólks, hlustaði á skoðanir þess og gerði sér far um að kynna lífskjörum þess. Þetta, meðal annars, gerði hann að víðsýnni foringja og þjóðarleiðtoga.

Fjörum sólarhringum fyrir hinn hörmulega atburð var ég með honum á síðasta héraðsmótinu. Kona hans var þar einnig, en hún ferðaðist mikkið með manni sínum og tók virkan þátt í störfum hans og var honum ómetanlegur styrkur. Frú Sigríður Björnsdóttir var glæsileg kona, gáfuð og skemmtileg, sem hvarvetna var vel tekið ekki síður en manni hennar.

Þegar ég skrifa þessi fáu kveðjuorð, er mér sorgin og söknuðurinn efst í huga. Ég held, að það sýni betur en mörg orð, hversu innilega mér þótti vænt um Bjarna Benediktsson. Samskipti okkar voru þó ekki gælur einar, en eftir því, sem kynnin urðu lengri og nánari, óx virðingin fyrir honum. Gáfur hans, hyggindi, heiðarleiki og drengskapur gerðu hann fyrst og fremst að þeim þjóðarleiðtoga, sem átti traust yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar inn í raðir allra stjórnmalaflokka.

Fjölskyldur Bjarna og Sigríðar hafa mikkið misst við fráfall þeirra og litla dóttursonarins. En það er einnig önnur fjölskylda, sem um leið hefur orðið fyrir þungum harmi og misst sólargeislann sinn.

Við Vestfirðingar flytjum þeim öllum, sem eiga um sárt að binda, okkar dýpstu samúðarkveðjur og biðjum guð að blessa minningu þessara mætu hjóna og litla dóttursonar þeirra.

Matthias Bjarnason.



Með þeim frú Sigríði Björnsdóttur og dr. Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra eru gengin hjón, sem hafa s.l. áratugi öðrum fremur hlotið að verðleikum óvenjumikinn trúnað okkar Íslendinga. Það er því engin furða þótt það taki okkur lengri tíma en þann sem liðinn er frá þeim harmþrungna atburði, sem átti sér stað á Þingvöllum s.l. föstudag, til þess að gera okkur grein fyrir þeirri breytingu, sem á er orðin í íslensku þjóðlífi.

Í einni svipan er svipt í burtu í fullu starfi mikilhæfum hjónum og dóttursyni þeirra, hjónum sem gegnt höfðu æðstu stoð um í þjóðfélaginu um áratuga skeið.

Starfsvettvangur Bjarna

Benediktssonar gaf honum mik il tækifæri til þess að hafa áhrif í íslensku þjóðlífi. Hefur hann með heilladrjúgum störfum sínum markað djúp spor í sögu þjóðar okkar og oft á tíðum haft úrslitaáhrif um gang mála, enda hæfileikamaður gæddur miklum gáfum.

Hvert það verkefni, sem hann tók að sér, leysti hann af hendi með þeim hætti, að menn óskuðu samstarfs við hann, menn óskuðu forystu hans.

Hvar sem hann fór, hvar sem hann lét til sín heyra, var eftir honum tekið og á hann hlust að, hvort heldur var meðal samlanda hans eða á erlendum vettvangi.

Bjarni Benediktsson gerði sér ljósa grein fyrir mikilvægi samstöðu frjálsra þjóða til eflingar heimssfriðin. Hann var því eindreginn fylgismaður samstarfs vestrænna þjóða og þar mjög mikils metinn. Norræn samvinna sér nú á bak einum af sínum virtustu og áhrifamestu forystumönnum.

Hug Bjarna allan átti þó fyrst og fremst Alþingi Íslandinga. Honum varð það helgur staður og réttur Alþingis skyldi aldrei fyrir borð borinn.

Bjarni Benediktsson hafði að leiðarljósi í þjóðmálabaráttu sinni orð föður síns Benedikts Sveinssonar, alþingisforseta, er hann reit í blaðið Ingólf 1905 „að Ísland sé fyrir Íslendinga og hér búi frjálsir menn í frjálsu landi.“

Ekkert tryggði það betur að dómi Bjarna, en virðing þjóðarinnar fyrir Alþingi.

Alþingi Íslendinga kveður nú einn sinn traustasta málssvara, mann sem verður minnst svo lengi sem íslenskt tunga er töluð.

Hugur minn hvarflar aftur í tímann til þeirra ára er ég kynntist fyrst þeim Bjarna Benediktssyni og hans elskulegu konu frú Sigríði.


Ég kom ungur í þingflokk Sjálfstæðismanna til samstarfs við þaulreynda og mér miklu eldri menn, sem aldurs vegna gátu verið feður mínir. Það var mér því mikils virði og mun óþafa verða mér ævarandi styrkur í stjórnmálastarfi mínu, hversu reiðubúin þessir ágætu menn voru að miðla af sinni reynslu og fróðleik og þar var Bjarni fremstur í flokki.

Aldrei þreyttist Bjarni Benediktsson á því að leggja yngri mönnum flokks síns lið. Hann gerði að sjálfsgöðu kröfur til þeirra eins og hann hafði ungur gert til sjálfis síns, en hollráður var hann ætíð. Þótt okkur fyndist hann stundum vilja fara að sínum geðþótta og við værum honum ekki sammála, kom oftast í ljós, að hann hafði áttað sig betur á hlutunum og haft á réttu að standa. Slíkan mann vildu menn hafa fyrir sinn foringja.

Er nú leiðir skiljast vil ég færa þeim frú Sigríði og Bjarna Benediktssyni þakkir mínar og konu minnar. Þeirra samskipta og þess samstarfs sem við áttum saman munum við ætíð minnast með miklum söknuði, og meta mikils velvilja þeirra, einlagni og hreinskilni.

Það hefur stórt skarð verið höggvið í fjölskylduna að Háu hlíð 14, þegar allt í senn húsmóðirin, húsbóndinn og dóttursonurinn Benedikt eru kvödd á fund Drottins síns, en Benedikt litli var aðeins fjögurra ára að aldri, mjög efnilegur og skýr drengur, sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar Þ. Gíslasonar ráðherra og konu hans Guðrúnar Vilmundardóttur.

Við biðjum Guð almáttugan að veita börnum þeirra Sigríðar og Bjarna styrk í þeirra



Á 20 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins í Washington. Á myndinni með Bjarna eru Brandt og Nixon, forseti Bandaríkjanna.

miklu sorg, svo og föður og öðrum aðstandendum Benedikts litla og sendum þeim samúðarkveðjur okkar.

Matthias A. Mathiesen.



Í ÁRSBYRJUN 1949 hóf ég starfsemi mína við fangahjál, sem ég nú hef starfað að í tvo áratugi og haft afskipti af málum tæpra tvö þúsund meira og minna sekra afbrotamanna.

Það var sannarlega happ fyrir þessa starfsemi, að Bjarni Benediktsson var æðsti maður dómsmálanna þegar Fangahjálpin hóf göngu sína. Þegar í byrjun sýndi hann henni fullkomna samúð og fyrir frumkvæði hans var fyrsta fjárveitingin til hennar frá því opinbera samþykkt á Alþingi. Allir þeir ungu menn, sem notið hafa aðstoðar Fangahjálparinnar, standa því í sérstakri þakklætisskuld við Bjarna Benediktsson.

Ég var svo hamingjusamur að njóta langra kynna og vin áttu foreldra Bjarna, sem var mér mikils virði þegar ég var ungur og sama segi ég um nána vináttu og hlýhug, sem hann hefur sýnt mér á síðustu áratugum. Þrátt fyrir þann hjúp, sem Bjarni skrýddist ef hann stóð í hörðum stjórnmála-deilum, þá sló í brjosti hans viðkvæmt hjarta og hann átti drengskap og manndóm til þess að láta hjartað tala, — en hann bar ekki tilfinningar sínar á torg.

Ég sakna þessa göfuga drengskaparmanns og bið Guð að hugga ættingja hans og vandanmenn.

Oscar Clausen.



Mikilmenni hefur kvatt þjóð sína fyrirvaralaust.

Bjarni Benediktsson látinn.

Kona hans og ungur dóttursonur fylgdu honum í dauðann — og lífið.

Ógnarfregn brýzt eins og jarðskjálfti um land og byggð, inn í hvern bústað, inn í sál hvers barns. Úti við sæ og inn til dala Íslands svífur dökkt ský ógnvekjandi saknaðar, tóm leika og efasemda.

Skelfingu lostinn við þessa voðafregn, sezt ég nú fram við gluggann minn, þar sem við Bjarni sátum stundum saman, horfðum út á óendanlegt hafið, blikandi í hlýviðri og hádegis-sól og útið að kveldi. Við ræddum um um lífið og tilveruna séð í spegli þessa ómælis úthafs. Þær samræður verða ekki skráðar hér. Fátt geymir endurmíngin um lífið og samferðafólk-

leiða litla dóttursoninn inn í friðsaelli heim.

Blessuð sé þeirra minning.

Páll Ísólffsson.



„Og skín ei ljúfast ævi þeirra yfir, sem ung á morgni lífsins staðar nemur, og eilíflega, óháð því, sem kemur, í æsku sinnar tignu fegurð lifir?“

Sem sjálfur Drottinn mildum lófum lyki um lífsins perlu í gullnu augnabliki —

(T.G.)

Á kveðjustundum gera menn sér þess beztt grein, hvers virði hver einasta stund lífsins er í raun og veru. Og þá sjáum við ef til vill hvað greinilegast, hversu sú ævi, „sem ung á morgni lífsins staðar nemur“, er eilíf og öllu óháð. Hvert einstakt atvik er verðmæti, hvort heldur er bjart og fallegt brot eða táfáflóð, glaðlegt tillit eða kveðjukoss að leiðarlokom. Allt þetta og ótal margt annað í einni hugljúfri mynd eða hvert um sig í ljós-brotum getur aldrei gleymzt, en geymist í helgireit.

Nú hefur „mildum lófum“ var ið lokið um vinnu minna unga. Bensi minn elskulegur er horfinn okkur með afa sínum og ömmu. „Ég ætla að kyssa þig“, sagði hann við mig að loknum leik fyrir fáeinum dögum. Mér er bággt að trúa því, að þessi gleðikoss skuli hafa verið hinztu kveðjan hans Bensa litla til mín. En svona getur lífið verið svipult til gleði og sorgar. Aldrei framars skín sál litla drengsins til okkar úr augnum stóru, — aldrei framars. Þessi hrollkaldi skapadómur bergmálar allt um kring.

Já, helfregnir berast, við verðum að trúa þvert gegn vilja, strengir bresta í brjóstum. — Hvers vegna? Við spyrjum um í hljóðlátri undrun, við spyrjum aftur og enn á ný, en fáum ekkert svar. Allt er svo ógnarhljótt. Okkur er ekki skapað að skilja meira en hófi gegnir.

Ungir foreldrar sjá á bak hjartfölgnum syni, yndi og eftirlæti. Anna og afi syrgja ástríkan sonarson. Vinir kveðja sólargeisla. Í hugskoti geymist ljúfur svipur og nokkur ævibrot elsku litla vinarins. Þær minningar eru dýrmætari en svo, að ég treystist til að hafa þar um nokkur orð.

Pétur Kr. Hafstein.



BJARNI Benediktsson var sannarlega oft harður andstæðingur og mískunnarlaus vinur. Hann skipaði ekki bróðurhlutverk í leik. En hann bar aldrei hefndarhug í brjosti. Hann lét vitjó ráða og eignaðist trausta vini.

Nú þegar hann mikilúðlegi, langþjálfaði baráttumaður hefur yfirgefið leikvöllinn, um aldur fram og á miðjum annasömum starfsdegi, mun hann tæplega biðja um tár okkar að skilnaði, heldur baráttugleði, fórnarlund, og umfram allt hreinskilni og manniúð. Ekki gleyma Guði.

Ekki gráta, heldur safna líði til baráttu fyrir ríki hans.

Ofurhugi, sem gaf þjóð sinni og lífinu allt stítt mikla þrek og starfsorku, ást sína og trú — allt.

Rís upp, Unga Ísland, þetta er ykkar stund. Slíkt líf má ekki deyja til einskis.

Ragnar Jónsson.



Sigríður Björnsdóttir var hin áttunda í hópi 13 systkina. Foreldrar þessa hóps voru Anna Pálsdóttir frá Neðradal í Biskupstungum og Björn Jónsson skipstjóri frá Ananaustum. Anna hafði snemma kynnt þvi, að líf þ er baráttu, og að vinnu semi og kjarkur eru leiðirnar til sigurs í þeirri baráttu. Hún hafði alizt upp með móður sinni Auðbjörgu Runólfsdóttur, sem missti bónda sinn frá börnunum ungum. Anna lézt í Reykjavík fyrir tæpum 9 árum.

Björn, faðir Sigríðar, var sjálfur borinn og barnfæddur í Ananaustum í Reykjavík, eins og öll börn hans. Sjónin sótti hann, meðan heilsa entist, og þótti farsæll skipstjóri. Lengst af stjórnaði hann kúttar Sigríði og síðan línuveiðar-anum Sigríði. Hann lézt árið 1946 og hafði þá fengið að sjá öll börn sín komast upp. Fyrstu hjúskaparár þeirra Björns og Önnu í Ananaustum bjuggu þar einnig foreldrar Björns. Þannig varð heimili þeirra vettvangur þriggja kynslóða, þar sem lífsreynslu horfinnar aldar var miðlað til hinna yngstu. Þetta var hin skýra mynd af dugandi íslenskri fjölskyldu við sjávarsiðuna, þar sem húsbóndinn var langtímum saman, stundum svo mánuðum skipti, á sjónum. Húsfreyja stýrði þá öllu, utan stökks og innan. Vitanlega voru verkin mörg á þessu heimili, en samhugur var mikill, hver hjálpaði öðrum, lítill systk



Útanríkisráðherrafundur NATO í júní 1968: Willy Brandt, utanríkisráðherra Vestur-Þýskalands, Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og Manlio Brosio, framkvæmdastjóri NATO.

ini og stór héldust í hendur. Þarna í nábyli við sjónn meitilaðist Sigríður Björnsdóttir. Hafið veitti þessu fólki björg í bú og seiddi til sín vinnufusa bræðurna, en hjó síðan þrjú skörð í hóp þeirra á örskömmum tíma um áramótin 1943—1944. Tvær systur missti Sigríður líka, svo að oft hafði lífið sært hana, en kjarkurinn var mikill, og eitt sinn sagði hún: „Ef ég hefði verið drengur, hefði ég hiklaust farið á sjónn.“


Það gústar oft af sjónum þarna vestur frá, en á móti kemur, að þar skín sólin fegur, eða svo finnst mörgum Reykvikingnum. Hvort tveggja endurspegladist í fari Sigríðar Björnsdóttur. Hún var hressandi eins og gusturinn, björt og hýr eins og sólskinið. Sigríður var ljóshærð, bláeyg og upp-litsdjörf. Framkomnan var frjálsmannleg, en þrúð. Landin var létt og ljúf. Sigríður var snögg til svara og glettin, en traust á alvörustund.

Sigríður stundaði nám í Kvennaskólanum í Reykjavík og síðar í lýðháskóla í Svíþjóð. Innan við tvítugt hóf hún skrifstofustörf hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands og starfaði þar, unz hún gekk í hjúskap.

Sigríður giftist borgarstjórnanum í Reykjavík, sem þá var, Bjarna Benediktssyni, aðeins 24 ára gömul. Ég minnst þess að eitt sinn, er ég var unglingur, að sat ég í stofu með nokkrum frænkum Bjarna, og þær ræddust um hjóðlega við. Þótti mér það merki þess, að eitthvað forvitni lagt væri á seyði og lagði við hlustir. Þær voru þá að spyrja hver aðra, hvort þær hefðu séð konufni Bjarna frænda síns. Það eina sem þær vissu þá um Sigríði var að hún væri ljóshærð og lagleg, líðlega tvítug. Nokkurrar áhuggjú kenndi í róm þeirra. Þess var getið í tali þeirra, að það væri vandasöm virðingastaða að vera húsfreyja borgarstjórans. Hann var tíu árum eldri en hún, og óvenju ríkur að lífsreynslu. En Sigríður reyndist sannarlega vandanum vaxin. Fljót var þessi unga stúlka að vinna sér virðingu og vináttu ættmenna hans, ungra og gamalla. Þau höfðu alla tíð mikið og gott samband við hið fjölmenna ættlið sitt og reyndust jafnan bezt, er alvaran var mest. Ekki voru það sízt háaldraðar móðursystur Bjarna, sem áttu trausta vinkonu, þar sem Sigríður var. Raunar vann Sigríður sér ekki aðeins mikla virðingu ættmenna bónda síns, heldur alþjóðar, svo vel stóð hún í stöðu sinni.

Í æsku voru helztu áhugamál Sigríðar íþróttir og útlíf. Var hún ágæt íþróttakona og starfaði í fimleikadeild og skíðadeild Glimufélagsins Ármanns, sem alla tíð var henni hugstætt. Vafalaust hefur þessi áhugi hennar átt sinn þátt í því síðar, hve mikið Bjarni iðkaði göngur og útivist sér til heilsu bótár og yndisauka. Önnur félagsstörf vöktu áhuga hennar síðar, og síðustu 3 árin starfaði Sigríður innan Oddfellow-reglunnar í Rebekkustúkunnni Sigríði. Málefni þess félagskapar bar hún mjög fyrir brjósti.

Ung varð Sigríður einlæg og áhugasöm Sjálfstæðis-kona. Trú hennar á stefnumál Sjálfstæðisflokksins, áhugi hennar á stjórnmálum yfirleitt og glöggur skilningur á því, hvað eigin kona stjórnmálamanns getur gert til að þoka áfram málum, olli því, að hún tók ótulllega þátt í starfi bónda síns innan Sjálfstæðisflokksins. Átti hún sæti í stjórn Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna, um árabil og gegndi fleiri störfum fyrir það félag. Einnig átti hún sæti í Fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Hygg ég, að þeir fundir Sjálfstæðisflokks-



Sigríður skirir m/s Reykjavoss 10. Júní 1965 í Aalborg Værf.

ins í Reykjavík hafi verið fáir, sem hún ekki sat, ef nokkur tók voru á. — Fjöldamargir borgarar leggja á sig mikið starf til að vinna að sigrum Sjálfstæðisflokksins. Þetta starf mat hún að verðleikum.


Það var ekki að skapi Sigríðar að halda að sér höndum, þegar aðrir unnu að þeim hugðarfennum, sem henni voru hjartfólgnust. Þau hjón töldu það raunar sjálfsgæða skyldu stjórnmálanna að taka þátt í hnu almenna flokksstarfi. Sama fannst henni gilda um eigin inkonur stjórnmálmannanna. Þess vegna gaf hún sér ætíð tíma til að leggja hönd á plóginn. Það var hennar stærsta áhugamál í lífinu og ljúfasta verkefni að fylgja bónda sínum og styðja hann, hvenær sem við þurfti. Og það varð oft, því að Bjarni taldi sér mikinn styrk að stuðningi hennar, bæði í einkalífi og við opinber skyldustörf. Eigin kona borgarstjóra og ráðherra þarf að koma fram við margvísleg tækni færi, innan lands og utan, og skiptir miklu fyrir þjóðina, hvernig það hlutverk er rætt. Sigríður leysti það af hendi með reisu, sem henni var í blóð borin, og laðaði að sér fólk með framkomu, sem var bæði ljúf og fersk.

Þótt mörgu væri að sinna heima fyrir, mun Sigríður sjaldnast hafa talið sér neitt að vanbúnaði, þegar Bjarni óskaði fylgdar hennar. Svo mikil var ást hennar á Bjarna Benediktssyni og gleði hennar yfir því að taka þátt í lífi hans og styðja hann við lausn þeirra verkefna í þágu lands og lýðs, sem hún vissi hann manna færastan til að sinna.

Sigríður og Bjarni bjuggu fyrstu búskaparar sín að Eiríks götu 19, en fluttu þaðan í Ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu, síðan í Blönduhlíð 35 og loks í hús sitt við Háuhlíð. Frá fyrstu árunum er í huga mínum skýrust mynd af þeim, er þau komu eitt sinn til foreldra minna með Björn son sinn árgamlan, bæði geislandi af hamingju. Leyndi sér ekki, hve stoltur Bjarni var af konu sinni og hve mjög hann hlaut að hafa þrúð að eignast þennan litla dreng. Þau voru svo lánsöm að eignast líka þrjár dætur, Guðrúnu, Valgerði og Önnu. Þennan hóp annaðist Sigríður af ástúð og festu ásamt kostgæfni dugandi húsmóður. Hún var vinur barnanna og félagi. Hún yljaði þeim með glöðvæð sinni og styrkti þau með kjarki sínum. Það átti fyrir þeim hjónum að liggja að hafa jafnan lítill börn undir verndarvæng. Er yngsta barn þeirra var komið á legg, bættust þeim tveir ungir heimilismenn, dóttursynirnir Bjarni og Benedikt, sem báðir voru yndi afa síns og ömmu. Bjarni, sonur Guðrúnar, fluttist með móður sinni heim í Háuhlíð, er hún og faðir hans, Markús Jensen, höfðu sliðið hjúskap sínum.

Benedikt litli, sem fylgdi afa sínum og ömmu á Þingvöllum, var sonur Valgerðar og Vílmundar, sonar Gylfa Þ. Gíslasonar. Þessi litli drengur tengdi því formenna tveggja stjórnmálaflokka mannlægri bændum en nokkurt stjórnarsamstarf gat gert. Báðir afarnir og ömmurnar sameinuðust í ástinni til barna sinna, h'anna ungu foreldra drengsins, um að létta undir með þeim við umönnun hans. Á hinn stuttu ævi sinni varð hann gleði þeirra og stolt. — Nú verður mikill styrkur systkinunum í Háuhlíð andinn, sem Sigríður flutti með sér úr Ánanaustum, þar sem hver hjálpaði öðrum, lítill systkini og stór héldust í hendur.

Að öllu samanlögðu var líf Sigríðar Björnsdóttur sigurganga. Hún var mikil og einlæg trúkona. Hún sigraði með aðferðum, sem henni voru í blóð bornar, atorku og kjarki, eflað af ástinni til bónda síns. Hin



Í Skorradal 1957, frá vinstri: Ragnheiður Hafstein, Bjarni og Sigríður.

létta og styrka lund hennar var sólskin í lífi hans. Hún vann glæsilegt lífsstarf. Henni var ekkert að vanbúnaði, að fylgja Bjarna. Eins og þau voru vón, lögðu þau einnig saman í hina löngu för. Bjarni og Sigríður lögðust til hvíldar með Benedikt litla í verðugum áfangastað. Á helgum stað þjóðarinnar, þar sem saga landsins talar til okkar, hurfu þau á vit hennar, Íslandssögunnar, sem þau áttu svo ríkan þátt í að skapa.

Ragnhildur Helgadóttir.



Okkur elskulega félagsystir í Rebekkustúkunnni nr. 4 „Sigríði“ I.O.O.F. frá Sigríður Björnsdóttir, er burt kölluð. Hvernig fáum við það skynjað, hún sem með reisu sinni, lífsgleði, vináttu-hug og einlægni þrýddi sali vora á fundum okkar. Hún var ímynd hins dugmikla íslenska athafnafólks. Faðirinn, móðirinn,

okkur orð fá gert. Hinn stóri hópur vina þeirra á góðar minningar um fagran menn-ingarblá á heimili þeirra, gest-risni, gleði og höfðingskap. Við hjónin fengum enn einn vott trygglýndis þeirra, er við fluttum úr bænum. Þau töldu ekki eftir sér að koma til okkar þegar færi gafst. Eignum við um þær björtu stundir ógleymanlegar endurminningar, sem við munum ætíð varðveita. Megi hin íslenska þjóð heiðra minningu þeirra hjóna um ald-ur og ævi, eins og þau heiðruðu Ísland með göfugu lífi sínu og starfi í þágu alþjóðar.

Sigrún og Asgeir.



ÞEGAR ég nú með mikilli hryggð hugleði hið svíþlega andlát Bjarna Benediktssonar, forsæðisráðherra konu hans og dóttursonar, koma þessar minningar frem.

Það var alltaf talsverður undirbúningur fyrir allar kosningar hjá Sjálfstæðisfélagunum í Reykjavík, sama hvort um alþingiskosningar eða bæjarstjórnarkosningar var að ræða.

Ekki var það sízt árið 1934. Við, sem undirbjuggum framboðslistann hverju sinni, reyndum eflur beztu getu, að fá að minnsta kosti einn ungling menn á listann, er uppstilling fór fram.

Ég varð því ekki lítið glaður, þegar ég frétti, að búið væri að fá ungling lögfræðing, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, á framboðslistina okkar Sjálfstæðismanna í þetta sinn.

Þessi ungi maður var Bjarni Benediktsson sem fyrir tveim ánum hafði komið heim frá Þýskalandi frá framhaldsnámi við ágætlan háskóla þar. Áður hafði hann lokið námi í lögum við Háskóla Íslands með hæstu einkunum, sem fram að því hafði verið tekið.

Til þessa hafði Bjarni lítinn þátt tekið í stjórnmálum, enda lítinn tíma haft til þess, þar sem hann var önnur kaflinn við nám, bæði hér heima og erlendis.

Það var í janúar, stuttu fyrir kosningar, að við ákváðum að halda almennan flokksfund fyrir Sjálfstæðismenn í Gamla bíói. Fundur þessi var mjög vel sóttur, og þóttumst við góður, sem náðum í sæti, og svo var staðið, þar sem hægt var að tylla niður fæti. Það var með nokkurn eftirvæntingu, að ég kom til þessa fundar, því að ég hafði aldrei heyrt Bjarna halda ræðu fyrr. En ég var þess fullviss, þar sem hann var sonur einhvers bezta ræðumanns, sem Ísland hefur átt, vinar míns og samherja, Benedikt Sveinssonar, þá myndi hann geta komið fyrir sig orði.

Einhverjir töluðu á undan Bjarna, en því niður man ég ekkert af því, sem þeir sögðu. Hins vegar má segja, að það eina, sem ég man frá þessum fundi, er ræða Bjarna, sem var frá þyrjun til enda vel byggð og rökstudd, og flutt með þeim mikla samfæringarkrafti og öryggi, sem einkennit hefur ræðumennsku hans alla tíð.

Og þó að ég, á langri og áncægjulegri samleið okkar, hafi hlustað á margar ræður og erindi, flutt af afurða málsnild, þá verður þó þessi fyrsta ræða hans mér alltaf ógleymanleg.

Við sigruðum með yfirburðum í þessum kosningum, og mun það ekki sízt hafa verið Bjarna að þakka. Bjarni var strax kosinn í bæjarráð, og áttu þeir þrjú, Jón Þorláksson, sem þá hafði gegnt borgarstjórnastörfum í tvö ár, og forseti bæjarstjórnar, Guðmundur félagi minn Ásbjörnsson, mikið samstarf.

Þegar þessir þrjú menn höfðu starfað saman tæpt ár, spurði ég eitt sinn Guðmund, hvernig

honum félli samstarfið við Bjarna.

„Því er fljótsvarað,“ sagði Guðmundur. „Bjarni er ágætismaður, alhliða gáfaður og djúpvitur.“

Ég spyr Guðmund: „Ekki er hann þó eins gáfaður og Jón okkar Þorláksson?“

„Jú, á ýmsum sviðum er hann honum fremri, það kynnu þá að vera fjármálin, en um þau er ekkert hægt að segja nú, því að engin veruleg fjármál hafa verið rædd, síðan hann kom.“

Ég gladdist innilega yfir þessum jákvæðu viðbrögðum féлага míns, því að jafnaði var Guðmundur spar á lofið. Og það er vist, að öðrum flokkum þótti Sjálfstæðisflokkurinn heppinn, er hann fékk þvilíkan afburðamann í lið með sér. Eitt dæmi er um það, þegar Bjarni hafði gegnt starfi borgarstjóra í þrjú ár, þá áttum við Jónas, fyrrv. ráðherra frá Hríflu, langt samtal um landsmál yfirleitt. Þá varð honum m. a. að orði: „Mikið eruð þið Sjálfstæðismenn öfundsverðir að eiga Bjarna fyrir borgarstjóra, þennan hraðgáfaða og afburða duglega afkastamann.“

Ég þakkaði Jónasi fyrir hans sönnu ummæli og svaraði því, að ég gleddist yfir því, að fleiri virtust kunna að meta Bjarna en við Sjálfstæðismenn.

Þeir urðu fljótt mjög samrýndir Bjarni og Ólafur Thors, sem tók við formennsku Sjálfstæðisflokksins við lát Jóns Þorlákssonar, því að Bjarni var frá byrjun starfs síns í flokknum ætíð kvaddur til ráða. Í samstarfi þeirra Bjarna og Ólafs, kynntist ég Bjarna vel, því að vinátta og samstarf mitt við Ólaf var mjög náð, og mikið gladdist ég yfir því, hve samstarf þeirra Bjarna og Ólafs var innilegt. Þar virtist ekkert bera á milli, þjóðinni allri til ómetanlegs gagns. Ég átti mjög mikið samstarf við Bjarna, einkum þó, meðan ég starfaði í niðurbjórnunarnefnd Reykjavíkur, og bar þá undir hann ýmis vandamál, sem hann leysti oftast með velvilja sínum og óvenjulegri skarpskyggni. Sama má segja um alla hans löngu ráðherratið.

Þá ræddi ég við hann um alls kyns málefni, bæði vegna mín og þó einkum annarra. Mér tók hann alltaf með sama vinnuhug frá byrjun samstarfs okkar, alltaf hafði hann nægan tíma til að hlusta á kvabb mitt og leysti það, ef nokkur möguleiki var á því.

Bjarni var einn af þeim fátægum mönnum, sem ég vilði heldur fá neitun frá, en mörg já frá öðrum mönnum. Ef Bjarni sagði nei, vissi ég, að málið var ekki hægt að leysa.

Nú er hans viðkvæma og tilfinningaríka hjarta hætt að slá, er hann ásamt elskaðri og mikilvægri eiginkonu og ungum dóttursyni er kvaddur héðan.

Drottins vegir eru óskiljanlegir. Í mikilli sorg og djúpri lotnæmu eru þau kvödd.

Sigurhjörn Þorkelsson.



SJALDAN mun sviplefum tíðindum hafa verið tekið með svo almennri þögn af öllum landslýð sem fregninni af brunanum á Þingvöllum aðfaranótt 10. júlí s.l. Hvort sem hugsunin beindist að sjálfum forsætisráðherranum, frú Sigríði eða litla Benedikt Vilmundarsyni sóttu svo margvislegar tilfinningar að í senn, að öll orð náðu jafn skammt. Mér finnst ég hafa tekið eftir því, að fólk hefur síðan talað um alla aðra hluti, eins og það væri í því skyni að forðast að minnast á það, sem því var samt sífellt í huga.

Þegar ég get ekki að því gert að hripa þessar línur, er það

framar öllu til þess að sýna einhverntítt á því, þótt daufur verði, sem ég hef lengi átt vansagt um Bjarna Benediktsson.

Persónuleg kynni mín af Bjarna náðu yfir 38 ár, frá því er hann hafði einungis fjóra um tveitugt og varð samkennari minn í háskólanum. Mér er engin launung á því, að þessi kynni voru löngum „slitin af sennum og sáttum“, ágreiningi um stærri og smærri mál, sem hvorugur hirti að breiða yfir, en aldrei persónulegs eðlis. Vissulega gat hann verið þykkjuþungur. En þegar ég lit aftur, verð ég að játa, þótt ekki sé kinnroðalaust, að allt það, sem betur og bezt fór í samskiptum okkar, einkanlega síðustu níján árin, var fremur honum en mér að þakka.

Bjarni Benediktsson átti sér mikinn og merkilegan þroskaferil. Á þeim ferli skapaðist vitanlega ekkert nýtt, heldur var einungis um hlutfall milli erfða og eðlisþátta að tefla. Hann var í senn óvenjulegur skapmaður og vitmaður, vigræfur og viðkvæmur. Það þurfti mikinn þrótt og heilbrigðan kjarna til þess að halda þessu öllu í því jafnvægi, sem honum einnast lánadist framur og framur að gera.

Ætla mátti, að maður með svo langan og fjölbreyttan starfsferil að baki, sem háskóla kennari, borgarstjóri, þingmaður, ritstjóri og ráðherra, hefði þegar sýnt allt, sem í honum bjó. En því fór fjarri. Ekkert af því, sem honum hafði til að mynda auðnast að rita, sýnir til neinnar hlitar hina fátægu yfirsýn hans um samtíð sína og dýpsta sagnfræðilega skilning hans á mönnum og málefnum, sem hafinn var yfir alla baráttu líðandi stundur. Sumt af þessu hafði varla ennþá borið þroskaða ávöxtu í störfum hans. En mér finnst, að svo mikill missir, sem var að honum eins og hann var, sé mér enn sárara að gera mér í hugarlund, hvað hann hefði enn getað orðið.

Sigurður Nordal.



Ég hafði orðið fyrir sárrí persónulegri sorg, skömmu áður en að hvarfregnin mikla barst frá Þingvöllum. Það var því eins og ég skildi enn betur hversu geigvænlegur sá atburður var, er frú Sigríður Björnsdóttir, maður hennar Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra og ungt barnabarn þeirra, brunnu þar öll inn, í minningarrikum bústað forsætisráðherra, á hinum fornhelga stað. Þessi átakanlegi atburður vakti einlæga sorg bæði hérlendis og erlendis.

Ég var einn af þeim, er kynntust Bjarna Benediktssyni talsvert náð, bæði sem stjórnmálamanni og manni. Við sátum saman í ríkisstjórn tæp þrjú ár, sinn frá hvorum flokki með ólíkar stjórnmálaskoðanir í innanlandsmálum, en vissulega bar ekki margt á milli í utanríkismálum. Ég kunn þá, ekki sízt á þessu tímabili, að meta afburðahæfni og á mörgum sviðum mikla vísni þessa stjórnmálamanns. Ég var þá og er enn þeirrar skoðunar að Bjarni Benediktsson væri einn af þeim fáum íslenskum, er borið gæti uppi það tignarheiti, er Bretar kalla **statesman**.

En Bjarni Benediktsson var ekki einungis óvenjulega merkur stjórnmálamaður. Þeir sem báru gæfu til að kynnst honum náð persónulega vissu vel hversu tryggur hann var, og mikill vinur vina sinna. Hann var einnig svo lánsamur að eiga ágæta eiginkonu, þar sem frú Sigríður var. Og ósjálfrátt dettur manni í hug Njáll og Bergþóra, og jafnvel í því sam-



Heimsóknin til Israels. Bjarni og Sigríður með Eban og Eshkol.

bandi bruninn á Bergþórshvoli. Og þó að engan samannburð sé unnt að gera á brunanum á Bergþórshvoli og sumarbústaðnum á Þingvöllum, þá hefði það verið frú Sigríði líkt að hegða sér eins og Bergþóra og vilja láta eitt yfir þau hjón ganga, þótt hún hefði átt annars kost.

Þau sérstöku sámdarhjón, frú Sigríður og Bjarni Benediktsson voru vissulega að fornum lýsingarhætti, bæði drengir góðir. Kona mín og ég kynntumst þeim mæta vel og fengum ekki fullþakkað. Og ekki mun ég gleyma þeim látláusu og innilegu orðum, er Bjarni Benediktsson skrifaði og birtust á úttardeggi Helgu konu minnar. Hefi ég fulla ástæðu til að ætla að það hafi verið síðustu rituðu orðin, er birtust eftir hann, áður en hann féll frá.

Vinir frú Sigríðar Björnsdóttur og Bjarna Benediktssonar minnst þeirra með djúpum söknuði og sárrí sorg og votta börnum þeirra og öðrum aðstandendum alúðar samúð.

Stefán Jóh. Stefánsson.



Persónuleg kynni mín af Bjarna Benediktssyni voru orðin löng, eða allt frá unglingsárum mínum, er ég bar gæfu til að kynnst foreldrum hans frú Guðrúnu og Benedikt Sveinssyni að Skólavörðustíg 11a. Þar var þjóðrækið menningarheimili, og verður mér Benedikt ávallt ógleymanlegur, veldur því fleira en eitt, sem ekki verður talið hér frekar. Má segja að ég tæki vináttu þeirra systkina í arf eftir foreldra þeirra.

Einna oftast hitti ég Bjarna að máli af þeim systkinum. Að öðrum óstöðum þykir mér sennilegt að hann hafi verið einna best lesinn af stjórnmála mönnum vorum. Honum voru til tækjar setningar úr fornritunum, og má segja að eplið félli ekki langt frá eikinni þar sem faðir hans var. En engan mann hefði ég heyrt tala móðurmál vort jafn fallega og Benedikt Sveinsson. Hefi ég raunar getið þess áður í blaðagrein hér í Morgunblaðinu, en aldrei er góð visa of oft kveðin.

„Íslenskar bókmenntir verða ávallt bakhjarl tungu okkar og menningar á öllum öldum.“ Þetta eru orð Bjarna Benediktssonar í Morgunblaðinu í júní 1967, tala þau sínu máli og þarf þar engu við að bæta.

Ég sakna Bjarna Benediktssonar og það munu allir gera

sem þekktu hann og þeir voru margir. Hann var manneskjulegur og drengur góður.

Síðast hitti ég forsætisráðherra hjónin að máli í gestaboði í Ráðherrabústaðnum á Þjóðhátíðardaginn 17. júní s.l. Eigi grunaði mig þá að þau yrðu burt kölluð nokkrum dögum síðar. Sem Njáll og Bergþóra fylgdust þau að yfir móðuna miklu, að strönd eilífðarinnar, sem biður vor allra.

Ég kveð þennan látna vin minn með orðum þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar er hann frétti lát Bergs Thorbergs, landshöfðingja, árið 1885.

„Aldrei er svo bjart yfir öðlingsmanni, að eigi geti syrt eins sviplega og nú;

og aldrei er svo svart yfir sorgarranni,

að eigi geti birt fyrir eilífa trú.“

Stefán Rafn.



Við, sem áttum því láni að fagna að starfa með dr. Bjarna Benediktssyni, forsætisráðherra, erum ekki í vafa um, að hann er einn svipmesti maður á Íslandi á okkar öld. Sagan leggur síðar mat á ævistarf hans. Sú saga verður þéttsettari stórum atburðum og órlagarikum en títt er um sögu annarra manna.

Dr. Bjarni Benediktsson hlustaði í æsku á föður sinn rekja þætti íslensks mannlífs af spjöldum sögunnar og alla sína ævitið gaf hann sér tíma til að hlýða á menn úr öllum stéttum þjóðar sinnar. Allt var þetta geymt traustu minni. Af þeim kynnum og þekkingu af högum ælmenningi, sem þannig var aflað, greindi hann af skarpskyggni og rökhyggju kjarnann frá hisminu, enda lánadist honum að leiða þjóð sína fram til farsælla og frjórna lífs í stórum áföngum.

Mér er harmur í huga. Góður vinur og farsæll leiðtogi er fyr irvaralaust kallaður burt. Ekki verður framur komið til móts við þau göðu hjón, frú Sigríði Björnsdóttur og dr. Bjarna Benediktsson, þar sem spakvitur maður leiddi umræður og hans góða kona gekk um sali og gæddi umhverfi þokka og friði. En allt um það ber að þakka þeim, sem gefur og tekur. Við þökkum líf þeirra hjóna og starf, sem svo ríkulegan ávöxt hefur borið. Við þökkum vináttu þeirra og vökula forystu um málefni íslenskrar þjóðar og við þökkum það for-

dæmi, sem þau hafa gefið hverjum og einum Íslendingi að halda til jafns við þegna annarra og stærri þjóða í krafti þess arfs, sem okkur er gefinn og hertur er í raun aldanna.

Steinþór Gestsson.



TIL eru þeir menn, þó að fáir séu með hverri þjóð, sem eru svo mikillar gerðar, að þjóðfélagið skiptir um svip og þjóðin er ekki söm og áður er þeir hverfa af sviðinu. Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, var einn þessara manna. Hygg ég, að margir hafi til þess fundið er út barst sú hvarfregnin, að hann hafi farist í eldi á Þingvöllum ásamt ágætri og mikilvægri konu sinni og ungum og efnilegum dóttursyni.

Á fjórða tug ára hefur dr. Bjarni verið meðal áhrifamestu stjórnmálamanna þjóðarinnar og hin síðustu árin mestur valdamaður hennar. Hann var djarfur foringi, skapmikill og kappfullur, skarpgáfaður, óvenjulega þróttmikill og skýr ræðumaður og harður baráttumaður fyrir hverju því máli, er hann beitti sér fyrir. Eru þau mál bæði mörg og stór er hann bar fram til sigurs eða átti ríkan þátt í að leiða til farsælla lykta fyrir þjóðina. Verður sú saga ekki rakin í þessum fáu kveðjuorðum.

Dr. Bjarni deildi oft hart á andstæðinga sína og þeir á hann. Fylgdi hann oft málum sínum fram með miklu kappi. Munu þeir, er ekki kynntust honum náð, muna hann best sem hinn harða og snjalla baráttumann, en veita því síður eftirtækt að hann var einnig og eigi síður mikill friðarinn maður, hinn mikli málamiðlari, bæði í ríkisstjórnun og á Alþingi. Hygg ég það ekki of mælt, að hann hafi oft metið meira að ná samlegri lausn á málum með traustu og viðtæku samkomulagi, þótt hann yrði nokkuð að hliðra til fyrir andstæðingum, en að knýja fram sér hugstæðari lausn með tæpum meirihluta og tvísýnni endingu. Geri ég þetta að umtalsfni m.a. sökum þess, að ég hef á undanförunum árum haft sérstaka aðstæðu til að kynnst þessum þætti í fari hins kappfulla og harðsækna baráttumanns.

Ég kynntist dr. Bjarna fyrst í menntaskóla og háskóla og tókst þá með okkur góður kunningskapur, sem hélzt þótt við værum um alllangt skeið sinn á hvoru landshorninu. Síðar, er dr. Bjarni var orðinn ráð-

herra en ég ríkissáttasemjari, urðu kynni okkar og samstarf miklu nánari en áður og þó einkum hin síðustu ár eftir að dr. Bjarni hafði tekið við embætti forsætisráðherra af Ólafi Thors.

Á þessum árum þurfti ég oft til hans að leita, er leysa þurfti harðar og víðtækur vinnudeilur, og brást mér aldrei hans liðsinni. Er ekki rúm til að rekja þá sögu hér, en þá má þó segja, að margar þinar erfiðustu deilur voru leystar með tilstilli og beinni aðstoð dr. Bjarna. Kynntist ég þá til hlitar hvernig hann gat látið kapp sitt víkja fyrir friðsamlegri lausn mikilla vandamála. Kom sér þá vel að dr. Bjarni var hverjum manni fljóttari að átta sig á aðalatriðum hvers máls og að andstæðingar hans báru til hans það traust og að þeir gátu veitt honum trúnað sinn, þótt hnútum væri kastað um borð. Auðveldaði þetta dr. Bjarna mjög alla málamiðlan. Þetta samstarf okkar leiddi til slaukinnar vináttu, sem ég fæ ekki full þakkað.

Dr. Bjarni Benediktsson var mikill drengskaparmaður og átti þann aðal ágætismannsins, að maður hlaut að meta hann því meira og þykja þeim mun vænna um hann, sem maður kynntist honum nánar. Ég kveð Bjarna vin minn og hina ágætu konu hans með djúpum söknuði og sendi öllum, skyldum og óskyldum, er nú syrgja þau og hinn unga dótturson þeirra, mínar innilegustu samúðarkveðjur.

Torfi Hjartarson.



Nú reikar harmur í húsum og hryggð á þjóðbrautum, kvað Jónas endur fyrir löngu eftir einn af ágætum sonum Íslands. Þau orð hefur þjóðin einatt mátt taka sér í munn, en sjaldan eða aldrei hefur hún orðið reyntu þeirra ríkari með jafn sviplefum hætti og síðustu dag ana.

Að sjálfsgöðu eru slysfarir ávallt harmsefni, þó að þær séu oss misjafnlega nærgöngul ar. Þær verkja heilbrigðum manni geig og minna oss á, að öll erum vér börn hverfanda hvels. Það sætir því ekki tíðindum, þótt vinum þeirra hjóna Bjarna Benediktssonar og Sigríðar Björnsdóttur, þyki nú allt snauðara orðið við fráfall þeirra, og þá er það ekki síður sjálfgefið mál, að djúpur söknuður segi til sín meðal þeirra, er nutu forustu hins mikilhæfa leiðtoga og áttu við hann náð samstarf. Hitt kann að segja meiri sögu, hversu forvíg ismenn úr öllum andstöðuflokkum hins látna forsætisráð herra hafa harmað fráfall hans og lokið á hann lofsorði af ein lægni og drengskap.

Bjarni Benediktsson átti skammt að sækja skarpar gáfur og mikla mannkosti. Hann ólst upp í andrúmi íslenzkrar sjálfstæðisbaráttu og saga Íslands var honum í blóð borin. Þeir, sem þekktu hann á unglingsárum, munu flestir hafa ætlað, að fræðaiðkanir, einkum í íslenzkri sögu, yrðu meginviðfangsefni hans, og þegar hann tók við prófessorsembætti við Háskóla Íslands, mátti enn gera ráð fyrir, að sú yrði raunin á. Þetta réðst þó á annan veg, og minnst ég þess, að er hann fáum árum síðar hvarf til annarra starfa, hafði merkur samkenndari hans orð á því við mig, að þar hefði íslenzkri sagnfræði glatazt vænlegur afreksmaður. Nú munu samt fáir harna, hversu til tókst. Þó að honum gæfist aldrei tóm til að sinna fræðidkunum að því marki, sem hugur hans stóð sennilega til, lífði saga Íslands hið innra með honum sterkara

lífi en með flestum öðrum, og hún varð honum í einu slík kvöð og köllun, að enginn manlegur máttur hefði þokað honum um hársbreidd frá trúnaði við íslenzkan málstað og íslenzka hagsmunum.

Það hygg ég, að fleiri en ég hafi fengið því meiri mætur á Bjarna Benediktssyni sem lengra leið á ævina. Í stað þess, sem dæmi eru til, að hörð og óvæginn stjórnmálabarátta ýmist bugar menn eða herðir þá um skör fram, virtist hún auka honum æ meir þann mannlega styrk, sem fólgin er í mildi og umburðarlyndi. Í raun var hann um margt fulltrúi þess húanisma, sem látið hefur eftir sig flest það geðfelldasta í evrópskri menningu tvær síðustu aldirnar.

Í þessum fáu kveðjuorðum verður lítt vikið að því, sem mér má þó vera ofarlega í huga, en það er persónuleg þakarskuld mín við Bjarna Benediktsson fyrir óbrigðula vin-


um minninguna um þau verða okkur hvatningu til meira starfs, ættjörð okkar til blessunar. Það eitt er minningu þeirra samboðið. Við biðjum góð að Guð að styrkja ástvinu þeirra í þungri raun.

Ög þannig mun mynd þeirra varðveitast okkur, þar sem hús in tvö, sem voru svo táknræn fyrir líf þeirra beggja, verða jafnan í baksýn.

Þorgerður Sigurðardóttir.



Ég er enn vart búinn að átta mig á því, að Bjarni Benediktsson forsætisráðherra sé horfinn af sjónarsviðinu. Fyrir fáum dögum, þegar ég sá hann síðast, fannst mér, að hann mundi enn um langt skeið ráða miklu um stórmál og stefnumál þjóðarinnar, bæði inn á við og út á við. Flokksmenn hans máttu ekki vera án hans, og andstæðingar hans ekki held-



í vínahópi, marz 1962.

semd og hlýhug í fjóra áratugi. Með miklu þakklæti minnst ég einnig hinnar góðu og göfuglyndu konu hans, sem alls staðar, heima og heiman, bar með sér sjaldgæfa birtu og vinarþel. Og þá vil ég ekki heldur gleyma sveininum unga, Benedikt Vilmondarsyni, sem hvarf með svo miklar vonir frá undrun og fögnuði bernsku sinnar. Ef til vill verður það ekki hvað sízt minningin um hann, sem að lokum varpar svo sárum blæ yfir hinn hræðilega harmleik.

Öll kveðjum vér hin látnu í djúpri virðingu og þökk og biðjum ástvinum þeirra þreks og líknar.

Tómas Guðmundsson.



Dómkirkjan og Alþingishúsið standa saman í hjarta Reykjavíkurborgar og verða oft að einni samfelldri mynd þess, sem bæta á líf okkar og fegra.

Inn í þessa mynd falla nú í dag forsætisráðherrahjónin okkar, frá Sigríður Björnsdóttir og dr. Bjarni Benediktsson, tveir ólíkir stofnar úr sama jarðvegi, sem runnu saman til þess að gera líf okkar betra og fegurra.

Við, konur í „Hvöt“, félagi Sjálfstæðisvænna, þökkum þeim nú þetta að leiðarlökum, dr. Bjarna trausta, framsýna og drengilega forystu flokks okkar og frá Sigríði samstarfið inn an „Hvatar“, þar sem hún vann ómetanlegt starf. Þar var hún hin styrka stoð, sem með glæsileika, glaðværð og ljúfmennsku laðaði okkur til þess að vinna öll þau störf, sem hún var sjálf ætíð reiðubúin til að inna af hendi, í trausti þess að það yrði okkur öllum til góðs.

Allt þetta þökkum við nú í dag, og strengjum þess heit að verða alltaf minnugar hins fagra fordæmis þeirra góðu og göfugu hjóna, sem við kveðjum nú með sárum trega. Lát-

hver þessara flokka velja sinn ráðherra, en þar sem Heimastjórnarflokkurinn var fjölmennastur skyldi hann velja forsætisráðherra. Framsóknarflokkurinn og þeir þingmenn sem voru í kosningabandalagi við hann, völdu Benedikt Sveinsson með sex atkvæðum. Þrjú atkvæði féllu á aðra. En forsætisráðherra krafðist þess að Framsóknarmenn völdu ráðherraefni úr sín um eigin flokki, og sú varð og endalyktin. En ég get þessa til að sýna hversu mikils trausts Benedikt naut á þeim árum hjá Framsóknarmönnum, og hversu náð samband var þá milli meiri hluta þingmanna hins nýstofnaða Framsóknarflokks og þingmanna Sjálfstæðisflokksins.

Benedikt Sveinsson var með al glæsilegustu manna þjóðarinnar í sjón, friður sýnum, drengilegur og karlmannlegur. Hann var afburðagóður ræðumaður, málsnjall og rökvisi. Hann var mjög vel að sér í sögu þjóðarinnar og bókmenntum hennar, fornnum og nýjum. Hann var forseti neðri deildar Alþingis 1920–1930. Betri forseta en hann, hefði deildin ekki getað valið vegna skörungsskapar hans, glöggsýni og óhlutdrægni í úrskurðum.

Kona Benedikts, frá Guðrún Pétursdóttir frá Engey, var gáf uð og dugleg skapfestu kona. Jafnframt því, sem hún stjórnaði stóru heimili með ágætum, lét hún sig þjóðmál miklu skipta, sérstaklega þó réttindamál kvenna.


Ég átti því láni að fagna með an ég átti sæti á Alþingi og einnig síðar, að kynna þeim hjónum allmikið og einkum þó Benedikt. Þau buðu mér oft heim til sín, og oft kom ég þang að óboðinn, en jafnan var mér tekið með alúð og sem heimilsvini.

Síðar kynntist ég sonum þeirra hjóna, en Sveini þó mest. Bjarna kynntist ég talsvert, sérstaklega þó eftir að ég var fluttur búferlum til Reykjavíkur. Öll voru þau kynni á einn veg. Öll góð. Hjá honum fann ég sameinaða eðliskosti foreldra hans. Persónuleiki hans var óvenjulega sterkur. Ég hygg að Íslandssagan muni í framtíð telja hann meðal beztu sona þjóðarinnar.

Ég efast um, að á síðari öldum hafi þjóðin orðið eins harmi lostin og nú, er hún frétti um lát Bjarna Benediktssonar, forsetisráðherra, konu hans frá Sigríður Björnsdóttur og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmondarsonar.

Innilegustu samúð mína vil ég votta öllum ástvinum forsætisráðherrahjónanna og litla drengsins, sem fylgdi afa sinum og ömmu.

Þorsteinn M. Jónsson.



Nafn Bjarna Benediktssonar var ávallt tengt Háskóla Íslands. Héðan lauk hann glæsilegu lagaprófi og hér hófst ein staður ferill hans, er hann gerðist prófessor, 24 ára að aldri. Orðstír hans í þessum skóla hefur lifað. Hér hefur hans ætíð verið minnst, sem framúrskarandi fræðimanns og kennara. Tengsl Bjarna við Háskólann rofnuðu aldrei. Skólinn heiðraði hann sem vísindamann með því að veita honum nafnbót heiðursdoktors.

Hvernig minnumst við stúdentar úr hópi Sjálfstæðismanna fallins foringja okkar? Hann var persónugervingur þeirra hugsjóna, sem við teljum flokk okkar reistan á. Sá flokkur, er á sér enga hliðstæðu, fremur en sú þjóð, er hann þjórnar. Bjarni Benediktsson átti sér köllun, er hann helgaði alla lífsorku sína og hæfileika. Sú köllun var að vinna þjóð sinni það, er hann mátti.

Hann var stéttum ofar. Enginn einn hópur eða stétt gat með réttu eignað sér stjórnmála manninn Bjarna Benediktsson. Hann var maður íslenzku þjóðarinnar, sem hann unni og skildi. Sjálfstæðisflokkurinn, flokkurinn, sem Ólafur og hann mótuðu ber þeim vitni. Kjölfestan í lífsskoðun Bjarna Benediktssonar var frelsið. Í ræðu þeirri, er hann hélt á síðasta landsfundi Sjálfstæðisflokksins, orðaði hann megininntak skoðunar sinnar á þessa leið:

„Hvorki hin íslenzka þjóð né einstakir Íslendingar fá haldið frelsi sínu og sjálfstæði nema allsherjarhagsmunna sé gætt. En frelsi og sjálfstæði er sá aþvaki, sem Íslendingum hefur bezt dugað. Ef við sjálf dugum þeirri háleitu hugsjón, mun Íslandi vel vegna, bæði í bráð og lengd.“

Þjóðin, sem Bjarni Benedikts son helgaði líf sitt, gerði sér ef til vill fyrst ljósa köllun hans, þegar vátíðindin þyrmdu yfir á föstudagsmorgun. Þann dæmma dag brast eitthvað í hjarta hvers Íslendings. Eitthvað, sem tengt hafði þjóðina þessum sterka manni.

Við flokksmenn Bjarna Benediktssonar vitum, að það skarð, sem myndaðst við fráfall hans verður aldrei fyllt. En merki foringja okkar má ekki niður falla. Það verður að hefja á nýjan leik og feta þá braut hliks laust, er hann varðaði. Þá mun þjóðinni vel farnast. Sagan mun varðveita minningu mannsins, sem gaf þjóð sinni allt.

Þór Whitehead, stud philol.



Bjarni og Sigríður taka á móti ungum Sjálfstæðismönnum á Þingvöllum 27. júní sl.

FIMMTUDAGUR 16. JÚLÍ 1970

Minningarathöfn í Stokk-hólmi

MINNINGARATHÖFN um dr. Bjarna Benediktsson, forsætisráðherra, konu hans, frú Sigríði Björnsdóttur, og dótturson þeirra, Benedikt Vilmondarson, fer fram á heimili sendiherra Íslands í Stokk-hólmi.

Minningarathöfnin, sem er fyrir Íslendinga í Svíþjóð, fer fram kl. 11 árdegis n.k. laugardag. Séra Tómas Guðmundsson og séra Kristján Búason flytja ritningarorð og bæn, en sendiherrann, Haraldur Kröyer, flytur minningarorð.

Lokað frá hádegi vegna útfararinnar

OPINBERAR skrifstofur verða lokaðar frá hádegi í dag vegna útfarar forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra.

Þá verða skrifstofur borgarinnar lokaðar frá hádegi, svo og bankar, en aðrar skrifstofur og verzlunir verða lokaðar frá kl. 13 til 16.



Bruninn í viðgerðarverkstæði S.V.R. — Ljós. Sv. Þorm.

Tugmilljónatjón í bruna hjá SVR

— Slökkviliðið að störfum í sólarhring — Vonast er til að ekki verði tafir á ferðum vagnanna

STÓRBRUNI varð í Reykjavík í fyrrinótt, er verkstæðisbygging Strætisvagna Reykjavíkur á Kirkjusandi brann til kaldra kola, þrjú strætisvagnar og allar varahlutabirgðir fyrirtækisins. Eiríkur Ásgeirsson, forstjóri

S.V.R. tjáði Mbl. í gær að tjón fyrirtækisins væri einhvers staðar á bilinu frá 10 til 15 milljónir króna. Verði engar stórbílanir á þeim 46 vögnum fyrirtækisins, sem eftir eru, sagðist Eiríkur bjartsýnn á að engin teljandi óþægindi yrðu af þessum bruna fyrir Reykjavíkinga. Eldsupptök voru í gær ókunn og í rannsókn. Tilkynning um eldinn barst slökkviliði og lögreglu í fyrrinótt kl. 03.50. Var slökkviliðið þá að koma úr kalli frá Álftheimum. Er að Kirkjusandi kom var

verkstæðisbygging Strætisvagnanna alelda. Eldtungur stóðu upp úr þaki í norðausturenda hússins, út um glugga á norðvesturhlíð og út um aðaldyr, sem stóðu opnar á suðvesturenda hússins.

Þrjú menn, sem voru að vinna við það að þvo og hreinsa vagnana tilkynntu um eldinn. Hringdu þeir til lögreglunnar, en strax á eftir ætluðu þeir að hringja annað, en þá rofnaði allt símasamband. Gluggarúður í þvottastöðinni sprangu af hitan-

um, en að öðru leyti tókst slökkviliðinu að verja hana skemmdum.

Slökkviliðið réðst þegar að eldinum með öllum tiltækum ráðum og eftir um það bil klukkustund, var eldurinn slökktur. Í byggingunni, sem var gamalt fiskhús, var töluverður fjöldi gas- og súrefnishylkja, sem notuð eru til logsuðu og hitnuðu þau mikið — þó án þess að springa. Til öryggis og vegna sprengihættu, sem stafar af þess um hylkjum, fékk enginn að fara inn í rústinar í gær, því að nauðsynlegt er að kæla hylkin að minnsta kosti sólarhring. Framhald á bls. 31

Alvarlegt slys

NÆR sextugur maður varð fyrir bifreið á gatnamótum Suðurlandsbrautar og Langholtsvegur í gær um kl. 18.16. Slasaðist maðurinn mjög alvarlega og var fluttur í slyshadeild Borgarspítalans og þaðan í Landakotsspítala. Óttast var, að maðurinn væri höfuðkúpubrotinn.

Tildrög slyssins voru þau, að frambyggðri Dodge sendiferðabifreið var ekið austur Suðurlandsbraut. Við gatnamót Langholtsvegur, sunnan megin götunnar, stóð maðurinn, er bifreiðina bar að, og hélt bifreiðastjórninn, að hann myndi bíða

á meðan hann æki framhjá. Sú varð ekki raunin. Maðurinn gekk út á götuna, norður yfir hana, og varð fyrir hægra framhorni bifreiðarinnar, er hann var kominn skammt út á malbikið. Merki um viðkomu mannsins við bilinn voru á þakrennuendanum að framan, hægri lukt og stuðaraenda. Ekkert benti til þess að hann hefði orðið undir hjólum bílsins. Maðurinn kastaðist út af malbikinu og lá er að var komið á malar-kanti sunnan brautar. Hann var meðvitundarlaus.

Laxárbaendur gegn Laxárvirkjun:

Krefjast þess að setudómari víki í málinu

Í GÆR þingaði setudómari, Magnús Thoroddsen, á Húsavík í lögmannsmáli því, sem Félag

Laxá. Lögmenn, Sigurður Gizurarson, hdl., fyrir landeigendur og Friðrik Magnússon, hrl., fyrir Laxárvirkjun, mættu svo og Árni Árnason, stjórnarformaður Norðurverks h.f., sem annast framkvæmdirnar, en undirbúningur að þeim hófst fyrir nokkru. Ýmis skjöl í málinu voru lögð fram, en síðan lagði lögmaður landeigenda fram kröfu um, að setudómari víki og var sú krafa tekin til úrskurðar. Er hans að vænta í dag.

Kröfuna rökstuddi lögmaður landeigenda með því, að setudómari í málinu og Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, sem hefur verið ráðgefandi verkfræðingur Laxárvirkjunnar, væru skyldir en þeir eru af öðrum og þriðja. Þá voru fyrirhuguð virkjunarmannvirki hönnuð á skrifstofu Sigurðar Thoroddsen ef.

Félag landeigenda krefst þess, að lögmann verði lagt við virkjunarframkvæmdunum og þegar málið kom fyrst upp, vék Jóhann Skaptason, sýslumaður, úr sæti í því samkvæmt eigin úrskurði. Var Magnús Thoroddsen, borgardómari, þá skipaður setudómari í málinu í stað sýslumanns.



Nokkrir gestanna ganga frá þotunni inn í flugstöðina á Keflavíkurflugvelli. Lengst til vinstri er Per Borten, forsætisráðherra Norðs. Fremst á myndinni er Sven Eric Nilsson, settur forsætisráðherra Svíþjóðar ásamt konu sinni. (Sjá frétt á bls. 3). Ljós. K. Ben.